BJÖRN BRAGI BRAGASON KOKKUR

*Allt ferskt hráefni er gott*

Matur

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**birta**

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Vill hreyfa við hlutunum

Dönsk tíska - Léttir pastaréttir

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. mars 2006 — 68. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

### Kúrekinn selur Kántrýbæ



Hallbjörn Hjartarson hefur ákveðið að selja Kántrýbæ og Útvarp Kántrýbæjar. Hann segir sögu kántrýmenningar á Skagaströnd lokið.

TILVERAN 16

### Birtingur og Framsókn

Fáir reiknuðu þó með því að Árni Magnússon færi úr pólitík að eigin ósk, eins og niðurstaðan varð í vikunni, segir Birgir Guðmundsson. Þetta var óvænt og gefur tilefni til að ætla að framsóknarmenn hljóti í framhaldinu að tileinka sér háspekisguðfræðialheimsviskukenningu Altúngu.

Í DAG 26

### Sigurgeir Sigurjónsson



Hefur verið á þriggja mánaða ferðalagi um Argentínu og verður meðal boltabullna í kvöld.

FÓLK 42

### Keflavík deildarmeistari



Deildarkeppninni í körfuboltanum lauk í gær. Keflavík vann uppgjör efstu liðanna gegn Njarðvík og er því með heimavallarrétt út úrslitakeppnina. Haukar björguðu sér fyrir horn.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMUSVÆÐI Á LEIÐ YFIR** Nú í morgunsárið er stíf austanátt við suður- og vesturströndina en lægir þegar líður á daginn. Rigning eða slydda þar en í kvöld verður snjókoma eða slydda norðan- og austan til. Hiti 0-5 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4






FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS MÖLLER



**ÍSLENSKA ÚTRÁSIN KYNNT Í KAUPMANNAHÖFN** Danir sýndu íslensku viðskiptalífi mikinn áhuga í gær en þá mættu um þúsund manns í Tivolí í Kaupmannahöfn til að hlýða á erindi þeirra Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, Ágústs Guðmundssonar, stjórnarformanns Bakkavarar, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, og Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar. Fimmmenningarnir sögðu fundinn kærkomið tækifæri til að upplýsa Dani um íslenskt viðskiptalíf. **Sjá síðu 6**

# Keyrði á til að losa sig undan hótunum

**Keyrt var þrisvar sinnum viljandi á bíl Jóns Baldurs Hlíðberg, fjölskylduföður úr Grafarvoginum, við Húsaskóla í fyrradag. Ökumaður bílsins reyndi að losa sig undan pressu frá þremur handrukkurum með því að keyra á.**

**LÖGREGLUMÁL** Keyrt var í þrígang vísvitandi á bíl Jóns Baldurs Hlíðberg skammt frá Húsaskóla í Grafarvogi í fyrradag.

Jón Baldur var nýbúinn að keyra tvö börn sín, tólf ára stúlku og níu ára dreng, í píanótíma þegar hann fann fyrir þungu höggi. „Ég var staddur skammt frá Húsaskóla þegar ég finn fyrir því að bíll keyrir aftan á mig. Þegar ég ætla að stoppa þá finn ég fyrir öðru þungu höggi aftan á bílinn. Við þetta högg færist bíllinn út fyrir veg.“ Jón hrekkur við og er í þann mund að reisa sig upp þegar hann sér bílinn koma í þriðja sinn. „Þegar ég lít út um hliðargluggann sé ég Toyota Lexus bifreið koma aðvífandi. Bíllinn kemur svo á töluverðum hraða inn í hliðina á bílnum mínum og hann kastast enn lengra og rúður í bílnum brotna. Ég sé svo bílinn keyra á brott og þeir fjórir sem í bílnum voru yfirgefa bílinn á næstu gatnamótum og hlaupa í burtu.“



**JON BALDUR HLÍÐBERG**



**BÍLLINN ILLA FARINN** Bíllinn skemmdist nokkuð og er óökufær eftir ákeyrslurnar. MYND/JÓN

Þórður Þórðarson, varðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík, segir útlit fyrir að ökumaður Lexus-bifreiðarinnar, sem hann var með í láni hjá frænda sínum, hafi reynt að keyra á bíl Jóns til þess að losna undan þrýstingi frá mönnunum þremur sem voru með honum í bíl. „Málsatvik eru enn svolítið óljós. Svo virðist sem farþegarnir í Lexus-bifreiðinni hafi hótað ökumanninum. Hann virðist svo ætla að koma sér út úr þeirri stöðu sem hann var kominn í með því að keyra á bílinn fyrir framan,” segir Þórður.

Ökumaðurinn var handsamaður skömmu síðar. Hann var yfirheyrður og síðan sleppt. Mennirnir þrír sem voru með honum í bíl hafa ekki verið yfirheyrðir.

Jón segist enn vera að jafna sig eftir þessa lífsreynslu. „Bíllinn minn er ónýtur eftir þessar ákeyrslur og þetta gerist allt saman rétt fyrir utan barnaskóla og sundlaug hér í nágrenninu. Það er óhugnanlegt til þess að vita að þetta skuli gerast á þessum slóðum.“

**-mh**

Þrír handteknir í Helsinki:

## Þroskaheft blekkt í vændi

**FINNLAND** Finnska lögreglan hefur handtekið þrjá menn sem hafa staðið að starfsemi vændishóps í Helsinki. Mennirnir fengu tíu eistneskar konur til landsins og þvinguðu þær í vændi. Þær voru læstar inni, fengu ekki að halda eftir nema fjórðungi af tekjunum og urðu að fá leyfi til að skreppa út í búð. Þær fengu ekki heldur að fara heim aftur þó þær óskuðu þess.

Í hópnum var 21 árs þroskaheft kona sem var blekkt til að koma til Finnlands með loforði um vinnu sem heimilishjálp. Hún var þvinguð til að taka á móti allt að 15 viðskiptavinum á dag. Lýst var eftir henni í Eistlandi og var hún þá send heim.

Rannsókn lögreglunnar beinist nú að því að upplýsa hverjir nýttu sér vændið. Hufvudstadsbladet segir að vændið hafi átt sér stað í Helsinki, Turku og Tavastehus. **- ghs**






Viðbrögð þingmanna misjöfn við greinargerð um áföll í fjármálakerfinu:

# Oftrú á embættismönnum

**EFNAHAGSMÁL** Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, telur skynsamlegt að leita eftir aðild Íslands að samkomulagi Evrópusambandslandanna um samvinnu fjármálaeftirlita, seðlabanka og fjármálaráðuneyta gegn efnahagsáföllum. Tillagan er sett fram í nýrri greinargerð starfshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um aðgerðir gegn áföllum í fjármálakerfinu.

Lúðvík Bergvinsson telur að með tillögunni sé stigið enn eitt skref í átt að fullri aðild að Evrópusambandinu. Hann efast aftur á móti um að það samrýmist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að stjórnvöld geti svipt eigendur eða stjórnendur fjármálastofnana völdum í neyðartilfellum. Í greinargerðinni er nefndur möguleikinn á að heimila Fjármálaeftirlitinu að taka sér vald hluthafafundar í fjármálafyrirtækjum við slíkar aðstæður. „Þessar hugmyndir bera með sér geysilega trú á hæfni opinberra starfsmanna,“ segir Lúðvík.

Pétur Blöndal vill ekki tjá sig um þetta atriði í greinargerðinni að svo stöddu.

**- jh**



## SPURNING DAGSINS

*Gísli, er alveg út og suður að flagga í hálfa stöng?*

„Ef allt fer norður og niður þá er kannski rétt að flagga í hálfa stöng.“

Gísli Einarsson, fréttamaður, vakti athygli Borgnesinga á því hvort ekki væri rétt að draga úr sorgarsvip staðarins með því að atvinnurekendur á staðnum hættu að flagga í hálfa stöng við hvert andlát og allar útfarir í bænum.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra í opinberri heimsókn í Noregi:

# Síldarsamningur í bígerð

**NOREGUR** Aðild að Evrópusambandinu er hvorki á dagskrá á Íslandi né í Noregi á næstu árum. Þetta kom fram í viðræðum Geirs H. Haarde utanríkisráðherra við Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, í opinberri heimsókn ráðherrans í Noregi í gær.



GEIR H. HAARDE UTANRÍKISRÁÐHERRA.

Geir sagði að aðild að ESB væri ekki á dagskrá hér á landi fram til ársins 2011 og norski utanríkisráðherrann sagði það sama gilda í Noregi fram til 2009 enda sé samið um það í norska stjórnarsáttmálanum.

Heimsókn ráðherrans hófst með áheyrn hjá Haraldi Noregskonungi í gærmorgun. Geir hitti forseta þingsins, utanríkismálanefnd og ráðherra. „Við fórum yfir mál sem tengjast tvíhliða samstarfi og samskiptum ríkjanna, og jafnframt efnahagsmálin, friðargæsluna, varnarmálin á Íslandi og svo ræddum við heilmikið um fiskveiðimál á norðurslóðum, ESB og EES sem við erum sammála um að gangi mjög vel,“ segir Geir.

Tvö vandamál milli ríkjanna voru ítarlega rædd, ágreiningur varðandi Svalbarðasvæðið og óánægja Íslendinga með samning sem Norðmenn gerðu við ESB um síldveiðar á síðasta ári.

„Við munum reyna að athuga hvort við getum náð síldarsamningi fyrir næsta ár þegar líður fram á árið. Kolmunnasamningur var í gildi í fyrra í fyrsta skipti og það er almenn ánægja með hann. Svo eru menn forvitnir um ýmislegt á Íslandi, til dæmis efnahagsmálin.“

Norskt-íslenskt verslunarráð verður stofnað í Noregi í dag. **- ghs**

Kona sem hafði skipt um kyn:

# Drengjahópur myrti konu

**PORTÚGAL** Brasilísk kona, sem gengist hafði undir leiðréttingu á kyni, var myrt í Portúgal fyrir nokkrum vikum. Morðið hefur vakið athygli vegna þess hversu ruddafengið það var.

Fjórtán ungir drengir af kaþólsku upptökuheimili réðust inn í hús konunnar í lok febrúar og misþyrmdu henni í nokkra daga. Drengirnir köstuðu henni svo ofan í 10 metra djúpa gryfju þar sem hún drukknaði.

Játuðu drengirnir verknaðinn. Í ljós kom að þeir höfðu lagt fórnarlambið í einelti um langt skeið. Morðið hefur vakið reiði um allan heim. **- ghs**

Landspítalinn dæmdur:

# Greiði konu sjö milljónir króna

**DÓMSMÁL** Landspítalinn var í gær dæmdur til þess að greiða konu á sextugsaldri sjö milljónir króna vegna varanlegrar örorku og miska sem hún varð fyrir þegar hún vann á speglunardeild Landspítalans.

Konan starfaði sem hjúkrunarfræðingur á speglunardeild Landakotspítala við Túngötu frá árinu 1988 en síðan á Borgarspítalanum í Fossvogi frá því í nóvember 1996 fram í nóvember ári síðar. Konan þjáðist af astma sem hún taldi að stafaði af notkun á efni sem innihélt glútaraldehýð. Það var notað til þess að hreinsa áhöld á deildinni.

Konan veiktist mikið og hefur í kjölfarið verið metin með tíu prósenta varanlega örorku. **-mh**



**ÚRSKURÐAÐUR Í GÆSLUVARÐHALD** Sveðjumaðurinn á yfir höfði sér allt að sextán ára dóm.

Sveðjuárás í Garðabæ:

# Gæsluvarðhald framlengt

**DÓMSMÁL** Búið er að framlengja gæsluvarðhald yfir ungum manni sem hefur verið ákærður fyrir sveðjuárás síðastliðið haust, til 5. maí. Hann hefur verið í gæsluvarðhaldi frá því í byrjun október þegar hann lagði til átján ára jafnaldra síns með sveðjunni við heimahús í Garðabæ.

Pilturinn hjó ítrekað í piltinn svo hann hlaut annars vegar skurð í höfuð og brákaða höfuðkúpu og hins vegar djúpan skurð á hönd, sinar; vöðvar og slagæðar voru höggnar í sundur. Auk þess lagði hann til félaga piltsins sem skipti sér að árásinni.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir fleiri árásir, meðal annars fyrir þátttöku í tveimur hópárásum. Úrskurðurinn hefur verið kærður til Hæstaréttar. **- gag**

Atvinnuleysi í Danmörku:

# Komið niður í fimm prósent

**DANMÖRK, AP** Atvinnuleysi hefur haldið áfram að minnka í Danmörku. Í janúar mældist það fimm prósent og þar með það minnsta í 30 ár en í desember var atvinnuleysið 5,1 prósent.

Atvinnulausir voru 139.600 talsins í janúar, samkvæmt opinberum tölum í Danmörku, en Danir eru 5,4 milljónir manna. Ástandið á dönskum vinnumarkaði hefur batnað hægt og bítandi frá því í desember 2003 en þá voru atvinnulausir 186 þúsund talsins. ■

# Heimsskortur á fuglaflensulyfjum

**Skortur er á fuglaflensulyfjum í heiminum, enda eftirspurnin mikil. Heilbrigðisyfirvöld hér ætla að kaupa talsvert af lyfinu Relenza, sem kemur ekki fyrr en í haust. Vilji er til að hafa ársbirgðir af dreypilyfi í landinu á hverjum tíma.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heimsskortur er á lyfjunum sem talin eru gagnast gegn fuglaflensu, svo sem Tamiflu og Relenza, að sögn Haraldar Briem, sóttvarnalæknis hjá Landlæknisembættinu.



HARALDUR BRIEM

Heilbrigðisyfirvöld hér á landi hafa lagt drög að kaupum á viðbótarmagni af öðru lyfinu og er gert ráð fyrir að það komi hingað til lands með haustinu.

„Það hefur verið svo lítil framleiðsla á þessum lyfjum undanfarin ár, að verksmiðjur hafa þurft að auka afkastagetuna. Það tekur tíma og eftirspurn er mikil í öllum heiminum,“ segir hann. „Það er verið að auka framleiðsluna, þannig að vonandi verður ekki skortur á næstunni. En hann er til staðar eins og er.“

Nú eru til staðar í landinu tæplega 90.000 meðferðarskammtar af inflúensulyfjum fyrir landsmenn. Til stendur að bæta við það magn á þessu ári og því næsta, að sögn Haraldar.

„Vandamálið er að þetta liggur ekki á lausu, en við stefnum að því að fá 4.000 skammta til viðbótar með haustinu og svo 16.000 skammta á næsta ári.

„Stærstur hluti þeirra birgða sem eru til í landinu er Tamiflu. Nú ætlum við að kaupa aðra tegund, sem er Relenza. Við viljum hafa aðeins meiri fjölbreytni í þessu, í stað þess að binda okkur við eina tegund. Það er þekkt að í sumum tilvikum getur veiran verið ónæm gegn tamiflulyfinu, en þá er ekki krossónæmi á Relenza, þannig að það er þá upp á eitthvað að hlaupa.“



**LYFJABIRGÐIR SÓTTVARNALÆKNIS** Þær lyfjabirgðir sem eru í landinu eru einkum tamiflulyf. Sóttvarnalæknir ætlar að kaupa inn aðra tegund, Relenza, sem væntanlega kemur til landsins í haust.

Haraldur segir enn fremur að verið sé að leggja drög af því að hafa ársbirgðir af dreypilyfi í landinu á hverjum tíma. Magnið sé reiknað út á þeim forsendum að metið sé hvað þungur inflúensufaraldur myndi þýða. Þörfin samsvari því að á farsóttarári væri notað sama magn á þremur mánuðum og þörf væri fyrir á venjulegu ári.

„Þá er auðvitað verið að athuga hvort hagkvæmara væri að hafa dreypilyfjaverksmiðju í landinu, en þetta er spurning um kostnað,“ segir hann og bætir við að dreypilyfin muni koma hingað til lands á árinu. Þau verði keypt erlendis frá og kaupin fari í ákveðið útboðsferli.

**jss@frettabladid.is**

Samningur undirritaður um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar:

# Mikilvægasta mósaíkverkið

**FRAMKVÆMDIR** Samningur hefur verið undirritaður um byggingu tónlistarhúss, ráðstefnumiðstöðvar og hótels við Austurhöfnina í Reykjavík. Samningurinn er milli Portus-hópsins, sem er í eigu Landsafls og Nýsis, og Austurhafnar-TR.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði að með undirrituninni væri verið að leggja mósaíksteina til að skapa mikilvægasta mósaíkverk landsins.

Gert er ráð fyrir að byggingin taki þrjú ár og verður strax byrjað að rífa þau mannvirki sem fyrir eru á lóðinni. Stefnt er að því að starfsemi hefjist haustið 2009 og að hótelið verði opnað á sama tíma.

Portus hefur jafnframt ákveðið að kaupa allan byggingarrétt á TRH-reitnum fyrir verslun, þjónustu og íbúðir og verður stofnað sérstakt félag um þá uppbyggingu.



**MÓSAÍKSTEINAR LAGÐIR** Samningur um byggingu ráðstefnumiðstöðvar, tónlistarhúss og hótels við Austurhöfnina var undirritaður í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Félagið verður ábyrgt fyrir því að fimm stjórnu alþjóðlegt hótel rísi á svæðinu og muni einnig eiga önnur hús og bílageymslur á svæðinu.

Stofnkostnaður tónlistarhússins og ráðstefnumiðstöðvarinnar er áætlaður um 12,5 milljarðar króna. Við bætist kostnaður við byggingu hótels og annarra mannvirkja, þar á meðal höfuðstöðva Landsbanka Íslands.

Leyfilegt byggingamagn á lóðinni nemur um 91 þúsund fermetrum auk bílastæða neðanjarðar og um 14 þúsund fermetra í kjöllurum. Aðalbyggingarnar eru fimm, þar af fjórar meðfram nýrri göngugötu, Reykjastræti. **- ghs**



**SPRUNGIÐ** Bandarískir hermenn hjálpast að við að skipta um dekk á Humvee-bifreið sinni, eftir að þeir óku yfir rusl frá bílsprengju. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn sprengt í Írak:

# Ellefu fórust í sprengjuárásum

**ÍRAK, AP** Sandstormur reið yfir Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær og deyfði hljóðin frá sprengingum sem urðu minnst 11 manns að bana og særðu 19, að sögn lögreglu. Öll fórnarlömbin voru óbreyttir borgarar.

Enn hefur ekkert frést af um 50 manns sem vopnaðir menn íklæddir einkennisbúningum skyndiárásarsveitar innanríkisráðuneytisins rændu á miðvikudag. Fólkið var við störf í öryggisfyrirtæki í Austur-Bagdad og voru mörg fórnarlambanna fyrrverandi hermenn frá tímum Saddams Hussein. Óvíst er hver ber ábyrgð á mannráninu.

Talið er að um 450 manns hafi farist í átökum í Írak síðustu daga. **- smk**

Vísindasiðanefnd:

# Að skoða mál Lyfjaþróunar

**VÍSINDI** Vísindasiðanefnd fjallaði um rannsóknir sem gerðar voru á vegum Lyfjaþróunar hf. á fundi sínum í vikunni, en ákveðið var að taka rannsóknir fyrirtækisins til skoðunar eftir að nefndinni bárust ábendingar um að hugsanlega hefði verið átt við niðurstöðurnar.

Rannsóknirnar sem til skoðunar eru hjá nefndinni beindust að notkun nefúða við bólusetningu en þeim stýrði Sveinbjörn Gissurarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lyfjaþróunar hf. Hann starfar nú sem prófessor við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

Rannsóknirnar voru unnar á árunum 1999 til 2004, en þeim var þá hætt þar sem þær skiluðu ekki tilætluðum árangri.

Ólöf Ýr Atladóttir, framkvæmdastjóri Vísindasiðanefndar, segir niðurstöðu að vænta bráðlega en ekki er ljóst hvenær hún verður gerð opinber. **-mh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta á Garðsvegi** Bíll valt á Garðsvegi á Suðurnesjum seint í fyrrakvöld með þeim afleiðingum að tveir slösuðust lítillega. Bíllinn er talinn ónýtur og leikur grunur á að ökumaður hafi verið ölvaður.

## HÉRAÐSDÓMUR

**Olíumálinu frestað** Máli olíufélaganna gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu var í gær frestað til 28. mars. Olíufélögin Esso, Skeljungur og Olís vilja að sektin sem þau voru dæmd til að greiða vegna verðsamráðs verði felld niður eða í það minnsta lækkuð.

# RISAÚTSALA Á KLETTHÁLSI

**Við efnum til risaútsölu á notuðum bílum.**
Fáránlegur afsláttur, ótrúlegt úrval af glansandi fínum kerrum og fáheyrð greiðslukjör.

*komdu strax og gerðu frábær kaup!*

## Örfá sýnishorn:

**Skoda Superb 2,8**
ek. 28.000 árg. 03
Verð 2.750.000 kr.
Verð áður 3.060.000 kr.

**Subaru Outback 3,0**
ek. 53.000 árg. 03
Verð 2.250.000 kr.
Verð áður 2.860.000 kr.

**MMC Pajero Sport**
ek. 67.000 árg. 04
Verð 2.470.000 kr.
Verð áður 2.740.000 kr.

**VW Golf 2,0 FSi**
ek. 22.000 árg. 04
Verð 2.090.000 kr.
Verð áður 2.350.000 kr.

**Audi A6 TDi Avant**
ek. 103.000 árg. 01
Verð 1.690.000 kr.
Verð áður 2.190.000 kr.

**Opel Corsa**
ek. 120.000 árg. 97
Verð 140.000 kr.
Verð áður 240.000 kr.

**MMC Lancer**
ek. 145.000 árg. 97
Verð 190.000 kr.
Verð áður 350.000 kr.

**VW Polo 1,4**
ek. 132.000 árg. 97
Verð 220.000 kr.
Verð áður 390.000 kr.

**VW Golf 4Motion 1,8**
ek. 128.000 árg. 96
Verð 250.000 kr.
Verð áður 430.000 kr.

**Daewoo Nubira**
ek. 112.000 árg. 00
Verð 190.000 kr.
Verð áður 440.000 kr.

**Kia Clarus**
ek. 56.500 árg. 03
Verð 570.000 kr.
Verð áður 890.000 kr.

**BMW 525 ix 4WD**
ek. 141.000 árg. 96
Verð 590.000 kr.
Verð áður 950.000 kr.

**Opið frá kl. 9 til 19 í dag**

Einnig risaútsala hjá:
Söluumboði HEKLU Reykjanesbæ, sími 420 5000,
Söluumboði HEKLU Selfossi, sími 482 1416 og
Höldi Akureyri, sími 461 6020

**ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA**

**100% FJÁRMÖGNUN** á völdum bílum

**ALLT AÐ 550 ÞÚS. kr. AFSLÁTTUR**

HEKLA
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*
Klettháls 11
sími 590 5760
www.bilathing.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 9.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,77 | 69,09 |
| Sterlingspund | 119,58 | 120,16 |
| Evra | 82,03 | 82,49 |
| Dönsk króna | 10,995 | 11,059 |
| Norsk króna | 10,22 | 10,28 |
| Sænsk króna | 8,689 | 8,739 |
| Japanskt jen | 0,5864 | 0,5898 |
| SDR | 98,85 | 99,43 |

*Gengisvísitala krónunnar*

115,2127

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarráð samþykkti einróma að Bauhaus fengi lóð við rætur Úlfarsfells:

# Húsasmiðjan og Byko fá lögfræðiálit

**LÓÐAÚTHLUTUN** Byggingavöruverslunin Bauhaus fær lóðina við rætur Úlfarsfells. Borgarráð samþykkti það einróma í gær. Forsvarsmenn Byko og Húsasmiðjunnar hyggjast skoða réttarstöðu sína. Húsasmiðjan, þar sem hún hafi talið að aðeins væri gert ráð fyrir einni byggingarvöruverslun á svæðinu þeirra. Byko þar sem fyrirtækið hefur sóst eftir lóð austan við Vesturlandsveg frá því árið 1998 en fékk lóð vestan vegarins.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, segir að ákvörðun um að byggja verslunina við Grafarholt hafi verið tekin eftir að hafa metið deiliskipulag svæðisins. Síðan hafi því verið tvíbreytt, fyrir Byko og nú Bauhaus. Húsasmiðjan hafi einnig sótt um lóð við Vesturlandsveg en verið hafnað. „Við erum raunar ánægðir með staðsetninguna en hefðum viljað stærri verslun og að ekki væru byggðar fjörutíu þúsund fermetra byggingavöruverslanir ofan í okkar.“



**STEINN LOGI BJÖRNSSON** Forstjóri Húsasmiðjunnar.



**DAGUR B. EGGERTSSON** Formaður skipulagsráðs.

Eiríkur Elís Þorláksson lögmaður segir ekki útilokað að bótaskylda geti myndast en bæði geti verið erfitt að sýna fram á að fyrirtækin hafi skaðast sem og hversu mikið tjónið er.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs, segir borgina ekki hræðast lögsóknir og athugasemdir Húsasmiðjunnar hafi ekki borist henni. Borgin hafi haft hagsmuni húsbyggjenda að leiðarljósi og alls almennings sem komi til með að njóta lægra verðlags.



**BAUHAUS TIL ÍSLANDS** Borgin úthlutaði Bauhaus lóð undir hlíðum Úlfarsfells í gær. Byko byggir beint á móti.



**VETTVANGSRANNSÓKN** Lögreglumaður rannsakar svæðið í kringum heimili manns sem sagður er vera yfirmaður IRA.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leit á heimili IRA-foringja:

## Þrír voru teknir í húsleit

**ÍRLAND, AP** Um 400 lögreglumenn, hermenn og landamæraverðir frá báðum hlutum Írlands gerðu húsleit í dögun í gær á heimili manns sem talið er að sé einn helsti yfirmaður Írska lýðveldishersins, IRA. Leitin náði jafnframt til um tíu annarra húsa við landamærin.

Þrír menn voru handteknir og vegum lokað, en litlar aðrar upplýsingar fengust hjá lögreglu. Leitin var að hluta til gerð vegna rannsóknar á peningaþvætti IRA, en jafnframt var hert landamæraeftirlit sögð vera ástæða hennar. Árum saman hefur miklu eldsneyti verið smyglað um landamærin. **- smk**

### ÁSTRALÍA

**Áfram í Írak** Ástralskir hermenn munu verða eitt ár til viðbótar hið minnsta í Írak samkvæmt ákvörðun ástralskra stjórnvalda í vikunni. Nú eru um 450 ástralskir hermenn á átakasvæðum í Írak.

### LEIÐRÉTTING

Af fyrirsögn Fréttablaðsins í gær mátti ráða að unglæknar á Landspítala háskólasjúkrahúsi hygðust leggja niður vinnu til að ná fram kröfum um hvíldartíma. Hið rétta er að þeir hafa ritað sviðsstjórum LSH bréf, þar sem þeir fara fram á að fá að taka út hvíldarrétt 31. mars. Þeir munu mæta til starfa þótt beiðni þeirra verði hafnað. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Háskólinn hefur gert mikið fyrir þjóðina

**Ætli Háskólinn að komast í fremstu röð í heiminum er nauðsynlegt að ríkið og þjóðin öll standi þar þétt að baki, að mati tveggja deildarforseta við skólann.**

**MENNTAMÁL** „Markmið Kristínar Ingólfsdóttur rektors er raunhæft sem langtímaverkefni ef þjóðin vill það og er reiðubúin að setja í það peninga,“ segir Hörður Filippusson, deildarforseti raunvísindadeildar.

Hann er samsinna kollegum sínum hvað varðar raunhæfi þess að Háskóli Íslands komist í hóp bestu háskóla heims svo lengi sem mörkuð sé skýr stefna og fjárframlag verði mikið aukið frá því sem nú er.

Hörður segir engan vafa leika á gildi Háskólans fyrir þjóðina alla. Það sjáist víða í þjóðfélaginu. „Háskólinn stendur á gömlum grunni og hefur vaxið að styrk í rannsóknum undanfarna áratugi á mörgum sviðum. Besta dæmið um hve góða menntun má fá í skólanum er sú staðreynd að þeir nemendur sem fara frá okkur í meira nám erlendis eiga yfirleitt greiðan aðgang að flestum skólum og hafa staðið sig vel þar. Hins vegar eru veikleikarnir miklir. Þar er vandamálið fyrst og fremst hversu illa skólinn er fjármagnaður en þau eru fleiri vandamálin sem þarf að laga áður en hægt verður að taka þau skref sem til þarf til að koma honum í fremstu röð. Framlög til rannsókna eru lítil og hafa lækkað mikið undanfarin ár í stað þess að aukast eins og þörf er á. Alla innviði rannsókna þarf að efla en fjárskortur hamlar því eins og öðru.“



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Deildarforsetar raunvísindadeildar og verkfræðideildar eru sammála um að fjárskortur hamli því að Háskólinn sé ekki í fremstu röð en markmiðið sé verðugt.



**HÖRÐUR FILIPPUSSON** Deildarforseti raunvísindadeildar segir markið ekki sett of hátt en margt þurfi að koma til áður en Háskólinn geti skammlaust farið fram á mat þeirra sem meta frammistöðu háskóla um heim allan. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**SIGURÐUR BRYNJÓLFSSON** Háskólinn kemst ekki í hóp eitt hundrað bestu háskóla heimsins á hugarorkunni einni. Útilokað sé annað en að ætla að til þess þurfi stóraukið fjármagn og meðan svo sé muni umræðan um upptöku skólagjalda lifa.

Sigurður Brynjólfsson, deildarforseti verkfræðideildar, er sammála Herði að flest það sem laga þarf innan skólans megi rekja til viðvarandi fjárskorts undanfarinna ára. „Ég tel að það verði stærsta verkefni rektors að afla fjár til að gera skólann samkeppnishæfan við það sem best gerist. Undirstöðurnar eru fyrir hendi að mörgu leyti en það kemur enginn háskóla í hóp þeirra bestu á hugarorkunni einni saman. Til þess þarf mikið fé og mun meira en skólinn hefur verið að fá. Fáist það með einhverjum hætti er markmið rektors ekki óraunhæft að mínu mati en verkefnið er vissulega verðugt og fáir sem yrðu ekki reiðubúnir að leggja því lið innan skólans. Mér líst mjög vel á þetta framtak rektors.“




**albert@frettabladid.is**

Taívan vill sæti í WHO:

## Biðja Ísland um stuðning

**TAÍVAN** Chen Shui-bian, forseti Taívans, hvatti Íslendinga fyrr í vikunni til þess að styðja umsókn Taívans um aðild að yfirstjórn WHO, Alþjóða heilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.



**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR**

Þetta kom fram á fundi Chen með Arnbjörgu Sveinsdóttur, þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, fyrr í vikunni, en hún er stödd í Taívan ásamt fleiri þingmönnum í boði þarlendra stjórnvalda.

Um samskipti Taívans og Íslands segir Chen að á undanförnum fjórum árum hafi 17 íslenskir þingmenn heimsótt landið. **- jh**

Bílvelta við Akureyri:

## Tveir sluppu lítið meiddir

**LÖGREGLA** Tveir fullorðnir menn sluppu lítið meiddir eftir bílveltu skammt frá bænum Laugalandi í Eyjafjarðarsveit um átta leytið í gærmorgun.

Bíllinn rann til á veginum og lenti utan vegar þar sem hann fór eina veltu. Ökumaður bílsins hringdi í neyðarlínuna og komu lögreglumenn frá Akureyri fljótt á vettvang.

Báðir þeir sem í bílnum voru reyndust lítið slasaðir. Þeir voru fluttir á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til skoðunar en meiðsl þeirra reyndust minni háttar.

Bíllinn er ónýtur eftir veltuna en hann var fjarlægður með kranabifreið af slysstað. **- mh**




**ADR meiraprófsbílstjórar óskast**

**Atlantsolía leitar eftir** traustum og áreiðanlegum bílstjóra með ADR-réttindi. Leitað er eftir bílstjóra til framtíðarstarfa.

**Atlantsolía** hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en hjá fyrirtækinu starfa 14 manns. Atlantsolía rekur 6 bensínstöðvar auk þess að vera eina olíufélagið sem býður Dælulykla til almennings.

**Áhugasamir hafi samband við Daníel Steinarr Jökulsson í síma 825-3104 eða sendi póst á daniel@atlantsolia.is.**

ATLANTSOLÍA

pipar / SÍA / 6630


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÍÐAST EINHVER ÚRKOMA**

Í dag er úrkomusvæði á leið yfir landið. Það byrjar sunnan og vestan til með morgninum en lengst af degi verður úrkomulítið á Norður-og Austurlandi. Í kvöld má svo búast við að úrkomusvæðið verði komið yfir norðan- og austanvert landið og þar sem hitinn er ekki langt frá frostmarki fellur úrkoman ýmist sem snjókoma eða slydda.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Austan 8-15 m/s með morgninum svo lægir. Rigning og síðar skúrir. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Strekkingur sunnan til, annars hægari.

*» sunnudagur*




Allhvasst eða hvasst um sunnan og austanvert landið, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 0°C léttskýjað | París | 6°C rigning | Alicante | 23°C heiðskírt |
| Osló | -8°C léttskýjað | Berlín | 2°C slydda | Mílanó | 11°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | -6°C alskýjað | Frankfurt | 7°C léttskýjað | New York | 18°C skýjað-skúr |
| Helsinki | -11°C alskýjað | Madríd | 15°C heiðskírt | San Francisco | 13°C skýjað |
| London | 8°C skýjað-skúr | Barcelona | 17°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 30°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Danskir dagar




**De Danske Vægtkonsulenter**
- fullt af nýjum vörum



**Ekta danskt smørrebrauð**
á dönskum dögum




**Graasten** brauðsalöt
- margar tegundir



**Hatting** brauð - samlokubox
fylgir ef keyptir eru 2 pakkar




**Gulrótarkaka**
- á danska vísu




**Danskar** flødeboller
- 6 stk. í pakka




**Jaka** skinka
- dönsk gæða skinka



**Danskar** kökur
- frábærir bitar með kaffinu




**Danevang** rúllutertur
- 2 tegundir




**Rynkeby** ávaxtasafi
- margar tegundir




**Daloon** kína- og vorrúllur
- fljótlegt og beint í ofninn

Gildir til 12. mars eða á meðan birgðir endast.

*Hvor Islændinge ka best li' at handle*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Óraunhæft að skipta út krónunni að mati ráðherra Sjálfstæðisflokksins:

# Ráðherrar þrátta um evruna

**KRÓNAN** „Spurningum um það hvort þetta sé hægt hefur ekki verið svarað,“ segir Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra, en hún hefur lýst áhuga á að kanna möguleika á að taka upp evruna sem gjaldmiðil hér á landi án aðildar að Evrópusambandinu.

„Af viðbrögðum að dæma telur að minnsta kosti sendiherra Evrópusambandsins hér á landi þetta þannig mál að vert sé að skoða það nánar innan framkvæmdastjórnar ESB,“ segir Valgerður.

„Sú spurning hvort hagsmunum Íslands verði best þjónað með því að gerast aðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu, EMU, verður stöðugt áleitnari,“ segir Valgerður í pistli sínum.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins telja hugmyndir viðskiptaráðherra um aðild að myntbandalagi ESB óraunhæfar.

Ráðherrar sjálfstæðisflokksins, þau Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra og Geir H. Haarde utanríkisráherra lýstu því bæði í gær að það væri óraunhæfur möguleiki að Ísland gæti öðlast aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins og tekið upp evruna sem gjaldmiðil án þess að ganga í Evrópusambandið.

Evrópski seðlabankinn sér um framkvæmd peningastefnu sambandsins og ákveður meðal annars vexti. Ljóst er því að aðild að EMU felur í sér frekara framsal á sjálfsákvörðunarrétti Íslands en varð með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. **- jh**

Dæmdur fyrir vopnað rán:

# Fékk átta mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður á tvítugsaldri var í gær dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir vopnað rán sem framið var í apríl 2005 í verslun í Kópavogi.

Maðurinn játaði að hafa ógnað starfsstúlku í versluninni með skrúfjárni og látið hana opna fyrir sig sjóðsvél, og þaðan tók maðurinn 35 þúsund krónur.

Héraðsdómur hafði skilorðsbundið refsinguna í átta mánuði en Hæstiréttur sá ekki ástæðu til þess að hún yrði skilorðsbundin. Maðurinn var að auki dæmdur til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, tæplega 180 þúsund krónu, auk málsvarnarlauna. Samtals nema þau 150 þúsund krónum. **-mh**



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu áhyggjur af viðskiptahallanum?*

| | |
|---|---|
| Já | 77% |
| Nei | 23% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu á fjárfesta í hlutabréfum á næstu vikum?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Kínverjar reiðir út í Japana:

# Japani segir Taívan „land“

**JAPAN, AP** Japanski utanríkisráðherrann, Taro Aso, olli miklu fjaðrafoki í gær þegar hann sagði japanska þinginu að Taívan væri „löghlýtt land“. Stjórnvöld í Peking í Kína mótmæltu harðlega, enda neita þau, sem og yfirvöld margra vestrænna ríkja, að viðurkenna sjálfstæði Taívans og telja það hluta af Kína.



**TARO ASO**

Utanríkisráðuneyti Japans sagði Aso hafa leiðrétt orð sín síðar og sagt Taívan vera „hérað“.

Ekki er langt síðan kínversk yfirvöld komust í uppnám yfir orðum Aso um að Kínverjar létu kvennjósnara táldraga japanska erindreka, og kúga þá svo til að gefa upp ríkisleyndarmál. **- smk**

Uppnám í skóla í Frakklandi:

# Gafst upp og sleppti gíslum

**FRAKKLAND** Kennarinn, sem tók 23 gísla í menntaskóla í vesturhluta Frakklands í gær, gafst upp síðdegis í gær. Gíslarnir voru 21 nemandi, einn kennari og einn utanaðkomandi og varð þeim ekki meint af.

Kennarinn er á fertugsaldri og starfaði við afleysingar í skólanum fyrir tveimur árum en hefur verið atvinnulaus upp á síðkastið. Kennarinn vildi fá að ræða við fjölmiðla um vandamál sín. Talið er að hann þjáist af þunglyndi. **- ghs**

Smygl á Grundartanga:

# Sex gripnir með sígarettur

**LÖGREGLA** Tollgæslan og lögreglan í Borgarnesi lögðu í gær hald á smyglvarning í fraktskipinu Sunnu í Grundartangahöfn með aðstoð Tollgæslunnar í Reykjavík. Sex skipverjar gengust við því að eiga varninginn, 33.800 sígarettur, og gengust við sektargerð vegna málsins.

Skipið, sem er í eigu Skipafélagsins Ness hf., hélt frá Grundartanga í gærkvöld. Skipafélagið greiddi rúmlega 642 þúsund króna sekt fyrir hönd skipverjanna og hélt skipið svo frá höfn. Áhöfnin var að mestu erlend en þó var einn Íslendingur um borð. **- ghs**

## INDLAND

**VIAGRA Á MARKAÐ** Stinningarlyfið Viagra er loks komið á markað í Indlandi en að líkindum helst til seint til að framleiðandinn hafi mikinn hagnað af. Indversk fyrirtæki hófu fyrir löngu framleiðslu á sambærilegum lyfjum sem kosta margfalt minna.

## SLÖKKVILIÐ

**Kviknaði í piparsteik** Tilkynnt var um mikinn svartan reyk og eld í blokk við Engihjalla í Kópavogi í gærkvöld. Þegar slökkvilið kom á staðinn kom í ljós að íbúi í blokkinni var að grilla piparsteik og hafði aðeins kviknað í steikinni og varð reykurinn því svo mikill.



**FÓLK Í BANKAVIÐSKIPTUM** Skýrslur erlendra fyrirtækja hafa að undanförnu valdið töluverðum óróa í íslensku efnahagslífi. Íslensk stjórnvöld hafa þegar skipað starfshóp sem fjallar um viðbrögð við vandanum sem upp getur komið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tillögur starfshóps ekki studdar lögum

**Sigurður Líndal, prófessor í lögfræði, segir skorta lagalegan grundvöll fyrir hugmyndum starfhóps um hugsanleg áföll í efnahagslífinu. Guðjón Rúnarsson fagnar gerð viðbragðsáætlunar en segir mikilvægt að hún sé alþjóðamiðuð.**

**FJÁRMÁL** Sigurður Líndal, prófessor í lögfræði, telur lagalegan grundvöll fyrir hugmyndum starfshóps stjórnvalda um hugsanleg áföll í íslensku fjármálalífi, ekki vera fyrir hendi.

Í tillögum starfshópsins kemur fram að Fjármálaeftirlitið geti vikið bankaráðum og bankastjórnum frá og tekið vald hluthafafunda eða stofnfjáreigenda í félögunum. „Það er ekki lagalegur grundvöllur fyrir þessum hugmyndum starfshópsins. En hins vegar, ef það yrðu sett lög þá væri hætt við því að þau færu í bága við stjórnarskrá. Til dæmis eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.“

Í 72. grein íslensku stjórnarskrárinnar segir að eignarrétturinn sé friðhelgur. „Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema að almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir,“ segir orðrétt í stjórnarskránni.

Aðeins neyðarréttarsjónarmið í lögum geta heimilað stjórnvöldum að grípa inn í starfsemi fyrirtækja í einkaeigu. Slík sjónarmið eru ekki fyrir hendi í íslenskum lögum.



**GUÐJÓN RÚNARSSON** Telur mikilvægt að áætlanir stjórnvalda taki mið af svipuðum reglum erlendis.



**SIGURÐUR LÍNDAL** Telur lagalegan grundvöll fyrir inngripi stjórnvalda ekki vera fyrir hendi.

Þau ríki sem hafa neyðarréttarsjónarmið innan sinna laga, geta aðeins beitt þeim ef til alvarlega aðstæðna kemur, sem varða almannaheill. Þær aðstæður, sem oftast eru nefndar í erlendum lögum, geta til dæmis skapast við stríðsátök eða náttúruhamfarir.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, fagnar því að íslensk stjórnvöld skuli vera farinn að huga viðbragðsáætlun við hugsanlegum vanda íslenskra fjármálafyrirtækja. „Það er fagnaðarefni að íslensk stjórnvöld séu að setja upp viðbragðsáætlun við hugsanlegum vanda í efnahagslífinu. Með því feta þau í fótspor nágrannaríkja okkar. Við teljum hins vegar ekki að það eigi að búa til reglur sem aðeins eru sniðnar að íslenskum veruleika, heldur er nauðsynlegt að stjórnvöld hér á landi haldi sig við alþjóðlegar viðmiðanir í þessum efnum.“

Í greinargerð starfshóps á vegum stjórnvalda, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins kemur fram að æskilegt sé að Fjármálaeftirlitinu verði fært vald til þess að víkja frá stjórnum, bankastjórum eða framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja, og skipa í stöðurnar að nýju. **magnush@frettabladid.is**

Forstjóri Íslandsbanka:

# Samræmið skiptir máli

Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka segir mjög mikilvægt til sé svipuð uppsetning að viðbrögðum við fjármálakrísum hér og er í öðrum Evrópuríkjum.



**BJARNI ÁRMANNSSON**

Bjarni segist þó ekki hafa fylgst með vinnuferli starfshóps ráðuneytanna, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og því lítið geta tjáð sig um hvaða aðstæður það gætu mögulega verið sem til þyrftu að koma áður en ráð yrðu tekin af fyrirtæki eða fjármálastofnun. „Ég veit því ekki hvaða hagsmunir ríkisvaldsins væru fólgnir í því að grípa inn í með þeim hætti.“ **- óká**

Bankastjóri Landsbankans:

# Átta sig á mikilvægi bankanna

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, telur greinargerð um viðbúnað við erfiðleikum á fjármálamarkaði til marks um að stjórnvöld átti sig á mikilvægi fjármálakerfisins.



**SIGURJÓN Þ. ÁRNASON**

„Almennt held ég að verið sé að velta upp hvernig væri hægt að bregðast við ímynduðum aðstæðum. Rétt eins menn hugsa líklega um varnir gegn annarri vá, líkt og hvernig bregðast ætti við ef sykki kjarnorkukafbátur í landhelginni,“ segir hann og telur tilviljun hafa ráðið því að álit starfshópsins komi fram á sama tíma og fram fari frekar neikvæð umræða um bankakerfið. **- óká**

Þúsund manns hlýddu á erindi fimm frammámanna í íslensku viðskiptalífi:

# Reynt að slá á efasemdir

**VIÐSKIPTI** Mikill áhugi Dana á íslensku efnahagslífi kom berlega í ljós í gær þegar þúsund manns mættu til að hlýða á erindi fimm frammámanna úr íslensku viðskiptalífi í Kaupmannahöfn. Töluverð umfjöllun hefur verið um fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í Danmörku síðastliðið ár og einnig um stöðu íslenska efnahagskerfisins.

Í erindum sínum lögðu þeir Hannes Smárason, Ágúst Guðmundsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Bjarni Ármannsson áherslu á að fyrirtæki þeirra væru ekki háð gengi íslensku krónunnar.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Forstjóri Kauphallarinnar.

Á forsíðu viðskiptablaðsins Børsen í gær var fjallað um skýrslu Merrill Lynch og hún sögð áfellisdómur yfir íslensku bönkunum. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sagðist telja að áhrif skýrslunnar og skýrslu Fitch í síðasta mánuði væru of mikil.

Í viðtali við Fréttablaðið eftir fundinn sögðu þeir Bjarni, Jón Ásgeir og Hannes að töluverðs misskilnings á íslensku viðskiptalífi gætti í Danmörku og kæmi það fram í neikvæðri umfjöllun fjölmiðla. Sögðu þeir fundinn kærkomið tækifæri til að upplýsa Dani og slá á efasemdirnar. **- ks**

Milljarða arður í Magasin:

# Fjárfestingin borgaði sig

**VIÐSKIPTI** Eigendum dönsku stórverslunarinnar Magasin du Nord verður greiddur rúmlega þriggja milljarða króna arður á næstu misserum. Þetta kom fram í máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, á fundi með dönsku viðskiptafólki sem fram fór í Kaupmannahöfn í gær.

Sagði hann að Baugur hefði séð góða möguleika á að snúa rekstri fyrirtækisins við á sínum tíma. Með arðgreiðslunni væri fjárfesting Baugs búin að borga sig. **- ks**

# Allt
# í einu korti

e² Vildarkort – Nýtt VISA kreditkort sem sameinar alla kosti Vildarkorts Icelandair og e-kortsins.

- Vildarpunktar og endurgreiðsla – allt í sömu færslunni
- Viðbótarvildarpunktar hjá yfir 100 samstarfsaðilum
- Viðbótarendurgreiðsla hjá yfir 200 samstarfsaðilum ásamt veglegum sértilboðum

**Sæktu um e² Vildarkortið á www.e2.is**






spron

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

e² Vildarkort



## VEISTU SVARIÐ

1 *Í hvaða bæ hafa menn sammælst um að hætta að flagga í hálfa stöng?*

2 *Á hvaða íslenska fréttavef er hægt að lesa fréttir á pólsku?*

3 *Hvar fer fyrsta formúlu 1 keppni ársins fram um helgina?*

SVÖR Á BLS. 50

Dótturfélag KEA kaupir hlut í símaþjónustufyrirtækinu Miðlun:

# Tugir nýrra starfa verða til

**VIÐSKIPTI** Hildingur, fjárfestingafélag í eigu Kaupfélags Eyfirðinga, hefur keypt eignarhlut í Miðlun ehf. og mun Miðlun opna starfsstöð í húsnæði KEA á Akureyri með vorinu. Til að byrja með verða starfsmenn Miðlunar á Akureyri tíu til tólf talsins en stefnt er á að þeir verði 30 til 40 innan þriggja ára.

Miðlun er þjónustufyrirtæki sem annast símsvörun fyrir stofnanir og fyrirtæki, auk þess að taka að sér úthringi- og söluverkefni. Félagið er með starfsstöð í Reykjavík og eru starfsmenn þar fimmtán.

Árni Zophoníasson, stjórnarformaður Miðlunar, segir starfsemi félagsins í Reykjavík hafa vaxið á undanförnum árum þar sem fyrirtæki kjósi í auknum mæli að úthýsa verkefnum til sérhæfðra aðila á borð við Miðlun.

Bjarni Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Hildings, segist binda miklar vonir við starfsemi Miðlunar á Akureyri en ætlunin sé einnig að blása til frekari sóknar í starfsstöð Miðlunar á höfuðborgarsvæðinu. **- kk**



**KAUPIN KYNNT** Árni Zophoníasson, Bjarni Hafþór Helgason, Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Eimskips, og Björn Jónsson, framkvæmdastjóri Miðlunar.

Sænskir lögreglumenn:

# Kollhúfa og túrban leyfð

**SVÍÞJÓÐ** Yfirstjórn sænsku ríkislögreglunnar hefur nú ákveðið að leyfa lögreglumönnum að vera með túrban, kollhúfu eða annað höfuðfat tengt trúarbrögðum lögreglumannanna. Á fréttavef Svenska Dagbladet kemur fram að ástæðan sé sú að yfirstjórnin vilji ekki útiloka neina þjóðfélagshópa frá lögreglustarfinu.

Lögreglumenn sem vilja bera túrban eða annan höfuðbúnað við lögreglubúninginn verða þó að gæta þess að það fari vel við lögreglubúninginn, til dæmis í lit og útliti. Það kemur í hlut einstakra lögreglumanna að ákveða hvað fer vel og hvað ekki. **- ghs**

Lögreglan í Kópavogi:

# Þjófnuðum fækkar mikið

**LÖGREGLUMÁL** Umtalsverð fækkun þjófnaðarmála hefur átt sér stað í Kópavogi síðustu árin samkvæmt gögnum lögreglunnar.

Markmiðið fyrir síðasta ár var að fækka þeim um 10 prósent en raunin varð að þeim fækkaði um 21 prósent frá árinu 2004. Langflest þjófnaðarmálin eiga sér stað í verslunum og þá sérstaklega í verslunarmiðstöðinni Smáralind. Yfir 80 prósent tilkynntra þjófnaða í umdæminu áttu sér stað þar. **- aöe**

## KJARAMÁL

**Samningar verði þýddir** Verkalýðshreyfingin vill styrk frá félagsmálaráðuneytinu til að þýða kjarasamninga á erlend tungumál. Þetta kom fram á stórri kvennaráðstefnu sem haldin var í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna í dag.

Metnaðargirni fransks föður kom honum í koll:

# Eitraði fyrir keppinautum barna sinna

**FRAKKLAND, AP** Metnaðargirni fransks föður fyrir hönd barnanna sinna hefur komið honum í koll. Christophe Fauviau, fyrrverandi herflugmaður, hefur verið ákærður af frönskum yfirvöldum fyrir að eitra fyrir börnum og fullorðnum sem léku tennis við börn hans. Fauviau eitraði fyrir mótherjum barnanna með þeim afleiðingum að einn mótherjanna lést.

Fauviau er ákærður fyrir að hafa 27 sinnum gefið mótherjum barnanna róandi lyf á árunum 2000 til 2003. Maðurinn sem lést var 25 ára gamall kennari, sem lést í bílslysi eftir að hafa tapað tennisleik við son Fauviau. Lögregla taldi að hann hefði sofnað við stýrið.

Saksóknarar krefjast þess að Fauviau hljóti 10 ára fangelsisdóm. Fauviau hefur þráfaldlega neitað sök. **- smk**



**CHRISTOPHE FAUVIAU** Faðir sem hefur viðurkennt að hafa eitrað fyrir tennismótherjum barnanna sinna, mætir í réttarsal í Frakklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VANDRÆÐI Á HEIMAVELLI** George W. Bush Bandaríkjaforseti sætir mikilli gagnrýni þingmanna bæði úr sínum eigin flokki sem og demókrata, vegna stuðnings hans við kaup ríkisrekins fyrirtækis frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum á rekstri sex helstu hafna Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stríðsyfirlýsing við forsetann

**Fjárlaganefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings hefur samþykkt að stöðva kaup arabísks fyrirtækis á rekstri helstu hafna Bandaríkjanna. George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur stutt kaupin.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sætir nú mikilli gagnrýni þingmanna vegna fyrirætlunar stjórnvalda um að fela ríkisreknu fyrirtæki frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum rekstur sex helstu hafna Bandaríkjanna. Fjárlaganefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings samþykkti seint á miðvikudag, með 62 atkvæðum gegn einungis tveimur, frumvarp sem stöðvar kaup Dubai Ports World á hafnarrekstrinum. Þetta er alvarlegasti ágreiningurinn sem upp hefur komið milli þingmanna og Bush, og segja stjórnmálaskýrendur gjörð þingmannanna vera nánast beina árás á forsetann.

Fjárlaganefndin skaut klausu sem stöðvar yfirtöku Dubai-fyrirtækisins inn í frumvarp um 91 milljarðs dollara fjárveitingu til stríðsreksturs í Írak og neyðaraðstoð vegna fellibyljanna heima fyrir.

Andstaða við yfirtöku Dubai-fyrirtækisins á rekstrinum er mikil bæði meðal þingmanna úr báðum flokkum sem og almennings, og telja margir að öryggi landsins yrði stefnt í voða fengi Dubai Ports World yfirumsjón með rekstri hafnanna.

Dubai-fyrirtækið keypti reksturinn af bresku fyrirtæki en Bandaríkjastjórn varð að staðfesta kaupsamninginn. Bush hefur verið mikill stuðningsmaður sölunnar og hefur hótað að beita neitunarvaldi reyni þingið að stöðva sölu hafnarrekstursins, en hann hefur ekki beitt neitunarvaldi fyrr á sex ára setu sinni á forsetastóli. Jafnframt hefur hann opinberlega lýst því yfir að öll öryggismál Dubai-fyrirtækisins hafi verið könnuð vandlega. Bandaríska strandgæslan sendi hins vegar nýverið frá sér skýrslu, þar sem fram kom að svo væri ekki, samkvæmt fréttum breska ríkisútvarpsins, BBC.

Telja stjórnmálaskýrendur að fylgi repúblikana við frumvarpið liggi að miklu leyti í þingkosningunum sem haldnar verða í Bandaríkjunum í nóvember. Þar sem skoðanakannanir benda til að meirihluti Bandaríkjamanna sé mótfallinn því að selja arabísku fyrirtæki hafnarreksturinn, þá sé það þeim í hag að stöðva söluna nú, sérstaklega þegar litið er til þess hversu mjög Bush hefur fallið í áliti kjósenda undanfarið.

Gert er ráð fyrir að fulltrúadeildin í heild sinni greiði atkvæði um frumvarpið í næstu viku. Þar sem klausan er hluti af afar mikilvægu frumvarpi, telja stjórnmálaskýrendur það líklegt að hún verði samþykkt bæði af fulltrúadeildinni og öldungadeildinni.

smk@frettabladid.is





ENNEMM / SÍA / NM20589

**Ríkulegur staðalbúnaður**

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
**„Bestur“** – *Fifth Gear*
**„Best recreational 4x4“** – *Auto Express*
**„Best compact 4x4“** – *What Car?*
**„Best in class“** – *Channel 4*
**„Best Small Wagon“** – *Overlander Magazine*

**Nissan X-Trail Sport 2.690.000 kr.**

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

# Ánægðir viðskiptavinir eru okkar hagnaður!

## – við erum í sjöunda himni!

**Ánægja viðskiptavina**




Samkvæmt **Íslensku ánægjuvoginni** eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir ánægðustu af viðskiptavinum bankakerfisins sjöunda árið í röð. Við lögum okkur að þörfum einstaklinga og einbeitum okkur að því að veita persónulega og góða þjónustu. Við erum í sjöunda himni og þökkum viðskiptavinum okkar kærlega fyrir!

*Starfsfólk Sparisjóðsins*

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Að **íslensku ánægjuvoginni** standa; Samtök iðnaðarins, Stjórnvísi og Gallup.

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir ánægjuna*



**KONUDAGURINN** Írösk kona gengur fram hjá veggmynd sem auglýsir fjölskylduhamingju á alþjóðlega konudeginum í vikunni. Dagleg morð, sprengjur og sívaxandi ofbeldi gerir það að verkum að flestar íraskar konur halda sig innan veggja heimilisins og njóta lítils frelsis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Félag bakarameistara mótmælir hækkunum sem orðið hafa á raforkuverði:

# Skilar sér í hærra vöruverði

**RAFORKUKOSTNAÐUR** „Okkur finnst skjóta skökku við miðað við þá umræðu sem verið hefur á Alþingi um hátt matarverð að þá grípi stjórnvöld til þessa ráðs sem mun skila sér í hærra matarverði," segir Reynir Carl Þorleifsson, formaður Landssambands bakarameistara.

Bakarameistarar hafa þurft að taka á sig allt að 50 prósenta hækkun á raforkuverði eftir að ný orkulög tóku gildi í byrjun síðasta árs. Reynir segir að enn sem komið er hafi þær hækkanir ekki skilað sér í hærra vöruverði en það muni breytast. „Hækkanirnar hafa verið að koma fram smátt og smátt og það er lítill vilji hjá orkufyrirtækjum að koma til móts við okkur eins og var gert hér áður en lögin breyttust. Við höfum líttinn áhuga að hækka verð á vörum okkar því samkeppni er hörð á markaðnum bæði milli bakara sjálfra og eins við innflutning sem hefur aukist mikið. En þessar hækkanir eru of miklar og auðvitað endar það á að neytandinn greiðir fyrir." - aöe



**BJÖRNSBAKARÍ** Stór kostnaðarliður bakara er raforkugjöld sem hækkað hafa um allt að 50 prósent á einu ári síðan ný orkulög tóku gildi. Sá aukni kostnaður fer að skila sér í hærra verði á matvörum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ævilíkur Evrópubúa misjafnar:

# Konur verða miklu eldri

**BRUSSEL** Heilum sex árum munar á lífslíkum karla og kvenna innan hinna 25 ríkja Evrópusambandsins við fæðingu, en konur geta að meðaltali vænst þess að verða 81,2 ára meðan karlarnir verða að meðaltali 75,1 árs.

Franskar og spænskar konur ná hæsta aldrinum að meðaltali og geta vænst þess að verða tæplega 84 ára gamlar meðan kvenfólk í Lettlandi nær aðeins 76 ára aldri til samanburðar. Meðal karlmanna ná Svíar hæstum meðalaldri, 78,3 árum, sem er tólf árum meira en eistneskir karlmenn geta vænst að ná. - aöe



**VERÐLAUNIN VEITT** Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra afhenti hjónunum Sigmari Guðbjörnssyni og Jóhönnu Ástvaldsdóttur verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýsköpunarverðlaun:

# Stjörnu-Oddi verðlaunaður

**VERÐLAUN** Fyrirtækið Stjörnu-Oddi hlýtur nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs 2006. Stjörnu-Oddi var stofnaður 1985 sem ráðgjafarfélag en 1992 hófst þróun og framleiðsla á mælitækjum sem eru það lítil og handhæg að hægt er að setja þau á fiska. Hjónin Jóhanna Ástvaldsdóttir og Sigmar Guðbjörnsson eru eigendur fyrirtækisins ásamt fjárfestum.

Stjörnu-Oddi hefur skilað hagnaði undanfarin ár en árið 2004 nam veltan rúmum hundrað milljónum króna. Tólf vinna hjá Stjörnu-Odda en ráðgert er að starfsmenn verði fimmtán síðar á árinu. Vörur fyrirtækisins hafa verið seldar til 45 landa. - bþs

# Tugir milljarða í bílaskatta

**Bílanotkun landsmanna skilaði ríkissjóði 47 milljörðum króna á síðasta ári. Aðeins hluti fer til endurbóta á samgöngukerfinu. Hlutur bílaskatta í landsframleiðslu hefur aukist um nærri 30 prósent á einum áratug.**

**STJÓRNMÁL** Tekjur ríkissjóðs af bílaumferð og innflutningi bifreiða nam liðlega 47 milljörðum króna í fyrra og hafa á einum áratug aukið hlutdeild í landsframleiðslu úr 3,7 prósentum í 4,8 prósent.

Þetta kemur fram í svari samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns Möller, þingmanns Samfylkingarinnar, sem tók málið upp á þingi í vikunni.



ÁRNI MATHIESEN



KRISTJÁN MÖLLER

„Í tíð núverandi ríkisstjórnarflokka hafa tekjur af umferð og bílainnflutningi aukist um 23 milljarða króna á verðlagi síðustu áramóta. Heildarfjárveiting til vegamála var aðeins um 15 milljarðar króna á árinu 2004 og svipuð árið 2005." Kristján sagði að þetta merkti að 32 milljarðar króna hefðu á tveimur árum runnið beint í ríkissjóð og ekki gagnast vegagerð eða rekstri samgöngukerfis landsmanna.



**FÁSKRÚÐSFJARÐARGÖNG** Stjórnvöld eru treg til stórframkvæmda í samgöngukerfinu meðan aðrar stórframkvæmdir standa yfir.

Hann spurði fjármálaráðherra af þessu tilefni hvort til stæði að lækka álögur á bílaeign og bílanotkun landsmanna, til dæmis með lækkun bensín- eða olíugjalds. Kristján vildi einnig vita hvort til stæði að auka framlög til vegaframkvæmda á næstu árum ef ekki stæði til að lækka bílaskatta.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra svaraði að ekki stæði til að gera breytingar á sköttum en benti á að fyrirhuguð væru aukin útgjöld til vegaframkvæmda á næsta ári. Hann sagði að dregið hefði verið tímabundið úr vegaframkvæmdum til þess að auka svigrúm til annarra framkvæmda. Jafnframt gat Árni þess að olíugjald hefði verið lækkað með sérstakri ákvörðun vegna kerfisbreytinga sem gerðar voru í fyrra með lögum.

Kristján benti á að skattaálögur á samgöngur og bílaflota landsmanna hækkuðu meðal annars flutningskostnað á landsbyggðinni. Þar með legðist skattheimtan mismunandi á fólk og fyrirtæki eftir búsetu. Taldi Kristján að skattheimta Íslendinga á bifreiðar, innflutning þeirra og notkun væri heimsmet.

Fjármálaráðherra kvað Kristján og Samfylkinguna vera ósamkvæm sjálfum sér. Sumir þar krefðust lægri skatta og aukinna framkvæmda, aðrir aukinna skatta og minni framkvæmda.

Samkvæmt svari samgönguráðherra námu beinar tekjur ríkisins af bifreiðakaupum landsmanna um 19,5 milljörðum króna, en tekjur af bifreiðanotkun tæpum 19 milljörðum króna. Við þetta bætast tekjur af virðisaukaskatti sem námu í fyrra nærri níu milljörðum króna.

johannh@frettabladid.is






**BJÖRGUNARAÐGERÐIR** Björgunarmenn draga manneskju út úr rútu sem sökk í ána Kelkit í Tyrklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rúta lenti á kafi í ánni Kelkit í Tyrklandi:

# Óttast að 30 hafi týnt lífi í rútuslysi

**TYRKLAND, AP** Ökumaður langferðabifreiðar missti stjórn á ökutæki sínu og ók út í á í Tyrklandi við dagrenningu í gær. Minnst 16 farþegar fórust og 11 slösuðust. Síðdegis í gær var 14 farþega enn saknað og óttuðust björgunarsveitir að þeir væru allir látnir.

Rútan lenti á kafi í hliðinni í straumharðri ánni Kelkit. Einum farþeganum tókst að komast í land og gekk eftir hjálp í nálægt þorp, á meðan tíu aðrir biðu ofan á rútunni. Þeim var bjargað í land eftir að björgunarmönnum tókst að koma reipi til þeirra.

Yfirvöld létu loka stíflu ofar í ánni svo vatnselgurinn minnkaði og fundust þá lík tólf farþega inni í rútunni. Fjögur lík fundust neðar í ánni, um 20 kílómetrum frá slysstað. Björgunarsveitarmenn töldu að lík þeirra sem saknað var hafi rekið niður ána, og leituðu meðfram árbökkum í gær.

Rútan var á leið frá Istanbúl til Van.

- smk





## Strokaðu út hættumerkin með Flora pro.activ

Rannsóknir sýna að kólesterólmagn lækkar umtalsvert þegar Flora pro.activ er notað í staðinn fyrir annað viðbit. Flora pro.activ inniheldur plöntusteróla sem lækka kólesterólmagn í blóðinu. Dagleg neysla á Flora pro.active er ljúffeng aðferð til að hugsa vel um hjartað og bæta heilsuna.

www.floraproactiv.co.uk









Kosið um sameiningu Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps:

# Sameining er formsatriði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Íbúar í Hólmavíkurhreppi og Broddaneshreppi kjósa um sameiningu hreppanna á morgun. „Ég verð að játa að það kæmi mér verulega á óvart ef sameiningu yrði hafnað,“ segir Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri í Hólmavíkurhreppi.

Í Hólmavík búa 462 íbúar en fimmtíu í Broddaneshreppi. „Það mætti kannski segja að það sé aðeins formsatriði að sameina hreppana tvo því samstarfið er mjög mikið. Til dæmis sækja grunnskólanemendur Broddaneshreppsskóla hér á Hólmavík og svo erum við með samvinnu í sorpmálum og brunavarnarmálum. Það sem fólk veltir fyrir sér er hvernig þetta kemur við budduna en fasteignagjöld eru reyndar þau sömu. Svo er þetta að sjálfsögðu tilfinningamál fyrir marga,“ segir sveitarstjórinn.

Í haust var kosið um sameiningu Árneshrepps, Hólmavíkurhrepps, Kaldrananeshrepps og Broddaneshrepps. Þeir síðastnefndu samþykktu sameiningu með miklum meirihluta en annars staðar var henni hafnað.

„Við í Hólmavík höfnuðum henni á þeim forsendum að ekki væri hægt að sameinast til dæmis Árneshreppi eins og samgöngurnar eru,“ útskýrir Ásdís. - jse



**FRÁ HÓLMAVÍK** Hólmvíkingar taka afstöðu til þess á laugardag hvort þeir vilji sameinast Broddaneshreppi.

# Minnihlutinn slítur tengsl við flokkana

**Minnihlutinn á Álftanesi hefur slitið tengslin við stjórnmálaflokka til að sameina menn úr öllum flokkum. Markmiðið er að fella meirihlutann, sem samþykkt hefur miðbæjarskipulag sem mikill órói ríkir um.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þegar eru komnar yfirlýsingar frá sjálfstæðismönnum um að þeir ætli að standa með okkur,“ segir Sigurður Magnússon, oddviti Álftaneshreyfingarinnar. Í hreyfingunni hafa hingað til verið liðsmenn Samfylkingar, Framsóknar, Vinstri grænna og óháðra en nú hefur verið ákveðið að fulltrúarnir verði ekki tilnefndir af stjórnmálaflokkum.



**SIGURÐUR MAGNÚSSON** Oddviti Álftaneshreyfingarinnar.

„Þessi ákvörðun tengist deilunni um miðbæjarskipulagið,“ bætir Sigurður við. Álftaneshreyfingin, sem er í minnihluta, hefur barist hart gegn miðbæjarskipulaginu en í lok desember ákvað Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri og sjálfstæðismaður, að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum við miðbæinn fram yfir kosningar vegna deilnanna sem höfðu skapast um málið. Um 700 manns höfðu skrifað undir mótmælaskjal þar sem bæjarstjórn er hvött til að hverfa frá þessu skipulagi en efna þess í stað til arkitektasamkeppni. Í síðasta mánuði staðfesti bæjarstjórn svo skipulagið. „Við gerðum athugasemdir við það því þá er verið að gera okkur erfitt fyrir að hverfa frá þessu skipulagi ef við komumst í meirihluta eftir kosningar í vor. Það er ástæðulaust að gera þetta erfiðara fyrir nýja bæjarstjórn,“ segir Sigurður.



**FRÁ AFHENDINGU UNDIRSKRIFTALISTA** Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri tekur hér við undirskriftalista frá Berglindi Libungan þar sem bæjarstjórn er hvött til að hverfa frá miðbæjarskipulaginu.

„Ég sagði í desember að við ættum að klára skipulagið en fresta framkvæmdum. Ef við hefðum frestað skipulaginu yrði það ónýtt því þetta ber að vinna eftir ákveðnum leiðum svo reglum sé framfylgt,“ segir Guðmundur. „Svo geta kjósendur lagt sitt mat á það sem við erum að gera og við lútum því. Ég veit að forsvarsmenn Álftaneshreyfingarinnar hafa sagt að þeir muni blása þetta af komist þeir í meirihluta.“

Að sögn Sigurðar byggist óánægja Álftaneshreyfingar og fleiri Álftnesinga á því að skipulagið geri ráð fyrir of þéttum miðbæjarkjarna, of háum byggingum, hættulegri umferðargötu við skóla og of stóru hjúkrunarheimili fyrir aldraða að þeirra mati. Þar er gert ráð fyrir að yfir hundrað aldraðir muni búa.

„Við óttumst að þetta verði til þess að við getum ekki sinnt þeim öldruðu nægilega vel sem búa í sínum heimahúsum en Álftaneshreyfingin leggur mikla áherslu á heimaþjónustu enda búa hér níutíu prósent íbúa í einkahúsi og því auðvelt að koma slíkri þjónustu við,“ segir Sigurður. jse@frettabladid.is

Átakið Fyrir hvert annað að hefjast í Vesturbæ Reykjavíkur:

# Mannlegra samfélag

**FÉLAGSMÁL** Innan skamms hefst í Vesturbæ Reykjavíkur sérstakt átak þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir félagslega einangrun og um leið auka samtakamátt íbúa á svæðinu.

Þema átaksins, sem haldið er að tilstuðlan Vesturgarðs, þjónustumiðstöðvar borgarinnar í hverfinu, er „Fyrir hvert annað“ og mun það standa í mánuð. Er því ætlað að stuðla að betri þjónustu gagnvart öllum sem nýta vilja sér þá þjónustu sem í boði er en sérstök áhersla verður lögð á að koma í veg fyrir félagslega einangrun eldra fólks og reynt að ná til þeirra með ýmsum leiðum sem ekki hafa verið farnar áður. Sérstök dagskrá hefur verið sett saman af þessu tilefni og munu til dæmis ungmenni og eldri borgarar í hverfinu vinna saman mósaíklistaverk hinn 13. mars en verkið verður svo sett upp á áberandi stað í hverfinu. Í boði verða einnig gönguferðir um Vesturbæinn undir leiðsögn. Í lok átaksins verður svo haldið málþing þar sem farið verður yfir árangurinn.



**FYRIR HVERT ANNAÐ** Óskar D. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vesturgarðs, Edda Bjarnadóttir, sem situr í notendaráði félagsmiðstöðvarinnar að Aflagranda, og Droplaug Guðnadóttir, forstöðumaður miðstöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Að sögn Óskars D. Ólafssonar framkvæmdastjóra er ætlunin að ná betra og víðtækara sambandi við íbúa hverfisins. „Í grunninn viljum við ná til víðari hóps fólks en hingað kemur reglulega og reyna saman að skapa þéttara og betra samfélag þeirra sem hér búa.“ - aöe

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31620 03/2006

## Næst ekur þú **Avensis**

Stundum er afskaplega erfitt að bæta við. Avensis er þannig bíll. Hann hefur einfaldlega allt sem þú þarft. Hvort sem um er að ræða afl, tæknibúnað, aksturseiginleika eða þægindi. Avensis uppfyllir og fer fram úr væntingum þínum.

Avensis er hugarsmíði þess bílaframleiðanda sem hefur komist í fremstu röð Formúlu 1 á aðeins fimm árum. Við væntum mikils á komandi keppnistímabili og í kjölfar fyrstu keppninnar í Bahrain bjóðum við 42″ Panasonic plasmaskjá að verðmæti 250.000 kr. með öllum Avensis sem afhentir eru fyrir 20. júní n.k.

**Panasonic 42″ plasmaskjár**
að verðmæti **250.000** kr. fylgir öllum **Avensis**

**Verð frá 2.240.000 kr.**

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

| Toyota | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |



„Fólk gerir ýmislegt til að láta sér líða betur.
Stundar yoga, hleypur og lyftir lóðum, borðar grænmeti,
gengur til sálfræðinga, les sjálfshjálparbækur.

Ég spara."

LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000
EYDDU Í SPARNAÐ

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi,
á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú
tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir
í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**

GOTT FÓLK McCANN

## „ORÐRÉTT“

### *Þeir eru skrítnir þessir listamenn*

**„Ég hef málað sömu könnuna og sömu skálina mörg þúsund sinnum en mér finnst ég samt ennþá vera að þróast og þroskast.“**

PÉTUR GAUTUR MYNDLISTARMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU.

### *Þú segir fréttir*

**„Það er gaman að vera Sunnlendingur og íbúi í Árborg þessi misserin.**

TÓMAS ÞÓRODDSSON, FRAMBJÓÐANDI SAMFYLKINGARINNAR Í ÁRBORG, Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGURÐUR SVERRIR JÓNSSON HREPPSTJÓRI SKILMANNAHREPPS

## *Rafmagn á síðustu bæi*

„Það er svo sem ekkert að frétta eða jú, hérna var heilmikill dansleikur fyrir skömmu,“ segir hreppstjórinn. Senn verður hreppstjórastaðan hans lögð niður en Skilmannahreppur hefur samþykkt sameiningu með nærliggjandi hreppum og tekur hún gildi í vor.

„Það var Skógræktarfélag Skilmannahrepps sem hélt kveðjudansleik en brátt rennum við saman í stærra sveitarfélag og því umbreytist skógræktarfélag hreppsins. Þetta var geysi fjölsótt skemmtun og góður rómur gerður að. Svo höfum við hjónin farið tvívegis að undanförnu upp á Langjökul. Við eigum vélsleða og þeysum á honum þegar tækifæri gefst. Myndavélin var höfð með og við náðum góðum myndum úr ferðinni. Þetta eru tólf tíma ferðir en það tekur okkur tvær klukkustundir að komast að skálanum við rætur jökulsins.“



Einnig virðist nóg um að vera í hreppsmálunum. „Það er verið að leggja jarðlínustreng hér frá Grundartanga og að Ósi. Þetta mun breyta gífurlega miklu fyrir þá bændur sem enn eru með mótora að fá ódýrara rafmagn í hús. Svo verður líka algjör munur að losna við staurana og loftlínuna.“

Þau hjónin þeysa ekki aðeins um jökla á vélsleðum því þau aka skólabílnum í hreppnum og líkar hreppstjóranum starfið vel. „Ég hef gert þetta í 20 ár. Krakkarnir eru hinu bestu farþegar svo þetta er nokkuð gott,“ segir oddvitinn.

Hann vill ekkert um það segja hvað hann gerir þegar staða hans verður lögð niður við sameininguna.

## SJÓNARHÓLL

### FÁ EKKI AÐ SKÍRA SON SINN TWIST



KRISTINN SNÆLAND LEIGUBÍLSTJÓRI

### *Sammála*

„Mér dytti alls ekki í hug að skíra son minn Taxi til dæmis,“ segir Kristinn Snæland leigubílstjóri um þá ákvörðun mannanafnanefndar að meina fólki að skíra son sinn Twist. Kristinn er sumsé sammála ákvörðun nefndarinnar. „Mér finnst sjálfsagt að mannanafnanefnd sé íhaldssöm og ég er sjálfur íhaldssamur þegar kemur að íslensku máli.“ Kristinn lætur sér annt um íslenskt mál og vill standa um það vörð og hugnast illa þróunin sem orðið hefur.

„Mér finnst að mannanafnanefnd eigi svo sannarlega að standa vörð gegn svona vitleysu. Þristur hefði getað gengið enda er það jú íslenska,“ segir Kristinn hlæjandi að lokum.



**HUNDUR EÐA MAÐUR?** Þessi myndarlegi doberman hundur gægist fyrir horn á hundasýningunni miklu í Birmingham í Englandi. Sýningin er nú haldin í 115. sinn og eru 24 þúsund hundar frá 32 löndum til sýnis. Gestir sýningarinnar skipta tugþúsundum og er hún jafnan talin hápunktur hundalífs í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# Kúrekinn bregður búi og selur Kántrýbæ

**Hallbjörn Hjartarson vill selja Kántrýbæ og Útvarp Kántrýbæjar. Aldarfjórðungs langri baráttu hans fyrir vexti og viðgangi kántrýmenningar á Skagaströnd er lokið. Hallbjörn segist þó verða kúreki svo lengi sem hann dregur andann.**

„Þetta er allt til sölu, bæði Kántrýbær og Útvarp Kántrýbæjar og ég vil selja þetta á einu bretti,“ segir Hallbjörn Hjartarson, kúreki norðursins, sem hefur lagt aleiguna, líf sitt og sál í að gera Skagaströnd að kántrýbæ. Hann segist kominn á áttræðisaldur og baráttuþrekið minnki með degi hverjum.

„Ég tek þessa ákvörðun með trega í hjarta og hryggð í brjósti en sé ekki að aðstæður hér á Skagaströnd eigi eftir að breytast mér í vil á næstu árum.“ Með þessum orðum vísar Hallbjörn til þess tómlætis sem hann segir hafa einkennt hreppsnefnd Höfðahrepps í málefnum kántrýmenningarinnar og baráttu hans fyrir uppgangi hennar í bænum. „Þetta byrjaði allt með fyrstu plötunni minni Kántrý eitt og síðan hef ég þróað þetta stig af stigi. Hápunktinum var náð með síðustu kántrýhátíð en hana sóttu á þrettánda þúsund manns. Það var óneitanlega harkalega að mér vegið þegar hreppsnefndin ákvað að blása hátíðina af til frambúðar og fáir hafa skilið þá skammsýni sem í því ráðslagi birtist.“

Hallbjörn segist sannfærður um að ef hreppsnefndin hefði staðið við bakið á honum frá upphafi hefði kántrýmenningin hlaðið utan á sig og orðið að þungamiðju Skagastrandar. „Ef menn hefðu viljað sjá þann vaxtarsprota sem í þessu fólst fyrir bæinn hefði verið hægt að gera hér stóra hluti, staðnum til hagsbóta í framtíðinni.“

Hallbjörn er sár yfir endalokunum en kann ekki almennilega skýringu á hvers vegna svona þurfti að fara. Honum dettur þó helst í hug að uppruni hans hafi eitthvað um það að segja. „Þegar maður er ekki kominn af rétta ættbálknum á maður sér ekki viðreisnarvon í lífinu. Þá er maður bara þaggaður niður. Þó ég sé ekki fæddur hér á Skagaströnd hef ég alla tíð litið á mig sem Skagstrending enda hef ég átt hér heima. Ég vildi berjast til sigurs fyrir staðinn minn en stundum hef ég efast um hvar ég í raun og veru á heima, einkum þegar moldin sem verndaði ræturnar er fokin út í veður og vind. Enginn virðist vera samstíga mér í því sem ég hef viljað standa fyrir. Ég neita því ekki að þannig hefur mér verið innanbrjósts all lengi.“

bjorn@frettabladid.is



**KÚREKINN KVEÐUR** Hallbjörn Hjartarson tekur hattinn ofan þegar hann auglýsir Kántrýbæ og Útvarp Kántrýbæjar til sölu. Í aldarfjórðung hefur hann barist fyrir vexti og viðgangi kántrýmenningarinnar á Skagaströnd og það er með trega í hjarta og hryggð í brjósti sem hann ákveður að selja. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÖRN JÓNSSON




# Kranaborg í Borgartúni

Tugir byggingakrana snúast fram og til baka í Borgartúninu þessa dagana. Þar er unnið að byggingu þriggja húsa, sem skjótast upp úr grunnum sínum af ógnarhraða.

Eykt hefur risavaxið verkefni í smíðum á mótum Borgartúns og Sætúns. Þar rís Höfðatorg sem verður sambland skrifstofu- og þjónustuhúsnæðis, íbúða og verslana. Í fyrsta áfanga er byggð 8.600 fermetra skrifstofubygging. Áætlað er að húsið verði fullbúið í upphafi næsta árs.

Á lóð Bílanausts reisir Þyrping 12.000 fermetra skrifstofu- og þjónustuhúsnæði. Stefnt er að framkvæmdum ljúki næsta vor.



**KRANI VIÐ KRANA** Miklar byggingaframkvæmdir eru í Borgartúni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá rís ný bygging KB banka á lóðinni fyrir framan höfuðstöðvarnar í Borgartúni 19. Húsið verður áþekkt núverandi húsi sem er vel á fjórða þúsund fermetra.

- bþs




# Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

- hvort sem er kaup eða endurfjármögnun

Stuttar boðleiðir:
Þú færð svar innan þriggja virkra daga
frá því að þú skilar fullnægjandi gögnum.

Nýttu þér ráðgjöf okkar og persónulega þjónustu
sem tekur mið af þínum þörfum.
Komdu við í næsta útibúi SPRON
eða hafðu samband í síma 550 1200.

HÉR & NÚ / SÍA

Fyrirtækjaþjónusta

spron.is 550 1200

spron

## Svona erum við

> Algengustu nöfnin árið 2002




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** GRÁGÆSIN KEMUR TIL ÍSLANDS

# *Engin sérstök hætta á fuglaflensu*

Grágæsin er algengasta gæsategundin á Íslandi og nú er hún komin til landsins eftir vetursetu á Bretlandseyjum. Gæsin kemur yfirleitt til landsins um mánaðamótin mars-apríl, flestar koma þó í síðari hluta aprílmánaðar og er hún því tímanlega á ferðinni núna.

**Hvernig lifir grágæsin á Íslandi?**
Grágæsin verpir á láglendi um allt Ísland. Varpið stendur fram í maí og verpir grágæsin fjórum til sex eggjum. Grágæsirnar lifa á jurtum og sækja í ræktað land, sérstaklega á haustin, bændum oft til mikillar armæðu enda telja þeir sig margir verða fyrir miklum skaða af þeirra völdum.

**Hve margar eru grágæsirnar?**
Grágæsin hefur verið talin árlega í Bretlandi og er stofninn talinn um 80 þúsund fuglar á vetrarstöðvum eftir að veiðitíma er lokið hér á landi.


GRÁGÆSIN

Grágæsum hefur þó fækkað upp á síðkastið og er gæsin á válista en þó er talið að stofninn hafi verið vanmetinn á síðustu árum og er ekki vitað hvar ákveðinn hluti stofnsins hefur vetursetu. Eftir að skráning skotveiða hófst hér á landi árið 1995 kom í ljós að stofninn var stærri en áður hafði verið talið. Farmynstur grágæsarinnar virðist líka hafa breyst þannig að þær hafa vetursetu víðar en í Skotlandi og Norður-Englandi, meðal annars í Færeyjum og Noregi.

**Getur fuglaflensa borist með grágæsinni?**
Fuglaflensan hefur ekki enn borist til Bretlands þannig að ekki ber grágæsin fuglaflensuna frá Bretlandi til Íslands. Ekki er vitað til þess að fuglaflensan hafi borist til Noregs en hún er komin til Svíþjóðar. Það er þó ekki víst að það skapi neina sérstaka hættu að sinni þó að búast megi við að sýktir farfuglar berist til landsins.

## SPURT & SVARAÐ

ATVINNULEYSI Á NORÐAUSTURLANDI

# *Álver mun bjarga miklu*

Undanfarin ár hafa 300 til 400 manns að jafnaði verið án atvinnu á Norðurlandi eystra. Samkvæmt nýjum tölum frá Vinnumálastofnun eru nú vel á fimmta hundrað manns á Norðurlandi eystra á atvinnuleysisskrá og er atvinnuástandið hvergi verra á landinu öllu. Aðalsteinn Á. Baldursson er formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.


**AÐALSTEINN Á. BALDURSSON**
formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur

**Afhverju er viðvarandi atvinnuleysi á Norðurlandi eystra?**
Það er erfitt að svara þessari spurningu og ekkert einhlítt svar til við henni. Samdráttur í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði leikur þar þó stórt hlutverk en á sama tíma hefur lítið sem ekkert komið í staðinn.

**Hverjir eru án atvinnu?**
Stærsti hópurinn er ófaglært verkafólk. Þeir sem hafa háskólamenntun eiga möguleika á fleiri störfum en ófaglærðir og ráða sig gjarnan tímabundið í störf sem ekki liggja að þeirra menntun eða þangað til þeir fá atvinnu við sitt hæfi.

**Hvað er til ráða?**
Stór vinnustaður eins og álver mun höggva verulega í atvinnuleysið á svæðinu en eitt og sér dugar það ekki til. Stjórnvöld þurfa einnig að koma myndarlega að uppbyggingu atvinnulífsins á svæðinu, til dæmis með nýsköpun og flutningi opinberra starfa eins og löngum hefur verið lofað en lítið staðið við. Sveitarfélögin í landinu standa flest hver illa og eru ekki í stakk búin til að taka á vandanum og því verður ríkisvaldið að koma að lausn mála.




# Fóstureyðingar bannaðar

**Ný lög í Suður-Dakóta eru mikið hitamál í Bandaríkjunum þessa dagana. Ástæðan er sú að þau banna fóstureyðingar nær með öllu, en samkvæmt 33 ára gömlum hæstaréttarúrskurði Bandaríkjanna hafa stjórnir einstakra ríkja innan þeirra ekki heimild til að banna fóstureyðingar. Ásaka sumir ríkisstjóra Suður-Dakóta um að vera meira umhugað um pólitískar vinsældir sínar, heldur en líf og heilsu kvenna.**



**FÓSTUREYÐINGAR** Kona heldur á skilti sem á stendur: „Þeir sem framkvæma fóstureyðingar bjarga lífum kvenna." Konan var á baráttufundi fyrir réttindum kvenna á alþjóðlegum baráttudegi kvenna á miðvikudag í Chicago.NORDICPHOTOS/AFP

Deilur um fóstureyðingar hafa náð nýju hámarki síðustu dagana í Bandaríkjunum eftir að Mike Rounds, ríkisstjóri Suður-Dakóta, samþykkti lög á mánudag sem banna allar fóstureyðingar í fylkinu, nema líf móðurinnar sé í hættu. Engar undantekningar eru gerðar vegna þungana af völdum nauðgana eða sifjaspella, eða heilsu konunnar, og læknar sem framkvæma fóstureyðingar geta átt von á allt að fimm ára fangelsi. Lögin eiga að taka gildi 1. júlí, en líklegt þykir að málaferli muni fresta gildistöku þeirra.


MIKE ROUNDS

Þetta er mikið hitamál í Bandaríkjunum, og segja margir andstæðingar fóstureyðinga lögin of hörð. „Að heimila ekki undanþágu vegna nauðgana, sifjaspella eða heilsu móðurinnar er of róttækt," sagði Pat Haley, þingmaður repúblika í Suður-Dakóta, sem kaus gegn lögunum þótt hann sé annars fylgjandi banni við fóstureyðingum. „Flestir þeir sem ég hef talað við um þetta telja þetta vera afar kjánalega löggjöf, og þeir eru flestir andvígir fóstureyðingum."

Fóstureyðingar hafa verið löglegar í Bandaríkjunum síðan árið 1973, þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna ákvarðaði, í málinu Roe gegn Wade, að stjórnir einstakra ríkja hefðu ekki umboð til að banna fóstureyðingar. Nýjum lögum Suður-Dakóta er ætlað að neyða hæstaréttinn til að endurmeta þann úrskurð, að sögn Rounds.

Starfsmenn einu fóstureyðingamiðstöðvar Suður-Dakóta lýstu því yfir að þeir myndu spyrna við nýju lögunum með málaferlum eða undirskriftalistum, og lofuðu að dyrum þeirra yrði ekki lokað. „Við höfum fullan hug á að veita þessum lögum mótspyrnu," sagði Kate Looby, forstjóri fóstureyðingarmiðstöðvarinnar Planned Parenthood í Suður-Dakóta.

Málaferlin geta tekið mörg ár og þykir líklegt að dómarar stöðvi fullgildingu laganna þar til þeim lýkur og að þau taki þá eingöngu gildi vinni Suður-Dakóta málaferlin.

Margir telja tvo nýja dómara hæstaréttarins, íhaldsmennina John Roberts og Samuel Alito, líklega til að styðja nýju lögin. George W. Bush Bandaríkjaforseti skipaði þá báða, en Bush sjálfur er yfirlýstur andstæðingur fóstureyðinga. Þó telja talsmenn helstu samtaka Bandaríkjanna gegn fóstureyðingum, National Right to Life Committee, að þrátt fyrir nýju dómarana muni samt fimm af níu dómurum hæstaréttarins styðja ákvörðunina frá árinu 1973. Jafnframt benti Susan Hill, yfirmaður einu fóstureyðingarmiðstöðvarinnar í Mississippi, á að tímasetning lagasetningarinnar sé alröng, þar sem Bush Bandaríkjaforseti hafi heldur lítinn stuðning landsmanna sinna þessa dagana og margir kjósendur eru þegar óánægðir með repúblika.

Verið er að íhuga fóstureyðingabann í Mississippi, Georgíu, Indiana, Missouri, Ohio, Kentucky og Tennessee, og þykir líklegt að niðurstaða þessa máls muni hafa mikil áhrif á framgöngu mála í þeim ríkjum. En þar, jafnt sem í Suður-Dakóta, telja margir lög Rounds of hörð. Bæði stjórnmálamenn og talsmenn helstu andstæðinga fóstureyðinga hafa bent á að skynsamlegra sé að gera konum óhægt um við vik að sækja um fóstureyðingar, frekar en að setja nær algjört bann við þeim. Lög sem fyrirhugað er að setja í Mississippi eru svipuð þeim í Suður-Dakóta, en leyfa þó fóstureyðingar sé þungunin afleiðing nauðgunar eða sifjaspella. Stjórn Georgíu íhugar að skipa læknum að bjóða konum sem óska eftir fóstureyðingum að sjá fóstrið í ómsjá, og í Oklahoma gætu læknar þurft að segja konum sem leita fóstureyðingar eftir tuttugu vikna þungun að fóstrin geti fundið til sársauka.

„Stuðningsmenn laganna trúa að fóstureyðing sé röng því ófædd börn eru mest berskjölduðu og hjálparlausu einstaklingarnir í þjóðfélagi okkar. Ég er þeim sammála," sagði Rounds, sem jafnframt heimilaði að ríkið setti upp bankareikning, þar sem stuðningsmenn laganna geta lagt inn fé sem ætlað er að greiða fyrir málaferli ríkisins.

Looby sagði Rounds „vera meira umhugað um stjórnmál en um frelsi kvenna í Suður-Dakóta til barneigna".

Peter Brownlie, yfirmaður Planned Parenthood í Kansas og Missouri, sagðist upp á síðkastið hafa heyrt mikið frá fólki sem yfirleitt sýnir fóstureyðingum lítinn eða engan stuðning. „Þetta er fólk sem trúir að ríkisstjórnir eigi ekkert með að skipta sér af svo persónubundnum ákvörðunum og er felmtri slegið yfir framgangi mála," sagði Brownlie.

Dæmi hæstirétturinn Suður-Dakóta í hag, þykir líklegt að yfir 20 ríki Bandaríkjanna myndu banna nær allar fóstureyðingar, önnur myndu halda lögum sínum eins og þau eru í dag, og enn önnur myndu herða lög sín þar um.



**GEGN FÓSTUREYÐINGUM** Unglingar mótmæla fóstureyðingum í Washington í janúar í ár, 33 árum eftir að fóstureyðingar voru heimilaðar í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP


FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
sigrun@frettabladid.is

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS OGV 31680 03/2006



# landslag
*fólkið í landinu*

ATVINNUREKANDINN: GRÓÐRARSTÖÐIN Í DALSGARÐI

## *Blómleg starfsemi í dalnum*

„Það er alveg óhætt að segja að ég sé í blóma lífsins,“ segir Gísli Jóhannsson garðyrkjubóndi í Dalsgarði. Þar fer fram mikil blómaræktun en hann ræktar ógrynni túlípana, páskalilja og rósa. Hann var að dytta að blómunum ásamt Ligite Petraityte þegar tvímenningana bar að blómagarði. „Nú er verið að gera allt klárt fyrir páskana en þeim fylgja mestu annirnar hjá okkur. Annars ræktum við um 400 þúsund túlípana, 40 þúsund páskaliljur, 20 til 30 þúsund lauka og helling af rósum. Ætli þær séu ekki um þúsund á dag. Annars fer ræktendum fækkandi þessi síðustu ár. Ég held að þeim hafi fækkað um helming aðeins á fjórum árum þannig að ég myndi telja að við værum um tólf til fimmtán eftir á landinu öllu. En guðspjall dagsins hjá okkur er að rækta lífrænt og vera ekki að gusa í þetta allskonar efnum. Það er reyndar aðeins meiri vinna í kringum það en afskaplega skemmtileg vinna. Svo erum við að reyna að tolla í hæsta gæðaflokki.“

Gísli segist vera fæddur inn í þetta en foreldrar hans hófu blómaræktun í Dalsgarði. „Svo vorum við bræðurnir í þessu en nú er ég einn eftir,“ segir hann.

Ligite kemur frá Litháen og kann vel við sig í kanaríloftslaginu í Dalsgarði. Henni þótti þó ekki mikið til koma þegar blaðamaður greip rós til að færa henni enda umkringd slíku allan liðlangan daginn. Gísli er hins vegar líklegur til að spjalla við rós sé honum afhent hún en hann segist tala við blómin meðan hann dytti að þeim. Það er hins vegar ekki jafn freistandi að færa honum rós.



**GÍSLI OG LIGITE.**

## STAÐURINN
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### *Mosfellsdalur*

**Íbúafjöldi í desember 2005:** 206.
**Íbúafjöldi í desember 2000:** 219.
**Íbúafjöldi í desember 1997:** 206.

**Sveitarfélag:** Mosfellsbær.
**Bæjarstjóri:** Ragnheiður Ríkarðsdóttir.

**Helstu atvinnufyrirtæki:**
Kúabúið Hrísbrú.
Gróðrastöðin Dalsgarði.
Safnið á Gljúfrasteini.
Hestaleigan Ferðahestar.
Hestaleigan í Laxnesi.
Meðferðarheimilið Hlaðgerðarkoti.
Golfvöllurinn Bakkakoti.

**Vegalengd frá Reykjavík:**
20 km (miðað við Gljúfrastein).



**Í MOSFELLSDAL** Kirkjan á Mosfelli krónar dalinn. Einhvers staðar í gilinu þar fyrir ofan gæti svo silfur Egils verið að finna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sveitungar í túninu heima

**Dumbungur víkur fyrir geislum sólar þegar Jón Sigurður Eyjólfsson og Gunnar V. Andrésson aka inn Mosfellsdalinn. Víða um dalinn eru hross á beit og einhvers staðar við Mosfellið leynist silfur Egils en tvímenningarnir ætla hins vegar að kanna mannauðinn í sveitinni og skunda því á milli bæja.**

Þó að radíus höfuðborgarsvæðisins virðist vera að teygja sig yfir Mosfellsdalinn þá virðist sveitamenningin þar ekki ætla að láta undan síga. Yfir tvö hundruð manns búa í dalnum og sækja flestir vinnu sína í borgina. Þó er samheldnin mikil enda hefur viss íbúakjarni haldið þar velli þó ágangur aðkomumanna gerist sífellt meiri.

### Aðkomumaður í tæp fjörutíu ár

Fyrst er komið við á æskuheimili nóbelskáldsins í Laxnesi en þar býr ævintýramaðurinn Þórarinn Jónasson. Hann rekur hestaleigu þar og svo hefur hann gert gömlu hlöðuna að hinum veglegasta veislusal. Gestirnir sem notið hafa aðstöðunnar á Laxnesi eru ekki af verri endanum. „Hér hafa ólíklegustu menn skotið upp kollinum, til dæmis kom Rod Stewart hér fyrir nokkrum árum,“ segir Þórarinn. „Hann mátti hins vegar ekkert vera að því að ríða út enda kom hann uppáklæddur líkt og Raggi Bjarna þegar hann kom hingað. Það sama verður þó ekki sagt um piltana í Metallica en þeir riðu út allan daginn þegar þeir dvöldu hér. Þetta eru miklir sómamenn og það var ekkert sukk eða svínarí á þeim heldur bara einskær gleði. Sömu sögu er að segja um langflesta hestamenn, þetta er ekki eins og í gamla daga þegar menn voru með bokkuna í annarri og beisli í hinni.“

En aðspurður um sveit og sveitunga segir Þórarinn: „Ég er búinn að búa hér í fjörutíu ár og það er rétt núna sem ég hef unnið mig upp úr því að vera aðkomumaður hér í sveit. Það er mikil samheldni hérna og ekki hlaupið að því að koma úr borginni og vera meðtekinn hér sem sveitungi. En svo veit ég það að fólk í Mosfellsbænum álítur okkur hálf biluð, ég segi ekkert um það hvort eitthvað sé hæft í því.“

Að svo mæltu kemur hestamaður með gest í hlöðuna og heilsar Þórarni en segir svo við gestinn: „Hér er gaman að fá sér í staupinu.“

### Gengið skáldaleiðir

Bjarki Bjarnason frá Hvirfli hefur undanfarin ár kynnt dalinn fagra. Fer hann þá svokallaðar skáldaleiðir og segir af mikilli innlifun frá skáldum sem hafa skilið eftir sögu við sérhvern hól. „Til dæmis er komið við hjá Guddulaug svokallaðri en Halldór sagði frá henni í bókinni Í túninu heima,“ segir Bjarki. „Hann segir þar að allir hafi trúað á lækningamátt vatnsins úr Guddulaug en efalítið er það aðeins fært í stílinn en menn hafa nú skáldaleyfi hér í dalnum. En svo segir hann frá því að hann hafi alltaf sótt vatn fyrir föður sinn. Eitt sinn varð svo faðir hans veikur og þá sótti skáldið vatn fyrir hann í Guddulaug og honum batnaði jafnskjótt. Svo varð faðir hans aftur veikur en þá var skáldið í Reykjavík að ganga frá Barni náttúrunnar og komst ekki til að færa föður sínum vatn og þá dó hann.“

Bjarki segir göngugarpana jafnan drekka úr Guddulaug og hafi einhverjir kvillar verið að plaga þá verða þeir jafnan eins og nýslegnir túskildingar eftir góðan sopa.

Bjarki lifir sig inn í hlutverkið og hermir jafnvel eftir skáldinu þegar svo ber undir. Það er engu líkara en tvímenningarnir séu staddir með honum í túninu heima.

### Æskuheimilið verður að safni

„Ég komst að því þegar ég starfaði í bæjarpólitíkinni að nágrannar okkar úr Mosfellsbæ álíta okkur hálf skrítin,“ segir Guðný Halldórsdóttir þegar tvímenningarnir tóku hús á henni. „Það var alltaf talað við mann með einhverju sálfræðilegu ívafi. En fólk sem hefur búið á sömu þúfunni alla tíð verður náttúrlega svolítið heimaríkt og við stöndum saman. Það kann að vera það sem veldur þessu,“ segir hún og brosir við.

Guðný er dóttir nóbelskáldsins líkt og flestir vita og býr hún á Melkoti steinsnar frá Gljúfrasteini. „Þetta er vissulega nokkuð skrítið að sjá æskuheimili sitt verða að safni en vissulega sá ég að í þetta stefndi og gat því undirbúið mig. Nú reyni ég eftir fremsta megni að aðstoða þetta góða fólk sem að því stendur,“ segir Guðný og lítur í kringum sig í túninu heima.



**GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR** Guðný sér æskuheimili sitt úr eldhúsglugga sínum á Melkoti. Æskuheimili sem nú er orðið að safni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BJARKI BJARNASON FRÁ HVIRFLI** Saga leynist við hvern hól í Mosfellsdal og hefur Bjarki í nógu að snúast við að skila henni til ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
399 Móa kjúklingur ferskur kr./kg.
99 Sorella pizzur 3 teg. kr./stk.
43% afsláttur
30% Afsláttur Goða dönsk lifrarkæfa 182 kr./stk.
30% Afsláttur Ali Medisterpylsa 454 kr./kg.
30% Afsláttur Ali bjúgu 4 stk. 377 kr./kg.
Krónubrauð stórt og gróft 99 kr./stk.
KRÓNUBRAUÐ
STÓRT OG GRÓFT
Fine taste smábrauð 149 kr./pk.
Del Monte blandaðir ávextir 159 kr./stk.
Fruit Cocktail
Merrild kaffi 500g 333 kr./pk.
Merrild
Shop Rite eldhúsrúllur 3 stk. 349 kr./pk.
Quilted Towels
Laukur 1 kg í neti 29 kr./pk.
Jöklasalat 169 kr./kg.
Rauð epli 79 kr./kg.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ


Tilboð í viku 10 gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast
Enn fleiri
FRÁBÆR OG FJÖLBREYTT FERMINGARÚR Í ÚRVALI
TILBOÐ Á ÚRUM! 1499 KR. VELJIÐ SJÁLF!
SERVÖRU VERSLANIR
Litir!
Úrval!
2 FERSKAR EUROSHOPPER BAGÚETTUR Í PAKKNINGU
2 BAGÚETTUR 79 KR. 300g
Nýtt!
EURO SHOPPER
CIABATTABRAUÐ FRÁ EUROSHOPPER, FORBAKAÐ, FERSKT OG KLÁRT Í OFNINN
CIABATTABRAUÐ 79 KR. 225g
Ciabatta
TÓMATSÓSA 49 KR. 397g
397g
Hunt's Ketchup
LÍNUÝSA 599 kg KR. FRÁ NORÐANFISKI
LÍNUÝSA ROÐLAUS BEINLAUS FROSIN
ORGANIC HUNANG 499 KR. EITT KÍLÓ
LÍFRÆN FRAMLEIÐSLA
1 kíló
Bónus býður betur!
McCain PIZZA CRESCENDO RISING CRUST PIZZA PIZZA LEVE AU FOUR
DELUXE
PEPPERONI
McCain tröllapitsa 399 KR. 830/900g
TRÖLLAPITSAN MEÐ IDOLINU!
McCain GARLIC FINGERS BÂTONNETS à L'AIL
McCain PITSUSTANGIR 399 KR. 472g
-OG HVÍTLAUKSSTANGIRNAR
Chips Paprika
Chips Natural • Naturel • Salta
EUROSHOPPER SNAKK 98 KR. 200 GRÖMM
200g
CAMEMBERT Le Val
240g 298 KR. CAMEMBERT
Sá stóri!
Stóri franski Camembertinn kominn aftur!
Lífræn Jógurt
Nýtt!
Lífræn jógúrt!
NÚ FÆST Bio Bú LÍFRÆN JÓGÚRT Í VERSLUNUM BÓNUSS
BÓNUS


tilboð frá Bónus!
FERSKAR HOLTA KJÚKLINGABRINGUR MEÐ 35% AFSLÆTTI!
-ferskvara
40% AFSLÁTTUR
179 kg KR.
MERKT VERÐ 299KR.
35% AFSLÁTTUR
1559 KR.
Merkt verð 2399KR.
Lífrænt ræktaða Newman's Own salatið fæst nú í Bónus!
Lífræn ræktun!
NEWMAN'S OWN
LÍFRÆNT SALAT
289 KR.
142g
KRYDDFETI/LÉTTFETI
MJÓLKURFETI
195 KR.
200g
BRÚNU EGGIN
FÁST NÚ Í BÓNUS
10 EGG
399 KR.
VISTVÆN
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
EKKERT BRUÐL
-ferskar bringur
KRYDDLEGNAR KF SVÍNAKÓTELETTUR
KJARNAFÆÐI
40% afsláttur
við kassann
KF SVÍNAKÓTELETTUR
959 kg KR.
MERKT VERÐ 1598KR.
Gjafaaskja
750 ml + KARAFLA
699 KR.
Ólífuolía 750ml og ólífukarafla
BEN & JERRY'S ÍS
398 KR.
BOXIÐ
EKKERT BRUÐL
-lambalærið
KRYDDAÐ LAMBALÆRI
998 kg KR.
BÓNUSLÆRI
www.bonus.is
BÓNUS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.271 **-0,41%**

**Fjöldi viðskipta:** 1105
**Velta:** 13.587 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL** | 2,82% | **Flaga** | 6,33% |
| **Grandi** | 2,30% | **Alfesca** | 2,81% |
| **Össur** | 0,90% | **Landsbanki** | 2,17% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 58,50 +0,86% ... Alfesca 3,80 -2,81%... Atorka 6,05 +0,83% ... Bakkavör 50,00 -0,79% ... Dagsbrún 6,90 -0,58% ... FL Group 25,50 +2,82% ... Flaga 3,55 -6,33% ... Íslandsbanki 19,20 -0,52% ... KB banki 900,00 +0,00% ... Kögun 65,50 +0,00% ... Landsbankinn 27,10 -2,17% ... Marel 68,80 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,57% ... Straumur-Burðarás 18,20 -1,62% ... Össur 112,00 +0,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Slökkt á perunni

Í geðshræringunni á hlutabréfamarkaði undanfarna daga hafa fjármálafyrirtækin leitt lækkanir. Hins vegar hafa þau framleiðslufyrirtæki sem keppa á erlendum mörkuðum hækkað lítillega. Actavis skilaði mjög góðu uppgjöri, sem var fyrir ofan væntingar markaðsaðila, eftir lokun markaða á þriðjundaginn. Fjárfestar voru hins vegar furðu lengi að kveikja á perunni og hækkuðu bréf félagsins ekkert að ráði fyrr en í gær. Kannski hafði það þá eitthvað að segja að Landsbankinn mælir með því að fjárfestar yfirvogi bréf Actavis í vel dreifðu eignarsafni. Þá hefur HB Grandi, ein stærsta útgerð landsins, notið góðs af lækkun krónu og umróti í kringum bankanna á undanförnum dögum. Bréf Granda hafa hækkað um fimmtung frá áramótum, þar af um átta prósent í vikunni.




### Eignarhaldsfélagið ehf.

KB banki hefur yfirgefið hluthafahóp Baugs og græddi vel á fjárfestingunni. Gaumur, fjárfestingafélag Bónusfjölskyldunnar, og eignarhaldsfélag Ingibjörg Pálmadóttir eignuðust bréfin. Norrænir fjölmiðlar hafa sýnt þessum viðskiptum áhuga og þannig greindi Dagens Industri frá því að að íslenski bankinn hefði selt öll Baugsbréfin og grætt 3,3 milljarða króna. Hins vegar er umdeilanlegra hvort blaðið fari rétt með kaupendurna. „Köpare är Gaumur og Eignarhaldsfélagid," segir viðskiptablaðið sænska.

## MARKAÐSPUNKTAR

Gengi íslensku krónunnar styrktist um 0,26 prósent í gær eftir að hafa lækkað um 3,93 prósent í fyrradag.

Hagstofan mun birta verðbólgutölur í dag. Almennt er búist við að verðbólga mælist 0,7 til 0,9 prósent í mánuðinum.

Lækkun krónunnar hafði áhrif víða. Smærri gjaldmiðlar veiktust í kjölfarið og því var haldið fram í frétt Finsburys að gengi EasyJet hefði lækkað vegna tengingar félagsins við íslenska fjárfesta.

# Krefst 940 milljóna auk dráttarvaxta

Atorka Group, næststærsti hluthafinn í Hampiðjunni, telur að stærsti hluthafinn, Eignarhaldsfélagið Vogun, hafi gerst yfirtökuskyldur í Hampiðjunni og hefur stefnt Vogun.

Krefst Atorka þess að Vogun kaupi 21,85 prósenta hlut félagsins í Hampiðjunni á genginu 8,6 auk dráttarvaxta. Eignarhluturinn er því metinn á 940 milljónir króna.

Er það mat Atorku að Vogun hafi gerst yfirtökuskylt í Hampiðjunni vegna viðskipta sem áttu sér stað í nóvember þegar Vogun og tengdir aðilar fóru samanlagt yfir 45 prósenta eignarhlut. Yfirtökunefnd taldi í áliti sínu þann 5. desember að Vogun væri skylt að gera yfirtökutilboð en ákvað að aðhafast ekkert þegar eigendur Venusar, sem er þriðji stærsti hluthafinn í Hampiðjunni og í eigu sömu manna



**EIGENDUM VOGUNAR STEFNT** Atorka Group krefst þess að Kristján Loftsson og öðrum eigendum Vogunar verði gert að kaupa hlutabréf Atorku í Hampiðjunni fyrir 940 milljónir króna.

og eiga Vogun, brugðust við álitinu með því að selja tæpt prósent.

Í skráningarlýsingu frá Atorku Group kemur fram að lögfræðingar félagsins reikni með að endanleg niðurstaða liggi fyrir eftir tólf til átján mánuði. **- eþa**

# Styðja þarf bankana í kynningu á aðstæðum hér

**Mikilvægt er að lagst sé á árar með bönkunum í kynningarstarfi í útlöndum. Sérfræðingar segja lítinn mun á íslenskum bönkum og erlendum og undrast álit Merrill Lynch enda hafi matsstofnanir nýverið staðfest lánshæfismat sitt á bönkunum.**

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segist ekki sjá að fjármögnun íslenskra banka sé mjög frábrugðin öðrum erlendum bönkum þegar horft er til þess hvenær lán þeirra eru á gjalddaga eða til hversu langs tíma þeir fjármagni sig í senn.

„Dreifingin á því hvenær lán þeirra koma á gjalddaga er mjög sambærileg," segir Tryggvi eftir að hafa farið yfir upplýsingar um endurfjármögnunarþörf stóru norrænu bankanna auk Deutsche Bank í Þýskalandi. Hann segir þó vissulega rétt að dýrara sé fyrir íslensku bankana að endurfjármagna sig vegna þess að hér sé hagkerfið minna og stærðir óþekktari en í hinum löndunum. Hann segir ekki neinar kollsteypur í vændum þó að sá kostnaður bankanna aukist. „Þá minnka þeir útlánin og það hægir á vexti þeirra."

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, furðar sig nokkuð á neikvæðri umfjöllun um íslensku bankana og telur greiningarfyrirtæki, eða banka á borð við Merrill Lynch, tæpast hafa efni á að ætla að leiðbeina matsfyrirtækjum sem gjörþekki íslenskar aðstæður og hafi nýverið staðfest lánshæfismat sitt á bönkunum. „Hjá Moody's er fólk sem unnið hefur sem sérfræðingar í íslenskum málefnum í hálfan annan áratug," bendir hann á, en telur um leið ljóst að bankarnir þurfi á hverjum tíma að koma á framfæri upplýsingum um starfsemi sína. „Bankarnir hafa lagt sig mjög fram um að kynna starfsemi sína á alþjóðlegum vettvangi og brýnt er að allir sem að málum koma leggist á árar með þeim að skýra efnahagslegan grundvöll hinnar miklu útrásar sem nú stendur yfir."



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** Forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskólans segir litlu muna á dreifingu gjalddaga lána hjá íslenskum bönkum og erlendum.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir mikilvægast fyrir bankana að halda áfram að reyna að koma á framfæri réttum upplýsingum um bankana, þegar neikvæð umræða á borð við þá sem fram kemur í nýrri skýrslu Merrill Lynch fer af stað. „En bestu greiningarnar hljóta alltaf að vera frá matsfyrirtækjunum sem dýpst hafa kafað í þessi mál," segir hann og bætir við að mikill misskilningur sé í því fólginn að skipulag endurfjármögnunar hjá íslenskum bönkum sé frábrugðið því sem annars staðar gerist í Evrópu. „Auðvitað er það þannig þegar mörg ár í röð eru tekin lán til fimm ára, eins og algengast er hjá okkur, að 20 prósent eru að jafnaði til endurgreiðslu á hverju ári. Svo er til viðbótar einhver hluti í skammtímafjármögnun og koma þá auðvitað fram háar tölur, en þannig tel ég það vera hjá hverjum einasta banka," segir hann og áréttar mikilvægi þess að hlutir séu ekki málaðir svartari litum en efni standa til.

**olikr@frettabladid.is**

### SAMANBURÐUR BANKA, HLUTFALLSTÖLUR

| | Íslandsbanki | KB banki | Landsbankinn | Den Dansk Bank | Deutsche Bank |
|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 57,10% | 32,30% | 37,70% | 49,20% | 23,40% |
| Hreinar þjónustutekjur | 21,40% | 22,10% | 27,40% | 20,90% | 43,40% |
| Gengishagnaður | 8,70% | 36,70% | 25,80% | 18,60% | 29% |
| Aðrar rekstrartekjur | 12,80% | 8,90% | 9,10% | 11,30% | 4,20% |
| Hreinar rekstrartekjur | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 21,60% | 20% | 20,80% | 29,80% | 42,90% |
| Annar rekstrarkostnaður | 16,80% | 14,20% | 13,60% | 22,40% | 30,90% |
| Samanlagður rekstrarkostnaður | 38,40% | 34,20% | 34,40% | 52,20% | 73,80% |
| | | | | | |
| Virðisrýrnun útlána* | 0,13% | 0,17% | 0,44% | 0,05% | 0,04% |

*sem hlutfall af heildareignum

# Minni hagnaður hjá Granda

Hagnaður HB Granda hf. nam 547 milljónum króna á síðasta ári. Þetta er samdráttur upp á 447 milljónir króna frá 2004 þegar hagnaðurinn nam 994 milljónum króna.

Rekstrartekjur fyrirtækisins námu 10,8 milljörðum á síðasta ári en þær voru 9,2 milljarðar króna árið á undan. Þessi vöxtur um 16,5 prósent á milli ára skýrist einkum af tilkomu Engeyjar RE 1 og þeirra skipa sem bættust í flotann með samruna við Tanga og Svan RE 45, þ.e. Brettings, Sunnubergs og Svans, að því er fram kemur í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Þá kemur fram að árangur loðnuvertíðar hafi verið betri en árið áður og auknar tekjur hafi orðið við vinnslu uppsjávarfisks til manneldis. Loks hækkaði afurðaverð í erlendri mynt. **-jab**




Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir jólin. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar -og sykurþörfina, hvernig þú ferð a því að brenna meira og léttast.

**Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki**

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7.30
- Konur kl. 6.30, 10.00, 16.30 eða 18.30

**Nýtt námskeið hefst 13. mars nk.**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

NORDICASPA

# Skyrtuframleiðandi keyptur

Hlunnur ehf., sem er í eigu feðganna Þórarins Elmars Jensen og Markúsar og Gests Þórarinssona, sem áður ráku 66°Norður, hefur keypt skyrtuframleiðandann AB Vilkma í Litháen. AB Vilkma framleiðir hágæðaskyrtur fyrir þekkt vörumerki í Vestur-Evrópu, eins og Eton, Marks & Spencer og Faconnable, og markaðssetur einnig sín eigin vörumerki í Litháen.

Fyrirtækið var einkavætt eftir að Litháen hlaut sjálfstæði 1991 og þar starfa um 400 manns. Seljendur eru Evrópski þróunarbankinn, EBRD, og Þróunarsjóður Skandinavíu í Eystrasaltslöndunum. Sjóðirnir yfirtóku fyrirtækið 1996, skiptu um áherslur í rekstrinum og fóru úr fjöldaframleiðslu í framleiðslu á sérhæfðri hágæðavöru.

MP fjárfestingarbanki var fulltrúi kaupenda og Hansabank annaðist söluna. Skilmálar við kaupin hafa ekki verið birtir. - hhs



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGS Í VILNÍUS** Marius Binkevicius, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Hansabank, Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP fjárfestingarbanka hf., Gestur Þórarinsson, Björn G. Gillberg, fulltrúi EBRD, og Markús Örn Þórarinsson.

# Uppsagnir hjá Össuri í Ameríku

Össur hf. ætlar að endurskipuleggja hluta af starfsemi félagsins í Norður-Ameríku, að því er fram kemur í tilkynningu fyrirtækisins til Kauphallar Íslands í dag.

Endurskipulagningin er sögð þáttur í samþættingaráætlun félagsins í kjölfar kaupanna á stuðningstækjafyrirtækjunum Royce Medical og Innovation Sports í Bandaríkjunum.

Á árinu ætlar Össur að loka starfsstöð félagsins í Bothell í Washington, útvista fjöldaframleiðslu á spelkum og stuðningsvörum frá Norður-Ameríku til Asíu, flytja starfsstöð félagsins í Kanada í minna húsnæði, sameina framleiðslu sérgerðra hnjáspelkna í Bandaríkjunum í Foothill Ranch í Kaliforníu og koma fyrir á einum stað starfsstöðvum Jerome Medical og Philadelphia Collar í Thorofare í New Jersey. Á sama stað verður sett upp dreifingarmiðstöð fyrir austurströnd Bandaríkjanna.

Fram kemur að í kjölfar endurskipulagningarinnar verði starfsmönnum Össurar í Norður-Ameríku fækkað um áttatíu. „Félagið leggur áherslu á að veita fráfarandi starfsmönnum stuðning við umbreytingarnar, meðal annars í formi faglegrar ráðgjafar um starfsskipti,“ segir í tilkynningu til Kauphallar. - óká



**Á KYNNINGU Í BNA** Össur kynnti fyrir áramót í Bandaríkjunum nýja tegund af gervhné. Í forgrunni er Jón Sigurðsson, forstjóri fyrirtækisins.



**STÓRSÝNINGIN Í LAUGARDAL** Ráðstefnur, kynningarfundir og fleiri viðburðir verða í tengslum við sýninguna Verk og vit.

# Verk og vit í Laugardal

Um 120 fyrirtæki í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, sveitarfélög, hönnuðir og ráðgjafar munu kynna starfsemi sína á stórsýningunni Verk og vit 2006 sem verður haldin 16. til 19. mars í nýju íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal. Í tengslum við sýninguna, sem er bæði fyrir fagaðila og almenning, verða haldnar ráðstefnur, kynningarfundir og fleiri viðburðir.

Mikill áhugi er á sýningunni og hafa öll sýningarpláss verið seld. Sýningin er opin almenningi laugardaginn 18. og sunnudaginn 19. mars en fagaðilum fimmtudag og föstudag. Þar verða áhugaverðar nýjungar í íslenskri framleiðslu kynntar auk tækja, hönnunar, ráðgjafar og þjónustu sem ýmis fyrirtæki bjóða. Skipulagsmál sveitarfélaga skipa sérstakan sess þar sem þróun, einstök verkefni og framtíðarsýn verða kynnt. - hhs




**ÍSLANDSPÓSTUR HAGNAST** Félagið skilaði 237 milljóna króna hagnaði á síðasta ári.

# Íslandspóstur hagnast vel

Íslandspóstur hagnaðist um 237 milljónir króna á síðasta ári og var afkoman betri en stjórnendur félagsins reiknuðu með.

Heildartekjur félagsins námu fimm milljörðum króna sem er um 400 milljóna króna aukning á milli ára.

Í tilkynningu frá félaginu segir að afkoman skýrist einkum af hagnaði af reglulegri starfsemi, aukinni hagræðingu og meiri tekjum en um leið hafi nýir kjarasamningar leitt til launahækkana.

Eigið fé Íslandspósts nam 2,3 milljörðum í árslok og var eiginfjárhlutfall 61 prósent. Ríkið fékk 250 milljónir í arð frá Íslandspósti í fyrra. - eþa




Viðskiptagreind í nýju ljósi

**Nýttu tækifærið**
**Náðu forskoti**

Áttu í erfiðleikum með að fá upplýsingar um stöðu þíns fyrirtækis? Þarftu að greina gögnin betur og fá ítarlegri skýrslur sem hjálpa þér og þínum starfsmönnum við ákvarðanatöku? Kynntu þér viðskiptagreind – Business Intelligence – sem verður sífellt öflugra verkfæri fyrir stjórnendur sem vilja ná forskoti.

Komdu á ráðstefnu um viðskiptagreind á Nordica Hótel 14. mars og kynntu þér það sem sérfræðingarnir í viðskiptagreind hafa fram að færa.

Á ráðstefnunni munu tveir af helstu sérfræðingum heims í viðskiptagreind flytja erindi. Þetta eru þeir Alex Payne, deildarstjóri Microsoft Business Intelligence International, og Marin Bezic, vörustjóri viðskiptagreindar Microsoft í Evrópu.

Payne og Bezic hafa unnið að þróun og beitingu viðskiptagreindar hjá Microsoft árum saman og er þetta einstakt tækifæri til að kynnast þeirra sýn á stjórnunarhætti sem verða sífellt mikilvægari fyrir fyrirtæki í harðri samkeppni.

Ráðstefnan verður tvískipt og miðast annars vegar að þörfum stjórnenda fyrirtækja og hins vegar að tæknimönnum. Stjórnendadagskráin fer fram fyrir hádegi þann 14. mars. Tæknimannadagskráin verður allan daginn.

**Komdu og sjáðu hvernig þú getur náð forskoti með nýjustu aðferðum viðskiptagreindar.**

Dagskráin Nordica Hótel 14. mars 2006

08:30–09:00 ■ Skráning
09:00–09:15 ■ Ráðstefna sett
09:15–10:00 ■ Keynote
Alex Payne, Microsoft. *Þróun viðskiptagreindar og mikilvægi í nútíma samkeppnisumhverfi*

Stjórnendadagskrá

10:15–11:15 ■ The Value of Business Intelligence
Marin Bezic, Microsoft. *Gildi viðskiptagreindar í rekstri framsækinna fyrirtækja*
11:15–11:30 ■ Hlé
11:30–12:30 ■ Scorecard
Alex Payne, Microsoft. *Hvernig nýta má viðskiptagreind til að meta stöðuna og bæta ákvarðanatöku*

Tæknimannadagskrá

10:15–11:30 ■ Integration Services
Birkir Björnsson, Miracle
11:30–12:30 ■ Hádegishlé
12:30–13:45 ■ Analysis
Marin Bezic, Microsoft
13:45–14:00 ■ Hlé
14:00–15:15 ■ Reporting
Benjamín Sigursteinsson, Miracle
15:15–15:30 ■ Hlé
15:30–16:30 ■ Office Business Applications
Grímur Sæmundsson, Applicon

Microsoft SQL Server 2005
Microsoft Office
Microsoft Office SharePoint Portal Server 2003

**Skráning er hafin** – takmarkaður sætafjöldi og skráningarfrestur til hádegis 13. mars! Skráðu þig strax á **www.it-conferences.is** – og sjáðu hvernig hægt er að ná forskoti með Business Intelligence. Skráningargjald er kr. 8.500 fyrir tæknimannadagskrá og kr. 4.500 fyrir stjórnendadagskrá.

MIRACLE AppliCon Microsoft

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Viðskiptahallinn er meiri ógn en skýrsla um bankana.

## Ekki tilefni til taugaáfalls

Nokkurs skjálfta gætir nú á markaði og í efnahagsumræðunni. Þar hefur mest athyglin farið í skýrslu greiningardeildar fjármálafyrirtækisins Merrill Lynch.

Krónan féll í verði og sama gerðist með hlutabréf. Viðbrögðin á markaði skýrast ekki nema að hluta til af þessari skýrslu, þó hún hafi fengið mesta athygli. Metviðskiptahalli sem var umfram væntingar er nærtækari ástæða þess að krónan féll í verði.

Nú er ljóst að kjör bankanna á markaði, ef þau breytast ekki á næstu misserum, munu draga úr vaxtarmöguleikum þeirra. Á því leikur enginn vafi. Bankarnir gætu þurft að búa við slíkt um tíma, einkum vegna þess að á erlendum fjármálamörkuðum vilja menn sjá hverju fram vindur í aðlögun íslenska hagkerfisins þegar dregur úr þenslunni sem nú ríkir. Bankarnir hafa verk að vinna að skýra fyrir markaðsaðilum starfsemi sína og hversu og hvernig þeir eru háðir innlendri hagsveiflu. Sú staða er ekki eins milli ólíkra banka.

Eitt af því sem vefst fyrir erlendum aðilum sem fjalla um íslenskt viðskiptalíf er hversu mikið krosseignarhald er milli banka og fyrirtækja. Þarna virðist sami misskilningur endurtaka sig æ ofan í æ. Framvirkir samningar bankanna við viðskiptavini um eignarhluti í fyrirtækjum eru meðhöndlaðir eins og bankarnir beri alla áhættuna af eigninni. Þessi skortur á gagnsæi er nokkuð sem menn þurfa að horfa til. Það er öllum til gagns að upplýsingar liggi fyrir og séu aðgengilegar um samsetningu efnahags og áhættu bankanna.

Stóra vandamálið sem horfast þarf í augu við er að staða efnahagsmála býður hættunni heim. Viðskiptahallinn er meiri en þekkist á byggðu bóli og ljóst að eitthvað mun undan láta ef heldur fram sem horfir. Tímasetning skattalækkana og þvergirðingsháttur stjórnvalda í málefnum Íbúðalánasjóðs hafa ýkt þá uppsveiflu sem fyrirsjáanleg var. Á þetta var margoft bent, en ekki við því brugðist.

Ástæða er til að rifja það upp að Seðlabankinn varaði viðskiptabankana við að fjármögnun þeirra væri til of skamms tíma. Aðgangur að lánamörkuðum gæti versnað og slík staða væri því varasöm. Við þessu brugðust bankarnir og það kemur þeim til góða nú.

Umræðan nú er bönkunum óþægileg, en þegar til lengri tíma er litið skiptir mestu sá dómur sem lánshæfismatsfyrirtækin fella um gæði rekstrarins og áhættu bankanna. Matsfyrirtækin hafa bestan aðgang allra að gögnum bankanna og eiga orðspor sitt að verja í því að skila vandaðri vinnu. Þetta vita bankarnir og hljóta að haga gerðum sínum samkvæmt því. Langtímahagsmunir þeirra eru að lánshæfismat þeirra sé gott.

Full ástæða er til að taka alvarlega umræðu um skuldasöfnun og viðskiptahalla. Seðlabankanum hefur verið falið of stórt hlutverk í efnahagsstjórninni að undanförnu og afleiðingar þess eru að koma í ljós. Umræðu um bankana á erlendum vettvangi ber líka að taka alvarlega. Hins vegar eru stoðir fjármálakerfisins sterkar og ekkert gefur tilefni til þess að vekja ótta um að einhvers konar kreppa eða hrun sé fram undan.

Engin ástæða er til að flytja umræðu um íslenskt efnahagslíf á plan upphrópana og hræðsluáróðurs. Hins vegar þarf að draga lærdóm og vinna úr þeirri stöðu sem hagkerfið er í, ef takast á að tryggja mjúka lendingu.


LIGGJA FJÁRMUNIR ÞÍNIR Á GLÁMBEKK?

FÉLAG UM ÞEKKINGARSTJÓRNUN BOÐAR TIL RÁÐSTEFNU

Félag um Þekkingarstjórnun, í samvinnu við FOCAL Software & Consulting, halda ráðstefnu um þekkingarstjórnun með yfirskriftina: "**Liggja fjármunir þínir á glámbekk? Þekkingarverðmæti í hugum starfsmanna.**" Flutt verða erindi þar sem koma fram hugmyndir um mat á þeim verðmætum sem fólgin eru í mannauði, skipulagi og innri ferlum fyrirtækja. Ráðstefnan verður haldin á Grand Hóteli Reykjavík 16.mars frá kl 9:00-12:00.

**Þátttökugjald er kr. 3.200 og fer skráning fram á focal@focal.is eða á www.focal.is.**




Fundarstjóri: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir fréttamaður

Setning fundar: Þorkell Sigurlaugsson framkvæmdastjóri nýsköpunar- og þróunar hjá Háskólanum í Reykjavík

Gylfi Dalmann, Háskóla Íslands
*Leynd þekking starfsmanna og mannauðsstjórnun*
Ingibjörg Guðjónsdóttir, Kauphöll Íslands
*Skjala- og þekkingarstjórnun: reynsla Kauphallar Íslands*
Ingi Rúnar Eðvarðsson, Háskólinn á Akureyri
*Frá líkama til sálar: hugleiðing um þekkingarstjórnun og þekkingarverðmæti*
Elma Björk Bjartmarsdóttir, Intrum á Íslandi
*Þekkingarstjórnun hjá Intrum*
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Háskóla Íslands
*Föngun, notkun og verndun þekkingar í skipulagsheildum*
Gunnhildur Manfreðsdóttir, Landsvirkjun
*Stjórn innri upplýsinga hjá Landsvirkjun*
Anna Kristín Halldórsdóttir, Samskip
*Þekking og reynsla: mannauður hjá Samskipum*


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Friðhelgi eignaréttarins

„Eignarétturinn er friðhelgur samkvæmt stjórnarskránni. Réttur landeigenda til að nýta og ráðstafa eign sinni ásamt vatnsréttindum er óumdeildur. Aðför að grundvallarréttindum stjórnarskrárinnar verður mætt af hörku." Þannig ritar Teitur Björn Einarsson í vefrit Deiglunnar í gær og er talsvert niðri fyrir. Hann fylgir frumvarpinu og segir: „Jafnframt er þetta mikil réttarbót því eðli málsins samkvæmt leiðir það til mikillar einföldunar að telja ekki lengur upp með tæmandi hætti hverja heimild til vatnsnota sem fyrir hendi er heldur ganga út frá að öll nýting vatns sé heimil svo framarlega sem ekki eru settar við henni sérstakar skorður." Þessu er stjórnarandstaðan ósammála og vill skilgreina vatnsréttindi sem sameign þjóðarinnar eða eitthvað í þá áttina, segir Teitur. Hann telur sem sagt að vinstrimenn vilji að ríkið hafi eignarréttinn að vatni undir höndum en þjóðareignarhugtak þeirra sé ónýtt og ónothæft.



### Þingið og Karl Marx

Guðmundur Ólafsson hagfræðingur spurði blaðamann í gær hvað væri eiginlega á seyði í þinginu. „Á að setja ný lög um kalda vatnið? Það eru til lög um heitt vatn og mega ekki gilda sömu lög um kalt vatn?" spurði Guðmundur. „Og hvar liggja mörkin? Er ekki Varmá við Hveragerði heit nálægt upptökum sínum og köld við ósinn? Hvar sleppir einum lögum og önnur taka við? Á að miða við 37 stiga hita?"

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, talaði lengi um vatnalagafrumvarpið í fyrrakvöld og mótmælti kvöldfundum um málið hástöfum. „Þingið situr alveg fram að afmælisdegi Karls Marx, 5. maí, án þess að það komi málinu við," sagði Mörður og fór síðan mörgum orðum um það að Framsóknarflokkurinn hefði gefist upp á að vera fulltrúi bænda og dreifbýlis. „Hvað er Framsóknarflokkurinn? Svarið hér á göngunum, fyrir utan það að vera hagsmunasamtök, er að hann sé vinnumiðlun." Bætti Mörður svo við að fylgislítill þrifist flokkurinn aðeins sem viðskiptaafl þröngra hagsmuna peningamanna sem flokkurinn hefði gert ríka.



johannh@frettabladid.is

## Altúnga og Framsókn

Í DAG
RÁÐHERRASKIPTI OG BIRTÍNGUR



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Í bókinni um Birtíng eftir 18. aldar snillinginn Voltaire er sagt frá hinum mikla lærimeistara, sem í íslenskri þýðingu Halldórs Laxness fékk nafnið Altúnga. Altúnga aðhylltist háspekisguðfræðialheimsviskukenninguna og sannaði með sannfærandi hætti að ekki væri til afleiðing án orsakar. Þannig segir á einum stað í bókinni eftir honum: „Það hefur verið sýnt framá, sagði hann, að hlutirnir geta ekki verið öðruvísi en þeir eru, því þar sem alt er miðað við einn endi, hlýtur alt um leið að vera miðað við þann allrabesta endi. Athugið hvernig nef manna hafa verið gerð fyrir lonníetturnar; enda höfum við líka lonníettur. Það er bersýnilegt að fætur manna eru til þess gerðir að vera skóaðir, enda höfum við öll eitthvað á fótunum... og til þess eru svínin gerð að maður éti þau, enda erum við étandi svín ár og síð: þar af leiðir að þeir sem segja að alt sé í lagi eru hálfvitar; maður á að segja að alt sé í allrabesta lagi."

Alla tíð í gegn var Altúnga samkvæmur og trúr kenningu sinni jafnvel þótt hann hafi lent í hinum mestu hremmingum þar sem hann var m.a. hengdur, krufinn, húðflettur og gerður að ræðara á galeiðu. Alltaf var hann sannfærður um að þetta væri hinn besti mögulegi heimur allra heima, þar sem mótlætið hafði þann tilgang að leiða til hins allra besta endis.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra gaf það til kynna þegar hann tók við forsætisráðuneytinu af Davíð Oddssyni og setti í leiðinni Siv Friðleifsdóttur út úr ríkisstjórninni, að enn mætti eiga von á ráðherraskiptum. Fáir reiknuðu þó með því þá, að það yrði Árni Magnússon sem færi út að eigin ósk, eins og niðurstaðan varð í vikunni. Þetta var óvænt og gefur tilefni til að ætla að framsóknarmenn hljóti í framhaldinu að tileinka sér pólitíska útgáfu af háspekisguðfræðialheimsviskukenningu Altúngu.

*Alla tíð í gegn var Altúnga samkvæmur og trúr kenningu sinni jafnvel þótt hann hafi lent í hinum mestu hremmingum þar sem hann var m.a. hengdur, krufinn, húðflettur og gerður að ræðara á galeiðu. Alltaf var hann sannfærður um að þetta væri hinn besti mögulegi heimur allra heima...*

Framsóknarmenn hafa oft mátt þola erfiðleika í skoðanakönnunum og eru jafnframt sá flokkur íslenska flokkakerfisins sem oftast mælist of lágur í könnunum miðað við kosningar. Þó flokkurinn hafi vissulega verið á undanhaldi síðustu ár og áratugi, þá hefur hann einhvern veginn náð þeirri stöðu að vinna hvern „kosningasigurinn" á fætur öðrum - þ.e.a.s. sigra miðað við skoðanakannanirnar! Tilgangur kosningaþátttökunnar er jú að sigra og því mætti hafa þessa endurteknu „kosningasigra" flokksins til marks um að í skilningi kenningar Altúngu sé flokkurinn ekki einvörðungu í besta heimi allra heima, heldur í hinum allrabesta heimi allra heima.

Sjaldan hefur útlitið þó verið eins svart og nú, flokkurinn er að mælast með „pilsner-fylgi" í Reykjavík og ekki nema lítið eitt meira á landsvísu. Flokkurinn hefur ekki verið samstíga og óánægja hefur kraumað undir. Forustan hefur verið gagnrýnd fyrir að sniðganga hefðbundnar samskiptareglur innan flokksins og taka mikilvægar ákvarðanir án þess að kanna fyrst baklandið í flokknum. Erfitt prófkjör í Reykjavík var mikið í sviðsljósinu og sitjandi borgarfulltrúi hyggst ekki vera með næst. Flest virðist hafa orðið flokknum að óhamingju og nú síðast að ungur ráðherra kýs af persónulegum ástæðum að skipta um vettvang og yfirgefa flokkinn og pólitíkina og fara að rækta garðinn sinn.

En rétt þegar hremmingarnar virðast óyfirstíganlegar kemur háspekisguðfræðialheimsviskukenningin til skjalanna. Vegna hinna hatrömmu átaka sem orðið höfðu í flokknum og endurspegluðust í prófkjörinu í Reykjavík er nú greinilegt að tveir höfuðpaurar ólíkra arma, Björn Ingi Hrafnsson og Óskar Bergsson, hafa ákveðið að sættast og snúa bökum saman. Það er líklega einhver besti endir allra enda fyrir flokkinn í því sveitarfélagi og gæti jafnvel orðið til þess að flokkurinn ynni stóran „kosningasigur" í höfuðborginni - ef hefðbundið mið er tekið af skoðanakönnunum. Og vegna hinnar skyndilegu og óvæntu brottfarar unga ráðherrans úr stjórnmálum hefur það nú orðið, að Siv Friðleifsdótir kemur á ný inn í ríkisstjórnina og fjölmargar aðrar breytingar verða í baklandi flokksforustunnar, sem gera það að verkum að pirringur minnkar og samheldni magnast. Það er vissulega líka besta niðurstaða allra niðurstaðna fyrir flokkinn og gæti stuðlað að því að hann ynni sína hefðbundnu kosningasigra á skoðanakönnunum víðar um landið.

Þannig virðist háspekisguðfræðialheimsviskukenning Altúngu vera að virka á sinn sérstaka hátt hjá Framsóknarflokknum, þó óvíst sé hvort kosningasigrarnir verði mjög stórir að þessu sinni. Hitt er þó líka ljóst, að ef slíkir sigra láta alveg á sér standa bíður forustunnar og jafnvel flokksins í heild lítið annað en rólegheit og einsemd eigin garðræktar.

## ÞAU VORU Í FRÉTTUNUM

### Árni kveður

Árni Magnússon kom með óvænt útspil um síðustu helgi þegar hann sagði af sér sem félagsmálaráðherra og steinhætti í pólitík. Það er kannski ofmælt að örlögin hafi bankað á dyrnar, en það gerði Bjarni Ármannsson hins vegar og gerði Árna tilboð sem hann gat ekki hafnað. Framsóknarmenn grétu krónprinsinn en Siv Friðleifsdóttur finnst það væntanlega huggun harmi gegn að hafa fengið ráðherrastól á nýjan leik.



### Engin Bauhaus í Garðabæ

Ásdísi Höllu Bragadóttur, forstjóra Byko, var brigslað um að hafa haft hönd í bagga með að þýsku byggingavöruverslanakeðjunni Bauhaus var ekki úthlutað lóð í Urriðaholti í Garðabæ. Hún og eigendur Urriðaholts vísa hins vegar öllum slíkum ávirðingum til föðurhúsanna.



### Volga-bragðið

„Hann ætlaði að rugla mig en það mistókst hjá honum," sagði Bjarni Magnússon frístundaskákmaður, sem þrátt fyrir að vera kominn vel á níræðisaldur gerði sér lítið fyrir og lagði FIDE-meistarann Róbert Harðarson í fyrstu umferð alþjóðlega Reykjavíkurskákmótsins. Bjarni þjarmaði að Róbert með svokölluðu Volgabragði, sem er að hans sögn hvasst afbrigði fyrir svartan en um leið vandasamt fyrir hvítan.




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## LÉTTIR RÉTTIR Í HEIMAPARTÍIÐ

Nauðsynlegt er að hafa eitthvað að bíta í með fordrykknum áður en haldið er á árshátíð.

MATUR 6



## TÖSKUTILBOÐ

Sumarfríið nálgast óðfluga og því kjörið að fjárfesta í ferðatösku á tilboði.

TILBOÐ 3



## ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

**Kuldagallar** eru á 35 prósenta afslætti hjá Dynjanda í Skeifunni. Það eru Univern Roros-kuldagallar sem eru vindheldir og fóðraðir gallar fyrir íslenska veðráttu. Kuldagallarnir kosta nú 6.780 krónur.

**Brúðkaupssýningin** JÁ hefst í Smáralindinni í dag og stendur fram á sunnudag. Þar geta verðandi brúðhjón kynnt sér tertur og annað sem verður á veisluborðinu á brúðkaupsdeginum.

**Verðhrun** á öllum skóvörum í Outlet við Fiskislóð. Mikið úrval er af dömu-, herra- og barnaskóm á góðu verði. Meðal þeirra merkja sem seld eru í Outlet eru X18, Skechers og Everyl.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 10. mars, 69. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.04 | 13.38 | 19.13 |
| Akureyri | 7.51 | 13.23 | 18.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Björn Bragi Bragason er kokkur í Perlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Allt ferskt hráefni er gott

***Björn Bragi Bragason er kokkur í Perlunni. Hann er einn þeirra fimm kokka sem keppa um titilinn Matreiðslumaður ársins 2006.***

Björn hefur keppt um titilinn tvisvar sinnum áður. „Ég keppti fyrst árið 1999 og síðan 2003,“ segir hann.

Björn kláraði kokkanámið árið 1999. „Ég lærði á Hótel Borg og vann þar í einhvern tíma. Síðan vann ég hér og þar þangað til ég fór að vinna í Perlunni, þar sem ég hef verið síðastliðin fjögur ár.“

Björn á sér ekkert uppáhaldshráefni. „Það fer bara eftir dögum hvaða hráefni mér finnst skemmtilegast að vinna með. Það getur verið lamb í dag og þorskur á morgun og allt þar á milli. Aðalatriðið er að hráefnið sé ferskt því allt ferskt hráefni er gott. Svo þarf bara að raða því rétt saman.“

Björn segir að fjölbreytileikinn sé það skemmtilegasta við starfið. „Maður getur alltaf verið að búa til eitthvað nýtt og það er mjög gaman að búa til eitthvað gott. Ef ég verð leiður á einhverjum rétti bý ég bara til nýjan rétt. Ef maður er skapandi getur maður ekki fengið leið á starfinu.“

Björn segir að allur gangur sé á því hvort hann sé duglegur að elda heima hjá sér. „Ég mætti vera duglegri að elda heima. Ég held að þetta sé svipað og með bifvélavirkja sem eru alltaf á druslum.“

Björn hefur mjög gaman af því að fara út að borða. „Þegar ég fer út að borða og fæ einhvern spennandi mat velti ég því fyrir mér hvernig hann er eldaður án þess að ég láti það eyðileggja máltíðina fyrir mér. Sem kokkur tek ég kannski frekar eftir því hvernig til hefur tekist og hvað hefði mátt fara betur.“

Björn ætlar að gefa lesendum Fréttablaðsins uppskrift að mangóhlaupi og vanilludrykk með berjum en uppskriftina má finna á blaðsíðu 5.

*emilia@frettabladid.is*

## Rýmingarsala

TOPPSKÓR FLYTJA Í NÝTT HÚSNÆÐI OG ÞVÍ ERU ALLIR SKÓR Á AFSLÆTTI.

Rýmingarútsala er í Toppskóm á Suðurlandsbraut 54. Verslunin er að flytja og því eru allir skór á sjötíu prósenta afslætti. Lokadagur útsölunnar er á morgun, laugardag, og því er ráðlegt að fólk á slitnum skóm skundi á Suðurlandsbrautina. Í boði eru skór fyrir dömur, herra og börn og meðal merkja má nefna Ecco, Peter Kaiser, Lloyd og Zinda. Verslunin er opin frá klukkan 11.00 til 18.00 í dag en frá 10.00 til 16.00 á morgun.



Ecco er meðal þeirra merkja sem eru á útsölu.



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

# allt tilboð o.fl.

## 55%

Nóatún býður kantalúpu-melónur á 99 krónur kílóið er kostuðu áður 229. Það er 55 prósenta lækkun, sem er topptilboðið þessa viku.













**FJARÐARKAUP** – Tilboðin gilda til 11. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalamb bestu kaupin | 598 | 698 | 598 | 15 |
| Fjallalamb ofnsteik | 1.198 | 1.615 | 1.198 | 25 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 998 | 1.856 | 998 | 45 |
| ferskur kryddaður kjúklingur 1/1 | 559 | 799 | 559 | 30 |
| 4 hamborgarar og brauð | 298 | 438 | 75 | 30 |
| Frechetta pizzur roma 400 g | 348 | 398 | 870 | 15 |
| Rautt/hvítt grape | 95 | 159 | 95 | 40 |
| DDV ping pinnar 6 stk. í pk. | 589 | 698 | 98 | 15 |
| DDV lasagna 500 g | 748 | 814 | 1.496 | 10 |
| Hatting smábrauð fín 10 stk. í pk. | 145 | 198 | 15 | 25 |
| DDV pizzur 250 g 4 tegundir | 489 | 589 | 1.956 | 15 |
| Blómkál | 189 | 359 | 473 | 45 |

**BÓNUS** – Tilboðin gilda til 12. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus lambalæri kryddað | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| K.f grill svínakótilettur | 959 | 1.369 | 959 | 30 |
| McCain 15 tommu pizzur | 399 | 599 | 399 | 35 |
| K.s lambalæri frosin | 898 | 998 | 898 | 10 |
| K.f lambahryggur frosinn | 999 | 1.298 | 999 | 25 |
| Euroshopper pítubrauð 6 stk. | 79 | Nýtt | 79 | |
| Euroshopper baguette brauð 2 stk. 79 | Nýtt | 40 | | |
| Euroshopper smábrauð 6 stk. | 79 | Nýtt | 13 | |
| Euroshopper ciabattabrauð | 79 | Nýtt | 79 | |
| Golden hunang organic | 499 | Nýtt | 499 | |
| Newmans gulrætur 454 g organic | 259 | Nýtt | 570 | |

**NÓATÚN** – Tilboðin gilda til 12. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri krydd DeLuxe | 1.498 | 1.769 | 1.498 | 15 |
| Lambageiri með fyllingu | 2.690 | 2.998 | 2.690 | 10 |
| Lamba ribeye hvítlauks/rósmarín | 2.498 | 2.998 | 2.498 | 15 |
| Lambafille ribeye | 1.998 | 2.998 | 1.998 | 35 |
| Lamba sirloinsneiðar | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| Melónur gular | 89 | 139 | 89 | 35 |
| Melónur kantalópur | 99 | 229 | 99 | 55 |
| Vatnsmelónur rauðar | 79 | 128 | 79 | 40 |
| Náttúra Frisee salat 200 | 169 | 269 | 845 | 35 |
| Skyr.is m/vanillu 170 | 73 | 91 | 429 | 20 |

**KRÓNAN** – Tilboðin gilda til 12. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Móa kjúklingur ferskur | 399 | 699 | 399 | 45 |
| SS Grand Orange helgarsteik | 1.334 | 1.668 | 1.334 | 20 |
| Ali bjúgu 4 stk. | 377 | 539 | 94 | 30 |
| Krónu krydduð lambasteik | 1.119 | 1.598 | 1.119 | 30 |
| Krónu 4 grillborgarar m/brauði 4 stk. | 398 | 498 | 99 | 20 |
| Stjörnu hrásalat 350 g | 125 | 178 | 357 | 30 |
| Þykkmjólk 500 ml | 105 | 132 | 210 | 20 |
| Sorella Pizza skinka/pepp/grænm 250 g | 99 | 199 | 396 | 50 |
| Exact sjampó Dandruff 400 ml | 199 | 279 | 497 | 30 |
| Exact sjampó Fruitique 400 ml | 149 | 199 | 372 | 25 |

**HAGKAUP** – Skemmtilegast að versla – Tilboðin gilda til 12. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísahnakki í sneiðum úr kjötborði | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Lambalundir úr kjötborði | 2.699 | 3.349 | 2.699 | 20 |
| Svínaskankar úr kjötborði | 198 | 249 | 198 | 20 |
| Svínasíða m/puru úr kjötborði | 399 | 548 | 399 | 30 |
| Svínabógur úr kjötborði | 449 | 579 | 449 | 20 |
| Svínarifjur úr kjötborði | 598 | 798 | 598 | 25 |
| Svínapurusteik úr kjötborði | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Holta kjúklingalæri í magnpakkningu | 389 | 599 | 389 | 35 |

**Þín verslun** – Tilboðin gilda til 15. mars

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Helgarlamb m/sérvöldu kryddi | 1.399 | 1.748 | 535 | 20 |
| Skólaskinka 165 g | 149 | 199 | 519 | 25 |
| Pólskar pylsur | 629 | 889 | 421 | 30 |
| Hatting Ciabatta m/ pesto 12 stk. | 169 | Ný vara | 261 | |
| Hatting Fibre sandwich 8 stk. | 229 | Ný vara | 622 | |
| Fitness heilhveitiflögur 625 g | 299 | 349 | 458 | 15 |
| Bugles Original 12x212 g | 239 | 315 | 999 | 25 |





allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


## Prentarar og netsími

MARSTILBOÐ OFFICE 1 SUPERSTORE.

Prentglaðir einstaklingar ættu að leggja leið sína í Office 1 Superstore í marsmánuði. Tilboð mánaðarins hljóðar meðal annars upp á HP laser-prentara á 9.990 krónur og HP bleksprautuprentara með aðskildum hylkjum á 19.990 krónur. Báðir prentararnir eru hraðvirkir og sparneytnir á prentefni.

Af öðrum vörum á marstilboði má nefna vandaðan ljósritunarpappír. 500 blaða pakki er á 280 krónur en kassi með fimm pökkum á 1.400 krónur. Þá eru blek- og dufthylki á 22 prósenta afslætti í mánuðinum. Loks er svo hægt að fá þráðlausa Logitech-geislamús á 4.490 krónur og þráðlausan Linksys Skype-síma á 9.890 krónur. Með símanum er til dæmis hægt að tala gegnum netið til annarra landa án símkostnaðar, sé viðmælandinn með svipaðan búnað sín megin.





Á lagersölu Zo-on má fá ýmsan útivistarfatnað fyrir börn sem og fullorðna.

# Zo-on með lagersölu

***Zo-on rýmir til fyrir sumarvörum og býður á heildsölu lagersölu til 13 mars.***

Fram til 13. mars verður Zo-on með lagersölu af heildsöluvörum við Nýbýlaveg. Á lagersölunni er veittur allt frá fimmtíu til nítíu prósent afsláttur. Hægt er að fá góða útivistarjakka fyrir tæpar tólf þúsund krónur, hlaupajakka á tæpar fjögur þúsund krónur, flíspeysur, golfskó eða fótboltaskó á tæpar sex þúsund krónur.

Einnig er mikið úrval af skíða og brettafatnaði, íþróttafatnaði, golffatnaði og öðrum útivistarfatnaði í barna-, unglinga- og fullorðinsstærðum.

Takmarkað magn er til af öllum vörum og því um að gera að mæta sem fyrst.

# Töskutilboð

***Sumarið nálgast óðfluga og því tilvalið að kaupa sér góða ferðatösku á tilboði.***

Office 1 Superstore er þessa dagana með tilboð á ferðatöskum og öðrum hlutum sem henta vel fyrir ferðalagið. Á tilboði eru þrenns konar ferðatöskusett frá Outback. Fyrir tæpar fimm þúsund krónur má fá þrjár ferðatöskur í mismunandi stærðum á hjólum með handfangi að ofan en hönnunin er stílhrein og falleg.

Fyrir tæpar tíu þúsund krónur má fá þrjár ferðatöskur í setti, einnig á hjólum með handfangi og stóru renndu hólfi að framan. Þessar töskur eru örlítið sportlegri í útliti. Einnig er hægt að fá fjórar ferðatöskur í setti fyrir tæpar fjórtán þúsund krónur. Þær töskur eru einnig á hjólum og með handfangi og að framan eru tvö rennd hólf.

Auk þess að gefa fólki kost á að fá ódýrar ferðatöskur er Office 1 Superstore einnig með tuttugu prósent afslátt af öllum ferðavörum frá merkinu Go. Má þar nefna höfuðpúða sem settur er yfir axlir, svefngrímur, ferðatannbursta, rafmagnsklær, magapyngjur og margt fleira.



Office 1 Superstore býður ferðatöskur á tilboði og veitir afslátt af ýmsum ferðavörum.


NÝAR VÖRUR

JAKKAR BUXUR BOLIR TOPPAR PEYSUR JAKKAFÖT DRAGTIR SKÓR STÍGVÉL KJÓLAR PILS

allt að

80%

lægra verð

á merkjavöru og tískufatnaði

FERMINGARFÖT
Á DRENGI OG STÚLKUR
FRÁBÆRT VERÐ !!

Breyttur helgaropnunartími:
laugardaga 11-18
SUNNUDAGA 13-17

vörur úr eftirfarandi verslunum

gallerí sautján CENTRUM SMASH gs skór
retro Kultur focus COMPANYS eva Deres

OUTLET 10
FAXAFENI 10
s. 533 1710



Fermingatilboð 2006

Betra BAK




Heilsudýnur uppbyggðar til að laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

Chiro Crown heilsudýna með botni og löppum:
80x200 cm Verð áður ~~kr. 56.164,-~~ Nú kr. 47.900,-
90x200 cm Verð áður ~~kr. 59.478,-~~ Nú kr. 49.900,-
100x200 cm Verð áður ~~kr. 66.287,-~~ Nú kr. 56.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 76.466,-~~ Nú kr. 64.900,-

THE NeverTurn™ MATTRESS

Chiro Standard heilsudýna með botni og löppum:
100x200 cm Verð áður ~~kr. 79.900,-~~ Nú kr. 65.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 91.800,-~~ Nú kr. 75.900,-

Leggðu grunn að góðum degi



Val um 100% náttúrleg gæðaefni



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert hábróað gormakerfi

Staðreyndir um Chiro

www.design.is @ 2006

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**Heilsudrykkir** eru mjög vinsælir og margir eru farnir að búa þá til heima hjá sér. Það er ekki mikið mál að skella nokkrum ávöxtum og skyri í blandara með ís og útkoman getur verið mjög góð.




Kaffi mánaðarins

Júlí - 2005

Tanzanía AA

Þetta ljúffenga kaffi vex í fjallshlíðum Tanzaníu nærri landamærum Kenya í Afríku.

Kaffið hefur góða bragðfyllingu með ljúffengri angan sem minnir örlítið á Kenya kaffi en hefur örlítið lægra sýrustig. Einstakt eðalkaffi með fínlega stígandi töfra.

Njótið vel!

Nú á kynningarverði í öllum sérverslunum Te og kaffi

Kaffihús: Laugavegi 24, Smáralind

Verslanir: Kringlunni, Smáralind, Laugavegi 27, Suðurveri

TE & KAFFI

isakwinther.com




# Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Gratinerað eggaldin

Þegar grænmetisætur koma í matarboð lenda þær oft í því að þurfa að sætta sig við að borða Ora-baunirnar og soðnu kartöflurnar, á meðan aðrir gestir eiga kræsilegri kosti. Hér er einfaldur og girnilegur réttur fyrir grænmetisæturnar í matarboðinu sem kjötæturnar munu þó ekki síður seilast eftir.

**2 eggaldin (skorin í 1,5 cm sneiðar)**
**2x125g mozzarella-ostur (hvor kúla skorin í þunnar sneiðar)**
**100 g parmesan-ostur (rifinn)**
**1 dós teningaðir tómatar**
**1 rauðlaukur**
**2 hvítlauksgeirar**
**1 msk balsamedik**
**salt og pipar**
**fersk steinselja**

Byrjið á því að skera eggaldinin í sneiðar, raða þeim á diska og strá yfir þau u.þ.b. 2 msk. af salti. Látið sneiðarnar standa með saltinu á í 1 klst. Þar til þær hafa „svitnað“, þ.e. þegar saltið myndar vatnspolla. Skolið þá hverja sneið vel upp úr köldu vatni og þerrið vandlega. Á meðan eggaldinin svitna, útbúið þá tómatsósuna með því að steikja fyrst saxaðan lauk og hvítlauk í ólífuolíu á pönnu. Þegar laukurinn hefur linast upp setjið þá tómatana út í og látið allt malla við meðalhita nokkra stund. Bætið þá balsamedikinu út í og smakkið sósuna til með salti og pipar. Setjið sósuna til hliðar. Látið pínulítið af ólífuolíu á pönnu og steikið (vandlega skolaðar og þerraðar) eggaldinsneiðarnar stutta stund á hvorri hlið. Lokið pönnunni á meðan sneiðarnar steikjast til þess að þær nái að mýkjast aðeins. Látið örlítið af sósunni í botninn á eldföstu móti og raðið einu lagi af eggaldinsneiðum þar ofan á. Hellið helmingnum af sósunni sem eftir er jafnt yfir eggaldinsneiðarnar og raðið mozzarella-sneiðum þar ofan á og rífið helminginn af parmesanostinum yfir allt. Endurtakið með



öðru lagi af eggaldinsneiðum, afgangnum af sósunni, mozzarella og parmesan-osti. Bakið í 180 gráðu heitum ofni í u.þ.b. 30-40 mínútur. Ef osturinn brúnast of fljótt, setjið þá litla örk af álpappír létt yfir. Skreytið með fallegum kvistum af steinselju.



Red Chilli hefur gengið vel á Laugaveginum og opnar nú nýjan stað á Pósthússtræti.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Suðræn sveifla

***Red Chilli hefur opnað nýjan stað í Pósthússtræti.***

Red Chilli hefur um nokkurt skeið boðið upp á mexíkanskan mat í austurenda Laugavegarins. Staðurinn hefur nú fært út kvíarnar og síðasta sunnudag var opnaður annar staður í Pósthússtræti 13, þar sem Póstbarinn var áður.

„Staðurinn verður með nákvæmlega sama móti og á Laugavegi. Eini munurinn verður sá að á laugardögum ætlum við að hafa opið til þrjú,“ segir Þröstur Magnússon, annar eigandi Red Chilli. Á laugardagskvöldum lofar Þröstur því alvöru salsastemningu þar sem boðið verður upp á margarítur og aðra suðræna kokkteila.




VÍNGERÐAREFNI
MIKIÐ ÚRVAL-TILBOÐ
NÝ VERSLUN Í FIRÐINUM

àman
Skeifunni 11d - 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfirði
www.aman.is


# Ferskt og brakandi

***Með hækkandi sól lengjast göngutúrarnir gjarnan. Gott nesti getur þá verið nauðsynlegt.***

Eitt af því sem bæði er fljótlegt að búa til og lystugt þegar komið er á leiðarenda er tortillarúllur með fersku grænmeti, osti og vandaðri skinku. Þær bragðast líka afar vel með heitu kakói. Hér kemur tillaga að slíkum rúllum, ættuð frá Veislunni á Seltjarnarnesi.

**TORTILLAPÖNNUKÖKUR STÓRAR:**
**góð skinka**
**ostur**
**ferskt og gott salat**
**rauð paprika**
**tómatar**
**mexíkósk ostasósa**
**Sósunni er smurt á tortillakökuna, kál, paprika, tómatar, skinka og ostur sett á. Rúllað upp, þéttingsfast.**



Tortillarúllur með fersku grænmeti, osti og vandaðri skinku.



# Víngerð í Suður-Afríku

***Námskeið um suðurafrísk vín á næstunni.***

Í tilefni af Afríkudögunum í Vínbúðum býður Vínskólinn upp á námskeið um suðurafrísk vín næsta þriðjudag, 14. mars. Farið verður yfir sögu víngerðar í Suður-Afríku, vínræktarsvæði, tegundir þrúgna og víngerðar og loks verða nokkur vín smökkuð. Námskeiðið verður síðan endurtekið viku seinna, það er að segja hinn 21. mars, ef næg þátttaka fæst.

Leiðbeinandi á námskeiðunum er Dominique Plédel Jónsson, sem stofnaði Vínskólann í byrjun árs. Vínskólinn hefur þétta dagskrá vínnámskeiða í vor svo og spennandi vínferðir fyrir alla sem hafa áhuga á að fræðast meira um vín og vínmenningu.






# AMARULA:
## *Ferskur afrískur rjómalíkjör*

Rjómalíkjör frá Suður-Afríku hefur slegið í gegn víða um lönd undanfarin ár. Amarula heitir þessi ferski náttúrulegi rjómalíkjör og er stundum nefndur „Andi Afríku“ enda búinn til úr ávexti sem hefur verið notaður til lækninga og sem frjósemislyf öldum saman. Marula-tréð er jafnan um 10-15 metra hátt og hvert tré getur gefið af sér allt að tvö tonn af ávöxtum á ári.

Afrísku fílarnir eru sólgnir í ávöxtinn, keyra hausinn í bol trjánna og hirða upp ávextina sem hrynja niður við höggið. Ef Marula-ávöxturinn sleppur við ágengni fílanna mun hann þroskast og falla loks til jarðar þar sem hann tekur að gerjast í hitamollunni og verður aðeins áfengur og mjög sætur. Marula-safinn er látinn gerjast og síðan eimaður. Vínið er síðan geymt í eikartunnum í tvö til þrjú ár. Þar á eftir er Marula-ávaxtaþykkni blandað í til að jafna drykkinn. Þegar pöntun berst er ferskum rjóma blandað í líkjörinn þar til mýkt og jafnvægi er náð. Útkoman til neytenda er afar mjúkur og vandaður rjómalíkjör sem flestir njóta beint úr kæli eða á klaka auk þess sem hann er kjörinn í kokkteila.



Amarula er rjómalíkjör sem stundum er nefndur Andi Afríku. Hann er búinn til úr ávexti sem hefur verið notaður til lækninga og sem ófrjósemislyf öldum saman.



# Matreiðslunemar bjóða í kaffi og pönnukökur

***Matreiðslu- og framreiðslunemar Menntaskólans í Kópavogi bjóða upp á kaffi og eldsteiktar pönnukökur á stórum kynningardegi skólans á morgun, 11. mars.***



Pönnukökur verða með kaffinu hjá MK á morgun.

Menntaskólinn í Kópavogi er móðurskóli í hótel- og veitinganámi, ferðagreinum og leiðsögunámi, ásamt því að vera einn stærsti menntaskóli á landinu. Á morgun, laugardag, verður skemmtileg kynning á starfseminni og húsakynnum skólans. Meðal dagskráratriða eru smurbrauðslistir Marentzu Poulsen og matreiðslu- og framreiðslunemar bjóða upp á smárétti, ásamt kaffi og eldsteiktum pönnukökum.



Mangóhlaup og vanilludrykkur með ferskum berjum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Mangóhlaup og vanilludrykkur

**VANILLUKREM**

**250 ml mjólk**
**250 ml rjómi**
**100 g sykur**
**5 eggjarauður**
**1 vanillustöng**

Mjólk, rjómi og vanilla sett í pott og suðan látin koma upp. Eggjarauðum og sykri blandað saman og heitri mjólkinni hellt yfir. Sett aftur í pottinn og hitað þar til kremið þykknar en má ekki sjóða eftir að eggin eru komin út í. Ef kremið verður of þykkt má þynna það aðeins með mjólk. Kremið er svo sett í vel kælt staupglas og flóuð mjólk ofan á.

**MANGÓHLAUP**

**1 mangó**
**1 sítrónugras (má sleppa)**
**2 msk. sykur**
**2 dl ferskur appelsínusafi**
**2 dl mangó púrre eða jus**
**4 stk. matarlím**

Matarlímið lagt í bleyti í köldu vatni í ca. 10 mín. Mangóið er skrælt og skorið í litla teninga (teningarnir teknir frá og geymdir þar til síðar). Sítrónugrasið er skorið niður og sett í pott ásamt mangósteininum og sykrinum og hitað þar til sykurinn verður að ljósri karamellu. Þá er appelsínusafanum og mangó púrreinu bætt út í og síðast matarlíminu. Þegar búið er að leysa upp matarlímið er þetta sigtað og mangóteningunum blandað saman við. Hellt í form og látið stífna í kæli (t.d. ofnskúffu sem að búið er að klæða með plastfilmu).

**KEX**

**100 g sykur**
**100 g mjúkt smjör**
**100 g hveiti**
**3 eggjahvítur**

Smjör og sykur er hrært saman í hrærivél. Eggjahvítunum er bætt út í og síðan hveitinu. Smurt á plötu í t.d. hringi eða stangir og gott er að nota skapalón. Bakað við 180° C þar til kexið verður ljósbrúnt. Hægt er að beygja kexið til ef það er tekið heitt og búa t.d. til körfur undir ís eða ávexti. Gott er að hafa fersk ber eða ávexti með, t.d. jarðarber eða hindber og/eða vanillu- eða annan góðan ís.

## TABISO: *Afrísk hamingjusulta*

Suðurafrísk vín eru þekkt fyrir að vera kraftmikil og heitfeng eins og landið sjálft. Tabiso þýðir hamingja á máli heimamanna og þar sem það er mjög sultukennt má kalla það hamingjusultu! Þetta suðurafríska vín er ræktað austan við Höfðaborg af Marais-fjölskyldunni sem er sjöunda kynslóð vínræktenda, afkomendur frönsku húgenottanna.

Tabiso Shiraz er með vandaðri kassavínum á markaðnum og hefur slegið í gegn á Norðurlöndunum. Yfir 200 danskir vínáhugamenn tóku þátt í blindsmakki og þeir töldu gæðin slík að það hlyti að vera helmingi dýrara en það er í raun. Þeir vissu ekki að Tabiso er kassavín í þriggja lítra umbúðum en umbúðirnar hafa reyndar vakið athygli fyrir mjög praktískan tappa. Það hefur verið geymt í tólf mánuði í frönskum eikartunnum, er djúpraut og kryddað og passar vel með kjöti.

Rauða shiraz-vínið frá Tabiso hefur notið vinsælda og nú hefur hvítvínið úr chardonnay-þrúgunni fylgt í kjölfarið og söluaukning á því orðið til þess að það er nú boðið til sölu í öllum Vínbúðunum. Vínið ilmar af suðrænum ávöxtum og er frísklegt með þægilegu eftirbragði. Það hentar vel með fiski og léttum réttum auk þess að vera hentugt eitt og sér í veislum. Vínið þykir með albestu kassavínum og fékk til að mynda heilar fimm stjörnur í danska víntímaritinu Vinavisen, sem sagði vínið kraftmikið og ilmríkt, kjörið fyrir kvöld með vinunum og eitt af bestu hvítvínum í kössum sem smakkarar tímaritsins hefðu bragðað.




Kynningarverð á afrískum dögum 3.290 kr.






- fullar af trefjum og rúsínum

Kleppsvegi 152
Smáralind

Opið mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00
laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00

Hunangs
Sinnepssósa...
... þegar vindur hvín!




Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Gráðostasósa...
... þegar sólin skín!




Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna.
Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

allt bílar
Alla laugardaga





Bakki með snittum frá Café Victor. Þetta getur hver maður gert, eftir leiðbeiningum fagmannsins.

# Léttir réttir í heimapartíið

***Þegar fólk safnast saman í heimahúsum áður en haldið er á árshátíðina er nauðsynlegt að hafa eitthvað að bíta í með bollunni.***

Snakk og ídýfur, ostar og ávextir eru sígilt fæði á borð í heimapartíum, að ógleymdum ólífum. Enn flottara er þó að bera fram pinnamat og snittur með ýmsum áleggstegundum, jafnvel í ætt við tapas. Í bókstaflegri merkingu þýðir orðið tapas lok og tengingin við réttina er talin koma frá þeim gamla sið að setja brauðbita eða skinkusneið yfir vínglas til að halda skordýrum frá. Þetta ætilega lok var undanfari tapas-réttanna en tilgangurinn með smáréttunum var að halda líkamanum gangandi fram að næsta matmálstíma. Það er einmitt það gildi sem smáréttirnir fyrir árshátíðina hafa og til að fá ráðleggingar um þannig partímat var haft samband við Jóhann Gunnar Baldvinsson, matreiðslumann á Café Victor í Hafnarstræti. „Tapasréttir eru vinsælir og því sæki ég hugmyndir í þá,“ segir hann og lýsir nánar því sem hann mælir með. „Ég byggi á snittubrauðum sem ég sker niður og raða ýmsu góðu hráefni á sem einkum á sér rætur á Ítalíu. Svo er auðvitað gott að bjóða upp á ólífur og skera niður auka brauðsneiðar til að bera fram með ólífumauki eða salati af einhverju tagi. Fólk getur þá haft eitthvað að dunda við.“



Mozzarellaostur, sólþurrkaður tómatur og pestó.



Tómat con Cassé (maukaðir tómatar niðursoðnir með kryddum, hægt að kaupa tilbúið) og beikonvafin kjúklingalund.



Ólífumauk og steiktar kartöfluskífur.



Ferskur tómatur í sneiðum, ferskur mozzarellaostur og aspas.



Pestó, ferskur mozzarella og steikt laxasneið.



Tómat con Cassé rækjur og hörpuskel. Skreytt með paprikusneið.



Hvítlauksdressing. Lítill biti af steiktu nautafille og fetaostur.



Sýrður rjómi, ítölsk hráskinka og ferskur parmesanostur rifinn yfir.


Miðjarðarhafs matseðill

Grænmetis „Croqeta“ og staup af ertusúpu m/beikonkurli.

Kremuð Portobello súpa m/„Chantilly di menta“

verð f/fjórrétta 4690.-

Beikonvafinn nautalund m/marsala sósu, kartöflur „Puentenuevo“ og paprikumousse

verð f/fjórrétta 4390.-

Saltfiskur „Donostiarra“ á kartöflubeði og með paprikuþrennu

Volg jógurtterta með mango og mintu ís

Einnig í boði úrval annara rétta á matseðli okkar
Borðapantanir í síma 562 1988

Madonna síðan 1987

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is




Læri eins og þetta geymist lengur í kæli sé það í kryddlegi.

## Geymsla matvæla

KRYDD HJÁLPA TIL

Geymsla matvæla getur oft verið mikið vandamál. Sérstaklega er kjöt vandmeðfarið í geymslu. Venjulegt hrátt kjöt getur í besta falli geymst í örfáa daga í ísskápnum. Líftíma kjötsins má hins vegar lengja með því að setja kjötið í kryddlög. Kryddin virka sem náttúruleg rotvarnarefni og koma í veg fyrir að kjötið skemmist. Ekki má heldur gleyma því að góður kryddlögur gerir gott kjöt enn betra.

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi. Einnig vantar manneskju frá kl. 13-18.30 irka daga. S. 555 0480 og 896 9808.

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821 8500 www.cafeoliver.is

**Red Chili**
Hefur þú áhuga að vinna á skemmtilegum og líflegum veitingastað. Vegna opnunar á nýjum stað í miðbænum þurfum við að bæta okkur góðu fólki í allar stöður.
Eldhússtörf
Þjónastörf
**Dag og vaktarvinna í boði**
**Upplýsingar gefur Helgi í síma 820 4381 redchili@redchili.is**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar sem fyrst vegna mikilla anna matreiðslumann í fullt starf í veisluþjónustuna okkar. Viðkomandi þarf að vera reglusamur, vandvirkur og skapandi.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur manneskju í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Vaktstjóri á Select**
Þjónustuliprir og úrræðagóðir vaktstjórar óskast á Selectstöðina við Vesturlandsveg.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shell eða Selectstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

**Bensínafgreiðsla**
Bensínafgreiðslumenn óskast á Shellstöðina við Kleppsveg og Bústaðaveg. Mikil útivinna. 2x2x3 vaktakerfi.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shellstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

**Brasseria Askur, Suðurlandsbraut 4.**
Óska eftir að ráða aðstoðarfólk í sal í kvöld og helgarvinnu, helst vant fólk. Einnig vantar starfskraft í uppvask milli kl. 11-16.
**Uppl. í s. 553 9700.**

**Bakarnemar óskast**
Óskum eftir að ráða til starfa hörkuduglegan bakaranema.
**Upplýsingar hjá Jóa, s. 897 9493.**

Stjörnusól

Starfskraftur óskast í fullt starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. hjá Stjörnusól Fjarðargötu 17, Hafn. S. 555 7272.

**Starfsmaður óskast í verslanir Litur og Föndur.**
Viðkomandi þarf að vera röskur, áreiðanlegur og hafa góða þjónustulund.
**Umsóknareyðublöð í verslunum okkar eða sendið umsóknir á liturogfondur@simnet.is**

**Atvinna í boði.**
Óskum eftir rösku og stundvísu starfsfólki til heilsdags- og hlutastarfa. 1) Innkaup og umsjón með mjólkurvörum 2) Innkaup og umsjón með ávöxtum/grænmeti 3) Almenn afgreiðslustörf.
**Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri. Melabúðin - Þín Verslun, Hagamel 39, sími 551 0224.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Spennandi verkefni.**
Vantar smið eða mann vanan smiðum í 3-4 vikna verkefni erlendis. Mjög góð laun í boði. Frítt uppihald og ferðir.
**Upplýsingar í síma 893 4417**

ALEFLI BYGGINGAVERKTAKAR

Óskum eftir að ráða laghentan húsasmið sem getur starfað sjálfstætt við ýmis smærri verkefni og viðhaldsvinnu. Uppl. gefur Magnús s. 660 4472.

**Morgunræstingar**
Leitum starfsfólki til afleysinga í ræstingum á morgnanna alla virka daga. Um er að ræða hlutastörf við ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Ráðning fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554-6088.**

**Síðdegisræstingar.**
Leitum starfsfólki til afleysinga í ræstingum seinnipartinn alla virka daga. Um er að ræða hlutastörf við ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Ráðning fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554-6088**

**Helgarræstingar**
Leitum starfsfólki til afleysinga í ræstingum seinnipartinn alla virka daga. Um er að ræða hlutastörf við ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Ráðning fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554-6088**

**Langar þig að vinna sjálfstætt við hárgreiðslu?**
Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir duglega og áhugasama einstaklinga. Það er mikið að gera hjá okkur og góður mórall. Uppl. í s. 561 8677.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í faxafeni, skútuvogi og Tjarnarvöllum í Hafnarfirði í fullt starf. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is. Möguleiki á 30.000 kr. mætingarbónus.

Eðalverk ehf óskar eftir vönum vélamönnum og verkamönnum. Uppl. hjá Stefáni í s. 661 2277.

**Vélstjórar**
1.vélstjóra, sem leysir af sem yfirvélstjóri vantar á stórt og öflugt línuskip. Lámarks réttindi 750 kw. Nægar aflaheimildir. Upplýsingar á skrifstofu í síma 420 4400 og hjá útgerðarstjóra í síma 898 6825.

**Hásetar**
Háseta vanir línuveiðum vantar á línuskipið Geirfugl GK frá Grindavík, nánari upplýsingar hjá skipstjóra í síma 852 2533 eða hjá útgerðarstjóra í síma 898 6825.

HREINSITÆKNI EHF. óskar eftir starfsmönnum með meirapróf eða vinnuvélaréttindi til starfa strax. Í boði er mikil vinna og góð starfsaðstaða. Uppl. veittar í s. 894-8565 eða á staðnum að Stórhöfða 37.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal frá 11-15 alla virka daga, einnig getum við bætt við okkur fólki í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum og í síma 696 8397, Brynja.

**Ræstingar.**
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða í föst ræstingastörf og afleysingastörf. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma hjá Guðfinnu í síma 821 5054.

**Hreingerningar**
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hraustan starfsmann í aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan. Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821 5056, á skrifstofutíma.

Yfirvélstjóri & vélstjóri óskast til ferjusiglingar á 2200 bhp vél. Uppl. í s. 897 8923.

**Helgarvinna - Bakarí.**
Starfskrafur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti um helgar, ekki yngri en 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Bakarí.**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti eftir hádegi og aðra hverja helgi, ekki yngri en 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi fyrir hád. og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Ótrúlega búðin. Við leitum að duglegu og jákvæðu fólki á lager og í afgreiðslustörf í búðunum. Þeir sem hafa áhuga á að afla sér upplýsingar um starfið vinsamlega hafið samband við Ingu starfsmannastjóra í síma: 694 2663 eða inga@fong.is

**Helgarvinna**
Kornið Bakarí óskar eftir skólafólki í helgarvinnu. Umsóknir á kornid.is

Óska eftir duglegum manni sem verktaka í vinnu við smíðar og húsaviðhald. Uppl. sendist á fréttabl. smaar@frettabladid.is, merkt "húsavidhald".

**Frágangur og þrif**
Óskum eftir að ráða starfsmann í frágang og þrif á bílum. Bílastjarnan s. 567 8686.

Vanur maður óskast á jarðýtu strax! Upplýsingar í síma 554 3079 & 899 3041.

**Beitningamaður!**
Vanur beitningamaður óskast, beitt í Þorlákshöfn. Uppl. í s. 893 1193 & 483 3733.

## Viðskiptatækifæri

Til sölu lítið þakdúkafyrirtæki. Upplagt tækifæri fyrir sjálfstætt hugsandi iðnaðarmann. Allar nánari upplýsingar í síma 8933693

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Svartur högni með leðuról hefur gert sig heimakominn í Garðabæ. S. 848 5096.

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Vanan háseta vantar á beitingavélabát frá Reykjavík. Uppl. í síma 520 7306 og 893 5458.

## Leikir

Drögum í dag. Fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á www.hhi.is Happdrætti Háskólans.

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vinabær.

Bingó í kvöld. Vinabær

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33.

## FASTEIGNIR

# HB FASTEIGNIR

Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík

**OPIÐ HÚS í dag kl. 14-16**
**STUÐLASEL 28 - Verð 58 millj.**

Frum



* Fallegt 246.1 fm einbýlishús
* Með 7 svefnherbergjum
* Fallegt flísalagt andyri m/skápum
* Stór stofa ásamt borðstofu
* Góður garður verönd m/potti
* Efrihæð sjónvarpsherb.+5 svefnherb.

***Nánari uppl. Kári Kort sölustj. sími 892 2506***

Hrafnhildur Bridde
Löggiltur-fasteigna og skipasali
Félag fasteignasala

Kári Kort
Sölustjóri
GSM 892-2506 / 534-4403
kari@hbfasteignir.is

EYKT
BYGGINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Höfðatorg - Reykjavík

# Kranamenn

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum við byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. sex ár. Um framtíðarstarf er að ræða

Verkefnisstjóri: Sigurjón gsm 822-4405
Verkstjóri: Baldvin gsm 822-44-31

## TILKYNNINGAR

# Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi

**Ráðstefnan - Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi - verður laugardaginn 11. mars nk., í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands og hefst kl. 13:00.**

**Ráðstefnan er á vegum**
Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur

Ráðstefnan er haldin í tengslum við fulltrúafund skógræktarfélaganna.

***Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur ókeypis.***

Ráðstefnustjórar:
Þuríður Yngvadóttir í stjórn Skógræktarfélags Íslands og Aðalsteinn Sigurgeirsson, varaformaður Skógræktarfélags Reykjavíkur

**Dagskrá**

13:00 Setning: Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra

**Stefnumörkun og skipulag**

13:15 Gunnar Einarsson, varaformaður SSH, bæjarstjóri Garðabæjar. *Skógrækt frá sjónarhóli bæjarstjóra*

13:30 Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands
*Skógræktarfélög og Grænir treflar*

**Lýðheilsa**

13:45 Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu
*Hafa skógar áhrif á heilsufar fólks?*

14:00 Sigrún Gunnarsdóttir, varaformaður Félags um lýðheilsu og fulltrúi félagsins í Landsnefnd um lýðheilsu
*Heilsa í skógi*

14:15 Gígja Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hreyfingar hjá Lýðheilsustöð
*Skógrækt er heilsurækt - Hreyfing í fallegu umhverfi og fersku lofti*

14:30 Ingólfur S. Sveinsson geðlæknir
*Skógur til að rækta fólk*

14:45 Fyrirspurnir

15:00 Kaffihlé

**Þéttbýlisskógar og notkun þeirra**

15:30 Sherry Curl mannfræðingur og Hrefna Jóhannesdóttir, skógfræðingur hjá Skógrækt ríkisins
*Viðhorf og notkun Íslendinga á skógum*

15:45 Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstjóri Umhverfissviðs Reykjavíkur.
*Náttúra í borg*

16:00 Herdís Friðriksdóttir skógfræðingur og Ólafur Erling Ólafsson skógarvörður hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur
*Hvernig er Heiðmörk í stakk búin að þjóna lýðheilsu? Hverju er ábótavant?*

16:15 Jón Geir Pétursson, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands og Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá
*Skógrækt og útivist: Straumar og stefnur í Evrópu*

16:30 Desiree Jacobsson, verkefnisstjóri hjá sænsku skógarstjórninni(Skogstyrelsen)
*Skógar og endurhæfing. Reynsla Svía (Forests for Rehabilitation using the Greenstages Model)*
Erindi flutt á ensku

16:50 Fyrirspurnir

17:15 **Dagskrárlok**

MÓGILSÁ

STJÖRNUBLIKK

Óskum eftir duglegu starfsfólki.
Mikil vinna framundan.
Uppl.gefa verkstjórar á
staðnum eða í síma 577-1200
**Stjörnublikk ehf**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




# HÚSA NAUST

FASTEIGNASALA
Borgartúni 29 - Sími 530 7200
*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*


Ásgeir Erling Gunnarsson lögg.fast.sali


Páll Kolka


Skúli Sigurðsson

## EINBÝLI KÓPAVOGI



Einbýlshús á tveim hæðum við Bjarnhólastíg á frábærum stað í grónu hverfi í Kópavogi.Neðri hæð: Forstofa og hol, svefnherbergi, snyrting, þvottahús. Eldhús, borðstofa og stór parketlögð setustofa með útgengi á sólveröndog stóran, fallegan garð. Efri hæð: Hjónaherbergi með útgengi á stórar suður-svalir, tvö svefnherbergi, sjónvarpshol og baðgerbergi sem er flísalagt hólf í gólf.Allt umhverfi hússins er hið snyrtilegasta, garður mjög fallegur, bílastæði lögð munstursteypu og vel hefur verið staðið að viðhaldi húss lóðar. **Verð 42,6 millj.**

## RAÐHÚS MOSFELLSBÆ



Raðhús á einni hæð við Byggðarholt í Mosfellsbæ. Forstofa er flísalögð, gestasnyrting, hol er parketlagt, rúmgóð stofa með útgengi út á hellulagða suður-verönd. Í svefnálmu er hjónaherbergi og þrjú svefnherbergi. Flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, hiti er í gólfi. Úr svefnálmu er gengt inn í geymslu og bílskúr, sem nú er nýttur sem auka íbúð. Eldhús er rúmgott, borðkrókur, inn af eldhúsi er þvottahús.Fyrir framan húsið að norðanverðu eru hellulögð bílastæði með snjóbræðslukerfi. Á baklóð hússins að sunnanverðu er hellulögð sólverönd og gróinn garður með limgerði á lóðarmörkum. **Verð 37,9 millj.**

## GARÐABÆR BYGGINGALEYFI



Iðnaðar og skrifstofuh. 1.063 m2, á 2.987 m2 lóð, með byggingaleyfi fyrir stækkun um 729 m2. Starfsemi er iðnaðarstarfsemi og skrifstofur. Í næsta nágrenni er mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis (Sjáland) og hentar húsnæði á þessum stað vel fyrir verslunar og þjónustustarfsemi. Deiliskipulag sem samþykkt var í nóv. '01 segir m.a.: Nýtingarhlutfall: Grunnfl. húss 40% af stærð lóðar að hámarki, en nýtingarhlutfall er mest 60%. Núv. skipulag gerir ráð fyrir notkun lóðar til iðn.-, atv.- og þjón.starfsemi. Bygginar á lóðinni alls: 1.063 m2, þar af 913 m2 á jarðhæð og 150 m2, á 2. hæð. Byggingareitur er 1.440 m2 og leyfilegt hámarksflatarmál húss samkv. skilmálum um 1.792 m2, þar af 1.195 m2, á jarðh. Núv. byggingareit þarf því ekki að stækka til að fullnýta leyfil. byggingamagn á jarðhæð. Vannýttir byggingamöguleikar innan byggingareits eru 729 m2, þar af jarðhæð 282 m2, og efri hæð 447 m2.

# Eignamiðlun Suðurnesja

*Sigurður V. Ragnarsson löggiltur fasteignasali*

Hafnargötu 20
230 Keflavík
Sími 421 1700
www.es.is






## Tjarnabraut 20 Reykjanesbæ

Í byggingu er glæsilegt 10 íbúða hús í Tjarnahverfi í Reykjanesbæ. Íbúðirnar eru sérlega vandaðar og skilast fullbúnar utan sem innan með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Heimilistæki í eldhúsi fylgja eignunum m.a. ísskápur örbylgjuofn og uppþvottavél. Nokkrar íbúðir þegar seldar, afhending verður í júní 2006. ***Nánari upplýsingar á skrifstofu Eignamiðlunar Suðurnesja. Verktaki er Húsanes ehf.***



## Súlutjörn 1-29 Reykjanesbæ

Húsanes ehf. byggir við Súlutjörn í Tjarnahverfi í Reykjanesbæ 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir sem eru í fjórbýlishúsum og keðjuhúsum, Frábær hönnun þar sem sér inngangur er í allar íbúðir. Íbúðirnar skilast fullgerðar utan sem innan með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Heimilistæki í eldhúsi fylgja eignunum m.a. ísskápur örbylgjuofn og uppþvottavél. Íbúðirnar afhendast frá ágúst til desember 2006. Frábær staðsetning m.a örstutt í nýjan skóla og leikskóla, mikið útsýni og verð sem kemur þægilega á óvart. ***Allar nánari upplýsingar veitir Eignamiðlun Suðurnesja en á netinu má finna allar upplýsingar undir www.es.is. Einnig veita starfsmenn upplýsingar í síma 421 1700.***

# Léttist í pyngjunni

**UMRÆÐAN**
KJÖR ELDRI BORGARA



**ÓLAFUR ÓLAFSSON, EINAR ÁRNASON OG PÉTUR GUÐMUNDSSON**

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hjá miklum hluta eldri borgara hefur aukist um u.þ.b. 10% frá árinu 1995 til 2005, þegar bæði bætur og tekjur voru í ákveðnu lágmarki eftir þjóðarsáttina, á sama tíma og ráðamenn fullyrða að hann hafi aukist um 60% hjá heimilunum í landinu. Því hefur stór hluti eldri borgara dregist aftur úr.

Raunar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna, fyrir dæmigerðan ellilífeyrisþega sem býr ekki einn og hefur 47.600 kr. á mánuði úr almennum lífeyrissjóði, í raun lækkað um 1,6% frá árinu 1988 til 2005. Þetta er ekki síst vegna þess að nú er greiddur tekjuskattur af lágum tekjum að raungildi þó ekki hafi verið greiddur skattur af sömu rauntekjum áður. Þarna munar oft um mánaðartekjum sem skattbyrðin hefur aukist á þann hluta teknanna sem ekkert hefur aukist að raungildi - hrein og klár skattahækkun.

Methafarnir hjá eldri borgurum, þ.e. þeir sem hafa fengið mestu hækkun í kaupmætti ráðstöfunartekna síðustu 10 ár, eru þeir sem búa einir og hafa heimilisuppbót og fá hámarksgreiðslu frá TR því þeir hafa engar tekjur annars staðar frá. Kaupmáttur ráðstöfunartekna þess hóps hefur hækkað um 22,6% frá lágpunktinum 1995 til ársins 2005 samkvæmt útreikningum sérfræðingahóps samráðsnefndar fulltrúa ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara (LEB) um öldrunarmál sem lauk störfum í nóvember 2005. Hækkunin er mun minni frá 1988. Þetta eru þó aðeins 376 einstaklingar í júní 2005 eða um 1,4% ellilífeyrisþega.

Frá þessum methafahópi er svo næsti hópur ellilífeyrisþega sem LEB hefur lagt mikla áherslu á að bæta kjör fyrir. Þar eru þeir sem hafa skertan eða engan tekjutryggingarauka en þó fulla tekjutryggingu. Þetta gildir fyrir þá sem hafa allt að 47.600 í viðmiðunartekjur annars staðar frá. Í raun er þetta nálægt meðalgreiðslum úr almennu lífeyrissjóðunum á mánuði eftir því sem næst verður komist. Um 9.400 ellilífeyrisþegar eru með undir 47.600 kr. á mánuði í viðmiðunartekjur, þ.e. tekjur annars staðar frá en frá TR samkvæmt útreikningi TR fyrir árið 2005. Þetta er um 35% af þeim ellilífeyrisþegum sem einhvern lífeyri fá frá TR en þeir eru um 26.400 manns.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna þessa aðila sem ekki býr einn hefur aðeins hækkað um 9,6% frá lágpunktinum 1995 en hann hefur lækkað um 1,6% frá 1988 samkvæmt útreikningum sérfræðingahópsins. Enn verri hefur þróunin verið fyrir þá sem eru heldur ofar í viðmiðunartekjum.

### ÞRÓUN KAUPMÁTTAR RÁÐSTÖFUNARTEKNA (KAUPMÁTTUR EFTIR SKATTA) 1988–2005

**Ellilífeyrisþegi sem býr ekki einn miðað við ólíkar tekjur á mánuði úr lífeyrissjóði.**

| Tekjur úr lífeyrissjóði | Þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna á tímabilinu: 1995–2005 | 1988–2005 |
|---|---|---|
| | +12,4% | |
| 23.800 | +11,5% | +6,5% |
| 47.600 | +9,6% | –1,6% |
| 95.200 | +9,6% | –5,6% |
| 144.000 | +2,1% | –12,8% |

Byggt á útreikningum heilbrigðis- og tryggingarráðuneytis og LEB

Ekki er því haldið fram að 1988 hafi kjör verr staddra eldri borgara endilega verið svo frábær, en sorglega lítið hefur breyst síðan þá. Smávægileg hækkun er í prósentum þar sem hún þá er, á mjög lágar tekjur, gefur ákaflega litla hækkun í krónum talið.

Til samanburðar má benda á að forsætisráðherra sagði á þingi framsóknarmanna nú í nóvember síðastliðnum að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefði aukist um 60% frá 1995 til 2005.

Við vitum af mörgum hópum sem fara langt yfir þetta í hækkunum. Hver vill hafa þetta svona?

*Ólafur er formaður Landssambands eldri borgara, Einar er hagfræðingur LEB og Pétur er fyrrverandi stjórnarmaður í Félagi eldri borgara í Reykjavík.*

# Ábyrgð dómstóla

**UMRÆÐAN**
ÞÓRA ANDRÉSDÓTTIR STÖÐUVÖRÐUR SKRIFAR UM KYNFERÐISAFBROT

Hæstiréttur Íslands mildaði dóm Héraðsdóms Vesturlands 26. janúar sl. yfir manni sem framdi kynferðisbrot gagnvart tíu ára stelpu með þeim afleiðingum að hún varð fyrir verulegu andlegu áfalli. Sekt mannsins þótti óumdeild þó hann neitaði sök. Samt er maðurinn dæmdur einungis í fjögurra mánuða skilorðsbundið fangelsi.

Annað dæmi var á forsíðu DV 12. janúar. Maður sem hafði játað að vera með 798 ljósmyndir og 61 hreyfimynd af barnaklámi í tölvu sinni og veitti öðrum aðgang að barnaklámi á netinu, fær einungis fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Fyrir jól var annar maður dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa barnaklám undir höndum. Samt taldi dómurinn málið stórfellt. Allt að tveggja ára fangelsi liggur við brotum sem varða barnaklám. En þessir menn sleppa alveg við að sitja inni ef þeir halda skilorð.

Dómurinn, í seinna tilvikinu, tók tillit til þess að maðurinn hafði ekki hlotið refsidóma áður. En hvað voru mörg börn misnotuð? Þetta var ekki bara ein mynd, heldur 340 ljósmyndir og 37 stuttar hreyfimyndir sem hann hafði í tölvu sinni. Það er eins og með suma menn sem hafa sloppið með ótrúlega væga dóma þrátt fyrir beina misnotkun á barni, ekki bara í eitt skipti, heldur mörgum sinnum og jafnvel í mörg ár. Þá er oft talað um það sem fyrsta brot en auðvitað er búið að margbrjóta á barninu og jafnvel eyðileggja líf þess til frambúðar. Þess vegna ættu þingmenn að afnema fyrningu kynferðisbrota gegn börnum.

Eiga ekki dómstólar meðal annars að standa vörð um öryggi almennings og barnanna sem eru svo varnarlaus?

Ég mótmælti á sínum tíma þegar það átti að leggja niður Barnahúsið, einmitt þegar það var búið að sanna sig. Sem betur fer hélt það áfram. En ég er alltaf jafnhissa á að dómarar skuli ekki nota það alltaf, þegar börn innan átján ára aldurs eiga í hlut.

Af hverju að vera með aðra aðstöðu í Héraðsdómi og annar sem yfirheyrir þar? Til hvers?

Það kom fram á Alþingi í ræðu hjá Rannveigu Guðmundsdóttur að engin læknisrannsókn hefði farið fram í Barnahúsinu í eitt og hálft ár. Því hefur verið borið við að það sé svo dýrt. Ekkert er til sparað í rannsóknum á öðrum málum eins og Baugsmálinu og málverkafalsanamálinu. Finnst dómurum landsins þetta bara allt í lagi? Það er hægt að dæma marga af þessum mönnum til harðari refsingar samkvæmt lögum, en það er samt ekki gert þó játning liggi fyrir.

ENNEMM / SÍA / NM20415



Erum við ekki öll komin af *baunum*?




*Íslendingar kjósa Merrild!*

GIUSEPPE MAZZINI (1805-1872) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Staðfesta kemur til viðbótar við allar aðrar mannlegar dyggðir.“*

*Giuseppe Mazzini var ítalskur stjórnmálamaður og rithöfundur sem aðstoðaði við sameiningu Ítalíu á nítjándu öld.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 10. MARS 1944

# *Þrír ofurhugar stofna Loftleiðir*



Á þessum degi árið 1944 stofnuðu þrír íslenskir flugmenn flugfélagið Loftleiðir, en þeir voru þá nýkomnir úr flugnámi í Kanada. Fyrst þjónuðu Loftleiðir einungis innlendum markaði og flutti félagið farþega landshornanna á milli ásamt því að sinna síldarleitarflugi og sjúkraflugi.

Á þjóðhátíðardaginn 1947 hóf félagið svo millilandaflug með reglulegum flugum til Kaupmannahafnar. Rúmu ári seinna fékkst síðan leyfi til að fljúga til og frá Bandaríkjunum. Loftleiðir fóru svo árið 1952 að fljúga reglulega til New York frá Lúxemborg, í gegnum Keflavík, og sköpuðu sér sérstöðu í flugi yfir Atlantshafið með því að selja farið á lægra verði en önnur félög buðu upp á. Á sjöunda og áttunda áratugnum var fyrirtækið uppnefnt „hippaflugfélagið“ í Bandaríkjunum vegna þess hversu vinsælt það var meðal ungs fólks sem ekki höfðu úr miklu að moða.

Frá stofnun Loftleiða átti félagið í harðri samkeppni við Flugfélag Íslands sem endaði með því að félögin tvö sameinuðust undir merkjum Flugleiða. Loftleiðanafnið var síðan endurvakið þegar Loftleiðir Icelandic tóku yfir leiguflug Icelandair árið 2003.

## MERKISATBURÐIR

**1876** Orð Alexanders Graham Bell, „Herra Watson, komdu hingað, ég vil hitta þig,“ berast fyrst orða með símtæki.

**1934** Dregið er í fyrsta sinn í Happdrætti Háskólans í Iðnó. Hæsti vinningurinn, tíu þúsund krónur, kemur á miða númer 15857.

**1941** Togarinn Reykjaborg sekkur norður af Skotlandi eftir árás þýsks kafbáts.

**1991** Davíð Oddsson er kosinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

**1994** Hæstiréttur fellir þyngsta refsidóm sinn þegar maður er dæmdur í tuttugu ára fangelsi fyrir tvö manndráp.

**1997** Fyrsti þátturinn í þáttaröðinni Vampýrubaninn Buffy er sýndur á bandarísku sjónvarpsstöðinni WB.

## ANDLÁT

**Kristín Sigurðardóttir**, Hólmgarði 64, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 6. mars.

**Þorbergur Jónsson**, fyrrum bóndi í Prestsbakkakoti á Síðu, lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 22. febrúar.

**Guðmundur P. Bjarnason** frá Sýruparti, dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, lést laugardaginn 25. febrúar.

**Unnur Þórðardóttir**, Bröttuhlíð 4, Hveragerði, lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 7. mars.

**Haraldur Þ. Thorlacius** lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, þriðjudaginn 28. febrúar.

## AFMÆLI



**Bragi Árnason** prófessor í efnafræði er 71 árs.



**Allan Vagn Magnússon** héraðsdómari er 61 árs.



**Sigfús Grétarsson** skólastjóri er 51 árs.



**Ágúst Ólafur Ágústsson** þingmaður er 29 ára.

## JARÐARFARIR

11.00 **Emmy Y. Becker**, Rjúpufelli 23, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

11.00 **Jóhanna Einarsdóttir** (Nanný), Flókagötu 69, Reykjavík, verður jarðsungin frá Áskirkju.

13.00 **Guðmundur Helgi Jónasson** verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

13.00 **Hansína Hannesdóttir**, Hlaðbrekku 12, verður jarðsungin frá Hjallakirkju í Kópavogi.

13.00 **Hjálmur Sigurjón Sigurðsson**, Mánabraut 5, Skagaströnd, verður jarðsunginn frá Bústaðarkirkju.

14.00 **Herdís Björnsdóttir**, Varmalæk í Skagafirði, verður jarðsungin frá Reykjakirkju.

14.00 **Tómas Ýmir Óskarsson** frá Dæli í Skíðadal, til heimilis í Keilusíðu 6h, Akureyri, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju.

14.00 **Klemenz Halldórsson** bóndi, Dýrastöðum, Norðurárdal, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju.

14.00 **Herdís Björnsdóttir**, Varmalæk í Skagafirði, verður jarðsungin frá Reykjakirkju.

15.00 **Jón Jónasson** tannlæknir, Suðurhlíð 35, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Ragnar Kr. Karlsson** læknir verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

15.00 **Aðalheiður Hannesdóttir**, Gullsmára 9, Kópavogi, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.




†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**María Kristjana Angantýsdóttir**
Öldustíg 3, Sauðárkróki,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 7. mars. Útförin auglýst síðar.

**Benedikt Agnarsson**
**Agnes Benediktsdóttir** **Helgi Einarsson**
**Ásta Benediktsdóttir** **Rúnar Grétarsson**
**Björgvin Benediktsson** **Guðrún Astrid**
**Sigrún Benediktsdóttir**
**Sigfús Benediktsson**
**Aron Hugi Helgason**
**Arney Lind Helgadóttir**
**Benedikt Rúnarsson**
**Dagmar Björg Rúnarsdóttir**



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR LEIKKONA: HELDUR UPP Á FERTUGSAFMÆLIÐ

# Vill engin álver í afmælisgjöf



**MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR** Margréti finnst gaman að eldast endafyllist hún meiri visku með árunum og fær meiri efnivið að vinna úr í starfi sínu.

„Þetta eru alvöru tímamót skilst mér,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona og hlær dátt. „Nú byrjar seinni hlutinn en hann er oft skemmtilegri en sá fyrri. Það er að minnsta kosti þannig í leikhúsinu,“ segir hún um fertugsafmælið sem hún heldur upp á í dag.

„Það verður rosaleg veisla,“ segir Margrét spurð hvort hún ætli að gera sér glaðan dag á tímamótunum. Hún segist vera mikið afmælisbarn og hélt síðast upp á þrítugsafmælið með trompi hérna fyrir ekki svo mörgum árum. „Svo fannst mér þrjátíu og fimm bara vera svo léleg tala, ég var engan veginn að fíla hana,“ segir hún og hlær enn meira. Fjórir og núll henta Margréti þó betur enda enginn með aðrar meiningar en að þar séu á ferðinni góðar tölur. „Fjórir er líka talan mín í númeralógíunni svo núna hlýtur allt að fara að smella saman.“

Margrét er mikið afmælisbarn og ánægð með að eldast. „Ég alveg dýrka að fá nokkra kossa og hitta vini mína,“ segir hún og bætir við að ásamt því að vera mikið afmælisbarn er hún líka jólabarn, páskabarn og frumsýningarbarn. „Ég verð líka alltaf aðeins skárri í höfðinu og fyllist meiri visku með árunum,“ segir hún. „Það eina sem mann þyrstir í er að vita meira og læra meira,“ bætir hún svo við. Margrét segist líka hafa fengið meiri áhuga á hlutunum í kringum sig með árunum og löngun til að hafa áhrif og framkvæma, til dæmis á sviði náttúruverndarmála sem hún hefur mikinn áhuga á. Í starfi hennar segir Margrét líka að aldurinn komi sér vel enda færir hann fólki ekkert nema meiri visku. „Maður fær alltaf meiri efnivið að vinna úr, sem er gott í allri list þar sem reynslan nýtist manni vel.“

Upp á síðkastið hefur Margrét unnið fjölmörg verkefni með kvennahópum þar á meðal HÆTTA-hópnum sem stóð að tónleikunum í Laugardalshöll í janúar gegn stórvirkjunum. Hún segir að ásókn í slíka vinnu hafi aukist með aldrinum og auknu sjálfstrausti. „Ég hef aldrei unnið svona mikið með konum eins og þetta árið,“ segir Margrét sem er núna að æfa leikritið Átta konur í leikstjórn Eddu Heiðrúnar Backman og er að sýna Eldhús eftir máli í Þjóðleikhúsinu. Hún er ánægð með hvernig konur eru að ryðja sér til rúms í leikhúsheiminum. „Leikhúsið getur eins og aðrir vinnustaðir verið full karllægt samfélag, en maður finnur fyrir breytingunum og verður rosalega glaður við tilhugsunina,“ bætir hún við.

Þegar blaðamaður spyr Margréti hvað hún vilji nú fá í afmælisgjöf hlær hún bara og segist vera til í allt. Við frekari umhugsun finnur Margrét þó bestu mögulegu afmælisgjöfina: engin álver. Þegar blaðamaður spyr hana hvort hún búist ekki við því að þurfa að óska sér þess nokkur ár í viðbót stendur ekki á svari. „Ætli það verði ekki bara framtíðarafmælisgjöfin: að það verði líf og engin mengun. Og að fólk eflist í því að finna betri lausnir á framtíð Íslands en álver.“

# Orkan í landanum á ráðstefnu



**FRÁ ÁLVERINU Í STRAUMSVÍK** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í dag standa Fuglaverndarfélag Íslands, Náttúruvaktin, Hætta-hópurinn og Náttúruverndarsamtök Íslands fyrir opinni ráðstefnu. Rætt verður um atvinnu og umhverfi undir yfirskriftinni Orkulindin Íslands og einblínt á gildi náttúru, mannauðs og hugvits. Fyrirlesarar koma úr ýmsum áttum og eru ekki endilega þeir sem fyrirfram má búast í pontu á ráðstefnu náttúruverndarsinna, enda er hún andsvar andstæðinga stóriðju við þeirri gagnrýni að þau bendi ekki á aðrar leiðir í atvinnumálum.

Á eftir setningarávarpi Guðmundar Páls Ólafssonar rithöfunds og líffræðings mun Reynir Harðarson, stofnandi tölvufyrirtækisins CCP, halda erindi sem nefnist „Stóriðja og Eve Online“. Á eftir honum taka svo Sigurður Jóhannesson hagfræðingur, Rögnvaldur Sæmundsson, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HR í nýsköpunar- og fjölmiðlafræðum, Árni Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Magnús Sigmundsson, framkvæmdastjóri Hestasports-Ævintýraferða til máls. Þegar fyrirlestrunum lýkur verða pallborðsumræður þar sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna ræða um efni ráðstefnunnar.

Orkulindin Ísland hefst á Hótel Nordica klukkan tvö í dag og er tekið við frjálsum framlögum við innganginn.




FLUG OG GISTING FRÁ 46.900* KR.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

IDOLTILBOÐ TIL PARÍSAR

Sjáðu París í Idol-Stjörnuleit í kvöld.
Í tilefni af þættinum bjóðum við flug og hótel á frábæru Idolverði.
Fáðu smjörþefinn af töfrum þessarar mögnuðu heimsborgar í sjónvarpinu í kvöld og skelltu þér síðan þangað á vildarkjörum.

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

*Innifalið: Flug báðar leiðir, skattar og gisting í 3 nætur á Holiday Inn Republique sem er 4 stjörnu hótel.
Verð á mann í tvíbýli.

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA

VILDARPUNKTAR

Þessi ferð gefur 3600 vildarpunkta.

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# töfrandi till

*vertu vel*



þú sparar 500 kr/kg

1.299 kr.pk
Verð áður 1.799 kr/pk
Danskar kjúklingabringur




þú sparar 632 kr/kg

989 kr.kg
Verð áður 1.621 kr/kg
Gourmet léttreyktur lambahryggur





fiskinn minn... nammi, nammi, namm

799 kr.kg.
Fjörfiskur rauðsprettuflök m/roði



Sjávargull risarækja soðin 200g.
Sjávargull risarækja 200g.
Sjávargull rækjur innbakaðar 250g.
Sjávargull innbakaður smokkfiskur 500g.

299 kr.pk.



299 kr.pk.
Sjávargull kræklingur 350g.



## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 10.mars til 12.mars. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi


boð í nettó
lkomin
þú sparar 409 kr/kg
BBQ GRÍSARIF
1.228 kr.kg
Verð áður 1.637 kr/kg
Old West grísarif
Humarveisla
499 kr.pk.
Humar 500g. millistærð
Sjávarveisla í nettó
899 kr.kg.
Sjávargull rækjur 1000g. Úrvalsflokkur
gæða vörur
990 kr/stk
United samlokugrill
1.990 kr/stk
United blandari
ódýrar vörur
299 kr.pk.
Sjávargull sjávarkokteill 300g.
990 kr/stk
United kaffikanna
990 kr/stk
United handþeytari
nettó




# STUÐ MILLI STRÍÐA Debet og kredit

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** BORGAR Í BEINHÖRÐUM PENINGUM.



Fyrir stuttu tók ég eina skynsamlegustu ákvörðun sem ég hef tekið síðan ég skilaði kreditkortinu mínu, en það var að gefa debetkortinu líka frí. Ég er búin að átta mig á því að greiðslukort eru bara ekki fyrir mig.

Núna tek ég bara út af reikningnum mínum það sem er eftir þegar ég er búin að borga alla reikninga og borga allt sem ég þarf að kaupa í beinhörðum peningum. Þannig hef ég miklu betri yfirsýn yfir eyðsluna en áður.

Vandamálið við debetkortið er nefnilega það að ég veit aldrei almennilega hvað ég er búin að eyða miklu þegar ég nota það. Ég er ein af þeim sem nenna ekki að halda utan um allar greiðslukvittanirnar og þó að ég noti þjónustusímann óspart til þess að athuga hvað ég á mikið eftir á reikningnum mínum koma margar færslur ekki inn fyrr en seint og um síðir. Oft þegar ég held að nóg sé eftir er bara alls ekki svo.

Kosturinn við að nota peninga er sá að ég sé nákvæmlega hvað ég eyði miklu og hversu mikið er eftir, sem hefur svo þær skemmtilegu afleiðingar að ég er orðin miklu nískari. Hingað til hef ég bara keypt allt sem mig „vantar“ þangað til kortið hættir að virka, en núna vantar mig allt í einu miklu færri hluti en áður.

Oft er talað um að ungt fólk kunni ekkert að fara með peninga en margt af því hefur aldrei notað peninga þar sem bankarnir bjóða börnum allt frá unga aldri upp á debetkort. Þeir sem eru aldrei með peninga í höndunum læra náttúrlega ekkert að fara með þá.

Greiðslukortin voru auðvitað bylting á sínum tíma og hafa sparað mörgum tíma og fyrirhöfn. Þeir sem höfðu ára eða áratuga reynslu af því að fara með peninga frá því fyrir tíma kortanna eiga hins vegar örugglega auðveldara með að nota þau rétt en þeir sem hafa aldrei lært að nota peninga.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Helgarsprengja

**Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind og Kringlu.**
**Takmarkað úrval í öðrum verslunum**

## *Hágæða örþunn sjónvarpstæki*

### United 42" plasma breiðtjaldssjónvarp

- 42" Plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1, birta: 1000 cd/m2
- HDTV ready
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)



**TILBOÐ**
**139.990kr**
Verð áður 159.990,-



**TILBOÐ**
**169.990kr**
Verð áður 199.990,-

### Thompson 42" ED plasma breiðtjaldssjónvarp

• 42" ED 16:9 plasma sjónvarp • Upplausn 852x480 með skerpu 3.000:1 • Sjónsvið (H/V): 160/160° og birtustig: 1000 cd/m2 • HDTV ready • 2x14w nicam stereó hljóðkerfi • Mynd í mynd (1 tuner) • DVI tengi (styður VGA, SVGA, XGA, SXGA) • 2 scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 2100 síðna minni • Tónjafnari, svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur fylgir • Veggfesting: Vogles EFW6305 (fylgir ekki) •Mál í cm (bxhxd): 112,8x70x9,3 og þyngd: 33kg



**TILBOÐ**
**89.990kr**
Verð áður 139.990,-

### United 27" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

• 27" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn 1280x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:600:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 16ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x7w nicam stereo hljóðkerfi með SRS surround • 2 scart, component, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki) • Mál í cm (bxhxd): 80,8x44,5x10



**TILBOÐ**
**149.990kr**
Verð áður 169.990,-

### JVC 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x10w nicam stereo hljóðkerfi • 2 scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi (styður VGA, SVGA og XGA) • Textavarp • Fjarstýring • Veggfesting: Vogles VFW140 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11



**TILBOÐ**
**129.990kr**
Verð áður 149.990,-

### United 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x10w nicam stereo hljóðkerfi • 2 scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi (styður VGA, SVGA og XGA) • Textavarp • Fjarstýring • Veggfesting: Vogles VFW140 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

Gildir til 16. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

2.990




**Biblía fallega fólksins**
Gillz leggur línurnar...
Bók fyrir alvöru karlmenn!

2.090
verð áður 2.990.-




**Dýraríkið**
Óskabók allra fróðleiks-fúsra krakka!

3.490
verð áður 4.990.-




**Heimur hrygg-leysingjanna**
Glæsileg bók úr smiðju David Attenborough

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


**!** **Kl. 18.00**
*Hljómsveitin Andrúm spilar rokk í anda Pink Floyd í Galleri Humar eða frægð, Laugavegi 59.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Auður í ýmsum myndum*


SUMARLIÐI R. ÍSLEIFSSON SAGNFRÆÐINGUR

Náttúruverndarsamtökum hefur gjarnan verið legið á hálsi að berjast á móti stóriðjustefnu án þess að benda á önnur úrræði. Náttúruvaktin, Fuglavernd, Hættu-hópurinn og Náttúruverndarsamtök Íslands efna til ráðstefnu í dag sem er m.a. svar við þessum ásökunum. Sumarliði R. Ísleifsson, einn af forsvarsmönnum ráðstefnunnar, segir að um sé að ræða viðbragð við ráðstefnunni Orkulindin Ísland sem Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samorka stóðu fyrir nýlega þar sem fjallað var um gildi ál- og orkuframleiðslu. Sumarliði segir að margir hafi þungar áhyggjur af þróun atvinnumála hér á landi og að á ráðstefnunni verði leitast við að horfa á málin úr annarri átt. Fyrirlesarar verða Reynir Harðarsson stofnandi CCP, Rögnvaldur Sæmundsson, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HR í nýsköpunar- og fjölmiðlafræðum, Árni Finnson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Magnús Sigmundsson, framkvæmdastjóri Hestasport-Ævintýraferða. Að loknum fyrirlestrum verða pallborðsumræður með fulltrúum stjórnmálaflokkanna. Ráðstefnan er haldin á Hotel Nordica og stendur frá 14-17.

# Marglyndi menningarinnar

**Á morgun efnir Stofnun Sigurðar Nordals til árlegs vormálþings sem að þessu sinni er helgað íslenskri menningu. Úlfar Bragason, forstöðumaður stofnunarinnar, segir mikla grósku í íslensku menningarlífi og blæs á yfirlýsingar um dauða íslenskrar tungu.**


ÚLFAR BRAGASON, FORSTÖÐUMAÐUR STOFNUNAR SIGURÐAR NORDALS

„Íslensk menning er í mikilli deigu,“ segir Úlfar Bragason og bendir á að staða menningarinnar almennt sé breytt vegna sífellt vaxandi erlendra áhrifa og sökum þess að hingað til lands flytjast fleiri útlendingar. „Það er fleira fólk að fást við menningu og hún er fjölbreyttari en áður.“ Í ljósi umræðunnar undanfarið um mögulegan dauða íslenskunnar eftir 100 ár segir Úlfar að við vitum ekkert hvernig ástandið muni verða þá en það sé full ástæða til bjartsýni. „Íslenskan hefur aldrei staðið betur. Það er miklu meira skrifað, miklu meira lesið og það er mikill áhugi á tungumálinu, t.d. erlendis og hér er öflugt ríkisvald sem getur stutt við bakið á íslenskri tungu,“ segir Úlfar. Hann telur fyrrgreinda umræðu vera á skjön við veruleikann en bendir enn fremur á að meira fé vanti til rannsókna á íslenskri tungu.

### Nýir staumar að utan

„Það koma nýir straumar með útlendingum sem flytjast hingað til lands en það skiptir máli hvernig við tökum á móti þeim,“ segir Úlfar og áréttar að þeir hafi mikinn áhuga á að læra íslensku. Stofnun Sigurðar Nordals hefur m.a. umsjón með sumarnámskeiðum í íslensku og íslenskum fræðum og forgöngu um íslenskukennslu í erlendum skólum. „Meðal erlendra stúdenta er mikill áhugi á að læra íslensku, það sækja miklu fleiri um hjá okkur heldur en við getum tekið við,“ segir Úlfar og útskýrir að t.d. heimsæki yfir 300 manns íslenskukennsluvefinn Iceland online á hverjum degi. Stofnunin sinnir einnig upplýsingaþjónustu um kennslu og kennslugögn í íslensku fyrir útlendinga.

Þó að staða menningarinnar sé góð segir Úlfar samt sem áður að allt of lítið sé fjallað um menningu hérlendis. „Ef frá eru taldir nokkrir þættir í Ríkisútvarpinu og ef það eru einhverjar stórstjörnur sem eiga í hlut. Hérlendis koma út blaðakálfar um viðskipti rétt eins og peningarnir séu aðalatriðið,“ segir Úlfar.

### Menning í víðu samhengi

Yfirskrift málþingsins á morgun, „Einlyndi og marglyndi“, er fengið frá Sigurði Nordal sem flutti samnefnda fyrirlestra á árunum 1918-1919 þegar hann var nýkominn heim úr námi. Á þessu ári eru 20 ár liðin síðan Stofnun Sigurðar Nordals var sett á laggirnar og þann 14. september nk. eru liðin 120 ár frá fæðingu þessa þekkta fræðimanns en Úlfar segir að stofnunin muni minnast tímamótanna með ýmsum hætti, m.a. með málþingi um íslenskukennslu á haustdögum. Frummælendur á málþinginu starfa á ólíkum fræðasviðum. „Oft þegar talað er um menningu í sambandi við Sigurð Nordal er vísað til þeirra sviða sem hann fjallaði mest um, þ.e.a.s. tungumáls, bókmennta og sögu,“ segir Úlfar og bendir á að nú sé leitast við að hafa sem mesta breidd í umfjölluninni, ætlunin sé að meta stöðu menningarinnar í heild og þess sem er að gerast t.d. á ólíkum rannsóknarsviðum. Meðal frummælenda á morgun eru Gauti Kristmannsson, lektor í þýðingarfræði við HÍ, Haukur Ingvarsson, bókmenntafræðingur og skáld, Ása Richardsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins, og Björn Ægir Norðfjörð, aðjunkt í kvikmyndafræði við HÍ.

# Aukin fræðsla í Listasafni Íslands

Nýlega var aðgangseyrir að sýningum Listasafns Íslands felldur niður og nú á að auka þjónustu safnsins til muna og bjóða upp á fræðsluerindi um sýningar safnsins. Erindi þessi kallast Þankar um myndlist – spurt og spjallað og verða á dagskrá í hádeginu á föstudögum og miða að því að veita safngestum innsýn í afmarkaða hluta sýninganna og gera almenningi kleift að taka virkari þátt í þeirri umræðu sem tengist listasýningum safnsins, Þessa dagana stendur yfir sýning á málverkum Snorra Arinbjarnar og Gunnlaugs Blöndal og í dag mun Helgi Þorgils Friðjónsson myndlistarmaður fjalla um nokkur verk þeirra milli kl. 12.10-12.40. Á morgun mun Harpa Þórsdóttir listfræðingur síðan fjalla um myndlist Gunnlaugs Blöndal frá kl. 11-12. Listasafn Íslands er við Fríkirkjuveg 7.


HELGI ÞORGILS FRIÐJÓNSSON MYNLISTARMAÐUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MARS**

7 8 9 **10** 11 12 13

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 18.00 Hljómsveitin **Andrúm** heldur tónleika í Galleri Humar eða frægð við Laugaveg og spilar tónlist í anda Pink Floyd.

☐ 22.00 Tónleikar með **El Rodeo**, **Gavin Portland** og **Blindsight** frá kl 22-24. **Dj Gulli** í Ósóma tekur við á miðnætti.

☐ 23.00 **Brain Police** heldur tónleika á Gauk á Stöng.

### SKEMMTANIR

☐ 22.00 **Danshljómsveit Friðjóns** leikur fyrir dansi föstudag og laugardag í Vélsmiðjunni á Akureyri. Frítt inn til miðnættis.

☐ **Vignir Sigurþórsson** úr Borgarnesi (Gammeldansk) spilar og syngur á Catalinu í Kópavogi.

### FUNDIR

☐ 20.30 **Tran-Thi-Kim-Dieu** heldur erindi í húsi Guðspekifélagsins við Ingólfstræti 22. Erindið ber yfirskriftina “Að uppgötva sitt eigið Dharma (og goðsögnin um frjálsan vilja).”

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 **Nemendur á myndlistardeild LHÍ** fremja gjörninga á efstu hæð Nýlistasafnsins. Fyrr um daginn, kl. 18, verður gjörningur framinn við Gróttu en hann svo fluttur upp á fjórðu hæðina safnsins. Nýlistasafnið, Laugavegi 26 - gengið inn frá Grettisgötu.

### MÁLÞING

☐ 14.00 **Stofnun Sigurðar Nordals** efnir til málþings um menningu á Íslandi og íslensk fræði í nútíð og framtíð í samvinnu við Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar. Málþingið stendur frá 14.00 til 17.00, allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



VILTU KITLA HLÁTURTAUGARNAR?
MIÐASALAN HEFST Í DAG Í BORGARLEIKHÚSINU
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
NÚ LOKSINS Í REYKJAVÍK!
Nú er vinsælasta leiksýning LA frá upphafi komin suður.
Tólf þúsund gestir sáu sýninguna á Akureyri.
Miðasala hefst í dag klukkan 10.00 í Borgarleikhúsinu í síma 568 8000.
Ef greitt er með Visa-kreditkorti fæst miðinn á 1.800 kr. á eftirtaldar sýningar:
VISA
Sunnudaginn 30. apríl kl. 20.00
Mánudaginn 1. maí kl. 20.00
Þriðjudaginn 2. maí kl. 20.00
Sunnudaginn 7. maí kl. 20.00
Mánudaginn 8. maí kl. 20.00
Þriðjudaginn 9. maí kl. 20.00
Á ÞAKINU
BORGARLEIKHÚSIÐ
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
VISA
Egils
Höldur ehf.

# Kanaútvarp á Listahátíð

**Loksins fá Bandaríkjamenn að heyra í Diddú og Fóstbræðrum þegar einn vinsælasti útvarpsþáttur þar vestra verður sendur út hér á landi á Listahátíð í maí.**

„Skemmtiþáttur Garrison Keillors er nánast forn á okkar mælikvarða en hann hefur haldið velli í liðlega 30 ár,“ segir Tony Judge, framleiðandi útvarpsþáttarins Praire Home Companion sem hefur verið einn vinsælasti útvarpsþáttur Bandaríkjanna um langt skeið eins og ráða má af aldrinum.

Að sögn Tonys er þátturinn ævinlega sendur út beint fyrir fullu húsi áheyrenda. „Við ætlum að senda þáttinn út beint úr Þjóðleikhúsinu í Reykjavík um miðjan maí næstkomandi í tengslum við Listahátíðina, en þetta er í fyrsta skipti sem við sendum þáttinn út af erlendri grundu,“ segir Tony. Hann segist hafa fengið að minnsta kosti 30 tillögur og ábendingar um tónlistarmenn og aðra listamenn íslenska til að koma fram í tveggja klukkustunda langri dagskrá. „Það er eiginlega leyndarmál ennþá hverjir verða leiddir upp á svið Þjóðleikhússins, en ég má til með að nefna karlakór Fóstbræðra og Diddú þótt ekkert sé endanlega frágengið.“

Tony Judge hefur komið áður til Íslands og hrifist af landi og þjóð. „Það eru einhver bönd sem tengja Íslendinga við landið sitt. Þeir setjast að í framandi löndum, læra þar og starfa og hafa það gott. En einn góðan veðurdag segja þeir: Jæja, nú er tími til kominn að fara heim.“ Tony segist viss um að þetta sé séríslenskt fyrirbrigði.



**TONY JUDGE FRAMLEIÐANDI ÚTVARPSÞÁTTANNA PRAIRIE HOME** „Við ætlum að senda þáttinn út beint úr Þjóðleikhúsinu í Reykjavík um miðjan maí næstkomandi.“

Garrison Keillor er mjög vel þekktur í Bandaríkjunum og þáttur hans nær eyrum að minnsta kosti sex milljóna Bandaríkjamanna hvert laugardagskvöld. Þátturinn byrjaði í Minnesota en er nú þekktur um öll Bandaríkin. „Það er gaman að segja frá því, að útsending okkar 14. maí næstkomandi verður að líkindum einnig í beinni útsendingu á Rás 2.“

Þess má geta að kvikmyndaleikstjórinn Robert Altman undirbýr nú gerð kvikmyndar um Praire Home-þættina með þekktum kvikmyndastjörnum á borð við Meryl Streep.

**- jh**



**STEINGRÍMUR Í GÓÐUM HÖNDUM Á KOSNINGAVÖKU 1992**

# Síðustu forvöð

Nú fer hver að verða síðastur að berja augum árlega sýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands í Gerðubergi en sýningin lokar á sunnudag. Í kjallara hússins er einnig yfirlitssýning á ljósmyndum Gunnars V. Andréssonar ljósmyndara sem spannar 40 ára feril hans og geymir ófá ódauðleg augnablik úr sögu þjóðarinnar. Sýningin er opin frá 11-17 á föstudaginn og frá 13-16 um helgina.








| Stóra svið | | Nýja svið / Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| Lau 11/3 kl. 14 UPPS. | Su 12/3 kl. 14 UPPS. | Í kvöld kl. 20 UPPS. | Lau 11/3 kl. 20 UPPS. |
| Lau 18/3 kl 14 UPPS. | Su 19/3 kl. 14 UPPS. | Su 12/3 kl. 20 | Lau 18/3 kl. 20 UPPS. |
| Lau 25/3 kl. 14 UPPS. | Su 26/3 kl. 14 UPPS. | Fi 23/3 kl. 20 | Fi 6/4 kl. 20 |
| **CARMEN** | | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| Lau 11/3 kl. 20 | Lau 18/3 kl. 20 | Fi 16/3 kl. 20 | Fö 24/3 kl. 20 |
| Lau 25/3 kl. 20 | SÍÐUSTU SÝNINGAR! | 25/3 kl. 20 UPPSELT | Fi 30/3 kl. 20 |
| | | Lau 1/4 kl. 20 100. SÝNING | |
| | | ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK | |
| **TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-** | | **HUNGUR** | |
| Í kvöld kl. 20 Rauð kort | | Fi 16/3 kl. 20 | Fö 17/3 kl. 20 |
| Su 19/3 kl. 20 Græn kort | | Fi 23/3 kl. 20 | Fö 24/3 kl. 20 |
| Su 26/3 kl. 20 Blá kort | Fö 31/3 kl. 20 | ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI | |
| **WOYZECK** | | **NAGLINN** | |
| Su 12/3 kl. 20 | Fi 23/3 kl. 20 . | Lau 11/3 kl. 20 | Su 12/3 kl. 20 UPPSELT |
| | | Lau 18/3 kl. 20 UPPS. | Su 19/3 kl. 20 UPPS. |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** | |
| Fi 13/4 kl. 14 | Lau 15/4 kl. 14 | Fö 17/3 kl. 20 | Su 26/3 kl. 20 |
| Má 17/4 kl. 14 | Fi 20/4 kl. 14 | | |
| **FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** | | | |
| Su 30/4 kl. 20 | Þri 2/5 kl. 20 | | |
| Mi 3/5 kl. 20 | Su 7/5 kl. 20 | | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

**Aukasýningar í mars:** Sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

**Aukasýning sun. 12/3 kl. 13:00** örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

VIRKJUNIN

4. sýn. í kvöld fös. 10/3 nokkur sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 nokkur sæti laus, 6. sýn. fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. lau. 25/3. **Aðeins þessar 6 sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 26/3, fim. 30/3, fös. 31/3.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 **uppselt**, **aukasýning mið. 15/3 uppselt**, fim. 16/3 **uppselt**, fös. 17/3 **uppselt**, lau. 18/3 **uppselt**, fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, fim. 6/4, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Í BEINNI**

eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

6. sýning Föstud. 10.mar. kl.20:00
7. sýning Föstud. 17.mar. kl.20:00
8. sýning Laugard. 25.mar. kl.20:00
9. sýning Laugard. 01.apr. kl.20:00

*Leikritið gerist í lokaþætti spjallþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggnst baksviðs. Þetta er bráðfyndið leikrit sem óhætt er að mæla með.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1800,-**
**www.leikmos.is**

Heildsölu lagersala

9-13 mars 2006

50-90% afsláttur!!

Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum

| | Listaverð | Útsöluverð frá |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | 29,990 | 11,900 |
| Hlaupajakki | 8,990 | 3,900 |
| Flíspeysa | 12,990 | 5,900 |
| HiTec Golfskór | 12,990 | 5,900 |
| Fótboltaskór | 13,990 | 5,900 |

Einnig mikið úrval af:
Skíðafatnaði, Útivistarfatnaði, Golffatnaði, Íþróttafatnaði, Brettafatnaði
Barna-, unglinga- og fullorðinsstærðir

Opnunartími
Fimmtud. 14-20
Föstud. 14-20
Laugard. 10-18
Sunnud. 11-17
Mánud. 14-20

Við rýmum til á lagernum vegna sumarlínu okkar sem kemur fljótlega til landsins.
Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

ZO-ON Iceland
Nýbýlavegur 18
(gengið inn Dalbrekku megin)

www.zo-on.com

ZO•ON ICELAND

IÐNÓ

*Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir leikritið*

**GLÆPIR OG GÓÐVERK**

**Byggð á verki Antons Delmer, "Don´t utter a note"**
**Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson**
**leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir**

**Sýningar í IÐNÓ**

**9. sýning sun. 12 mars Uppselt**
**10. sýning mið. 15. mars** kl. 14.00
**11. sýning sun. 19. mars** kl. 14.00
**12. sýning mið. 22. mars** kl. 14.00
**13. sýning mið. 26. mars** kl. 14.00
Sýningar eru miðvikudaga og sunnudaga kl. 14.00

**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700 og við innganginn www.midi.is Miðaverð kr. 1.200**

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100




Þri. 14.03 kl. 19:00 laus sæti



Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
17. mars. Fá borð laus
18. mars. Fá borð laus
25. mars. Fá borð laus
22. apríl. Aukasýning
Ógreiddar miðar seldir hálftímmánuði fyrir viðburð.
☎ 5331100
Netfang: midasala@broadway.is
BROADWAY
Aðeins þessar sýningar

ÓSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
SÍÐUSTU SÝNINGAR
9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - UPPSELT - LOKASÝNING

*„Á meðan jafn vel tekst til og á þessu kvöldi þarf vart að hafa áhyggjur af framtíð Ízlensku óperunnar" R.Ö.P Morgunblaðinu*

KYNNING FYRIR SÝNINGU - KL. 19.15
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

KRINGLUKRÁIN
Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
Borðapantanir í síma 568 0878
Geirmundur Valtýsson í kvöld
www.kringlukrain.is

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA



ATH. SÝNINGUM AÐ LJÚKA

föstudagur 10.03 örfá sæti laus
laugardagur 11.03 UPPSELT
föstudagur 17.03 örfá sæti laus
laugardagur 18.03 örfá sæti 70. sýning
föstudagur 24.03 örfá sæti laus
laugardagur 25.03 laus sæti
laugardagur 01.04 laus sæti
föstudagur 07.04 SÍÐASTA SÝNING

MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sýning í kvöld
Umdeild og skemmtileg sýning!
virkjunin



whiskas
Kynjakettir
KATTASÝNING
Vorsýning Kynjakatta verður haldin 11. og 12. mars 2006 í reiðhöll Gusts, Álalind, Kópavogi
Sýningin er opin frá klukkan 10 – 18 báða dagana.

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Fös. 10. mars. kl. 20
Lau. 18. mars. kl. 20
SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/ Einar Má Guðmundsson
Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
lau. 11. mars kl. 20
sun.12. mars kl. 20
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

GAS GAS
Steve Colley sýnir listir sínar á planinu hjá okkur í Stórhöfðanum föstudaginn 10. mars kl. 18.30 opið hús til kl. 20.30 - veitingar í boði

Yfirburðir GAS GAS hjólanna eru algerir

*GAS GAS voru valdir hjólasmiðir ársins 2005*



10.473.- pr. mán.*
GAS GAS 300 árg. 2006 - kr. 739.900.-
*greiðsla pr. mán.miðað við 74.000.- útborgun og TM lán.
ÖHLINS fjöðrun 114.000.-

GAS GAS vann alla TRIAL heimsmeistaratitla á árinu 2005.



Adam Raga GAS GAS ökumaður er heimsmeistari í TRIAL innan - og utanhús árið 2005 og innanhús 2006

GAS GAS EC 300 eitt besta endurohjólið - búið öllum kostum - sem prýða gott endurohjól. Hárnákvæmir akstursseiginleikar, fjöðrun í heimsklassa og hnitmiðuð vél og að sjálfssögðu götuskráð.

Stórhöfða 35 - 110 Reykjavík - sími 567 6116 - jhmsport@simnet.is
JHM SPORT www.jhmsport.com




# Karnivalí

**-30%** afsláttur

## Af öllum Búsáhöldum



**-20%** afsláttur

## Af dagsleigu á hekkklippum í Áhaldaleigu

Áhaldaleiga



**8.995 kr.**

16.995 kr.

## Land háþrýstidæla á tilboði

140 bar, 1700 W, 360 ltr. á klst. Þolir allt að 50° C. 5 m slanga.



# Gildir föstudag, laugardag




# Skútuvogi

## Gullæði
## í Dýraríkinu

- Gullfiskar með 40% afslætti
- Gullfiskakúlur með 35% afslætti
- Nagdýrabúr og fylgihlutir með 35% afslætti

DÝRARÍKIÐ



## Kaffi Garður



- Ís á 50 kr. alla helgina
- Brúðkaupsterta frá bakaríinu Austurveri
- Brúðkaupstertusneið á 390 kr.

Í Blómavali Skútuvogi

## Brúðkaups-sýningin Já



10.-12. mars

Upplifðu brúðkaupsævintýrið frá upphafi til enda



**Rósir** (ca 40 sm)

Verð 999 10 stk.
799 7 stk.

blómaval
heillandi heimur



**Heimilisfriður**
Verð 399

**Muscari**
Verð 299

**Amarillis**
Verð 799



30% afsl. af kertum og servíettum



20% afsl. af öllum vörum í Soldis



20% afsl. Lífrænt ræktað grænmeti og ávextir

## og sunnudag

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

*Blindfold: Blindfold, Jeffrey & Jack Lewis: City & Eastern Songs, The Tyde: Three´s Co., Adam Green: Nat King Cole og Epo-555: Mafia.*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Óvenjulegir tónleikar

Hljómsveitirnar Singapore Sling, Dr. Mister and Mr. Handsome, Auxpan og Reykjavík! eru á meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum Reykjavik in Technicolour sem verða haldnir í Tjarnarbíói annað kvöld. Standa þeir yfir frá klukkan 18.00 fram yfir miðnætti.

Á tónleikunum verða sýndar stuttmyndir og önnur myndbandsverk, meðal annars eftir listamanninn Alexander Caklinsky sem er íslenskættaður en býr í Brooklyn í New York. Verða myndirnar sýndar á sama tíma og tónlistarmennirnir koma fram. Einnig stendur til að taka upp tónleikana með fimm myndavélum og búa til DVD-mynddiska með útkomunni.



Haukur S. Magnússon úr hljómsveitinni Reykjavík! segir sveitina hlakka mikið til tónleikanna. „Þetta hljómaði mjög spennandi og við höfðum mikinn áhuga á að taka þátt,“ segir Haukur.

Ný plata með Reykjavík! er væntanleg síðar á þessu ári. Upptökur hófust í byrjun október í fyrra og verður platan tilbúin á næstu dögum. Upptökustjóri var Valgeir Sigurðsson, sem hefur meðal annars unnið mikið með Björk í gegnum árin.

„Það var alveg geðveikt að fá að vinna með honum,“ segir Haukur um Valgeir. „Honum hefur tekist að láta okkur hljóma eins og alvöru hljómsveit.“

Svo gæti farið að Reykjavík! fari í tónleikaferð út fyrir landsteinana til að fylgja plötunni eftir en það á allt eftir að koma í ljós síðar.

## > Plata vikunnar

**Jack Johnson: Curious George**



*„Fylgifiskur hinnar geysivinsælu In Between Dreams er nánast nákvæmlega eins og búast mátti við. Jack Johnson semur þó í þetta skiptið fyrir kvikmynd, en það setur engan svip á plötuna.“* BÖS

## > popptextinn

*„Without you I was broken*
*but I´d rather be broke down with you by my side.“*



Jack Johnson er í ástarsorg í laginu Broken af plötunni Curious George.

## SMS

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### I Am The Avalanche: I Am The Avalanche

Frumraun bandarísku emórokksveitarinnar I Am The Avalanche er eins óspennandi og hugsast getur. Hér er verið að vinna eftir formúlu sem er löngu orðin úrelt. BÖS

### Mary J. Blige: The Breakthrough

Sjöunda breiðskífa Mary J. Blige er í hæsta gæðaflokki þegar kemur að útvarpsvænni R&B tónlist. Ef henni hefur enn ekki verið úthlutað hásæti senunnar er kominn tími til að krýna drottninguna. BÖS

### Siggi Ármann: Music for the Addicted

Þessi önnur plata Sigga Ármanns er bæði lágstemmd og tilfinningarík og í raun fyrirtaksplástur á brothætt sálarlíf. Munið bara: innri fegurðin skiptir mestu máli. FB

### Stórsveit Nix Noltes: Orkideur Hawaii

„Stórsveit Nix Noltes á mikla athygli og ennþá meiri tónleikaaðsókn skilda fyrir þessa hressandi tónlist sem hefur þann þó neikvæða fylgikvilla að henta ótrúlega illa til hlustunar í heyrnartólum.“ BG

### The Knife: Silent Shout

„Sænski systkinadúettinn kýs að yfirgefa poppið á þriðju breiðskífu sinni og færa sig nær tormeltari og sveimkenndari tónlist. Samt nægilega sterk plata til að halda athygli aðdáenda.“ BÖS

### Cat Power: The Greatest

„Á sjöundu breiðskífu sinni er Cat Power studd af undirleikssveit Als Green. Sem fyrr gefur söngkonan hlustandanum örlítinn hluta af sálu sinni og skilar af sér afbragðs plötu.“ BÖS

Birgir Örn Steinarsson, Freyr Bjarnason, Borghildur Gunnarsdóttir.



**TRENT REZNOR** Forsprakki Nine Inch Nails er kominn í efsta sæti X-listans með lagið Every Day is Exactly the Same.

## X-LISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-INS 977**

| | |
|---|---|
| 1. | **NINE INCH NAILS** EVERY DAY IS EXACTLY THE SAME |
| 2. | **FRÆ** FREÐINN FÁVITI |
| 3. | **SYSTEM OF A DOWN** LONELY DAY |
| 4. | **RICHARD ASHCROFT** BREAK THE NIGHT WITH SILENCE |
| 5. | **DEAD SEA APPLE** BEARER OF BAD NEWS |
| 6. | **AMPOP** CLOWN |
| 7. | **BULLET FOR MY VALENTINE** ALL THESE THINGS I HATE |
| 8. | **FUTURE FUTURE** CODE CIVIL |
| 9. | **THE DARKNESS** IS IT JUST ME |
| 10. | **AVENGED SEVENFOLD** BEAST AND THE HARLOT |

# Leikfangalandið Blindfold

**Fyrsta sólóplata Birgis Hilmarssonar, söngvara og gítarleikara Ampop, kemur út á mánudaginn. Birgir gefur út undir nafninu Blindfold og heitir platan sama nafni. Freyr Bjarnason ræddi við Birgi um sólóverkefnið.**



**BIRGIR HILMARSSON** Forsprakki Ampop hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu undir listamannsnafninu Blindfold. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Platan átti upphaflega að koma út í byrjun ágúst en eitthvað dróst útgáfan á langinn og kom því fyrst út í Bretlandi og Japan. Birgir segist aldrei hafa ætlað að gefa hana út á sínum tíma en síðan hafi sprottið upp áhugi hjá plötufyrirtækinu Resonant í London, sem gaf út smáskífuna My Delusions með Ampop á síðasta ári.

„Ég hélt þessu fyrir sjálfan mig í eitt ár og sagði hvorki já né nei við þá. Ég ætlaði ekki að gera þetta og fannst þetta vera bara fyrir mig, hálfgert skúffuverkefni,“ segir Birgir. „Síðan lenti ég í því að félagarnir voru farnir að fíla þetta vel og voru að spila lögin í partíum, þannig að það var mikill félagsþrýstingur í gangi um að gefa þetta út, líka frá fólki sem ég þekkti ekki neitt,“ segir hann.

### Tónlist fyrir kærustuna

„Það er eiginlega tvenn uppspretta að þessari plötu. Ég var að gera tónlist við innsetningar, skúlptúra og ljósmyndaverk hjá kærustunni, og var hún allt frá því að vera framandi upp í að vera hversdagsleg. Svo virkaði það mjög vel. Annað lagið á plötunni og það seinasta, Þokubörnin, gerði ég fyrir „slide show“ sem hún gerði með myndum af fötluðum börnum sem hún varpaði á risaskjá,“ segir hann.

Hljómaði Þokubörnin m.a. í þáttaröðinni Allir litir hafsins eru kaldir sem var sýnd í Sjónvarpinu á dögunum ásamt öðru lagi plötunnar, Sleepless Nights. Að sögn Birgis var hin uppsprettan að plötunni sú að Óli í Stafrænum Hákoni kom og útsetti með honum nokkur lög sem síðar voru sett á plötuna.

Blindfold-platan, sem er nokkuð lík eldri verkum Ampop, hefur selst ágætlega erlendis, sérstaklega miðað við hvað plötufyrirtækið Resonant, sem meðal annars hefur á sinni könnu Stafrænan Hákon, Ölvis og Sk/um, er lítið í sniðum. Hefur hún einnig fengið góða dóma, m.a. í tímaritinu Wire. Fyrir nokkrum vikum kviknaði síðan áhugi á að gefa hana út hér heima, líklega vegna aukinna vinsælda Ampop.

### Tónleikahátíð í Skotlandi

Birgir, sem býr úti í Glasgow, býst ekki við því að fylgja plötunni eftir á Íslandi. Aftur á móti hefur Blindfold þegar haldið tónleika í Edinborg og Glasgow og hefur jafnframt verið boðið að spila á tónleikahátíð í Skotlandi í sumar. „Ég er búinn að búa til litla hljómsveit og við erum að fá mjög góðar viðtökur. Þetta verkefni er leikfangalandið mitt. Á meðan hinir í Ampop eru að vinna frá átta til fimm heima er ég að ströggla úti við að vera tónlistarmaður og er að dúlla mér í þessu á meðan. Það er svo gaman að leika sér með hljóð og gera eitthvað spennandi.“

### Ampop til Frakklands

Ampop byrjar vikulanga tónleikaferð sína um landið með Diktu og Hermigervli á Egilsstöðum í kvöld. Lýkur henni á Nasa eftir viku. Samningur við franska plötufyrirtækið Recall er jafnframt í burðarliðnum og hyggur sveitin á tónleikaferð um Frakkland í sumar.

Önnur plata Ampop, Made For Market, sem er undanfari hinnar vinsælu My Delusions sem kom út fyrir síðustu jól, verður einnig endurútgefin hér á landi á mánudaginn og því ljóst að bæði Ampop og Blindfold eru á beinu brautinni og ætla sér vafalítið að halda sér þar í framtíðinni.

# U2 frestar tónleikum

Írska hljómsveitin U2 hefur frestað síðustu tíu tónleikunum á tónleikaferð sinni um heiminn vegna veikinda náins fjölskyldumeðlims.

Ekkert verður því af tónleikum sem sveitin átti að halda í Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu í næsta mánuði. Tónleikarnir í Ástralíu áttu að vera þeir fyrstu í átta ár.

Talsmaður U2 sagði að ákvörðunin hefði verið óhjákvæmileg og tilkynnt yrði um nýjar dagsetningar á tónleikunum um leið og þær væru orðnar klárar.

Faðir söngvarans Bono, Bob Hewson, lést úr krabbameini á meðan U2 var á síðustu tónleikaferð sinni um heiminn árið 2001.



**U2** Rokksveitin U2 hefur frestað síðustu tíu tónleikunum á tónleikaferð sinni um heiminn. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Stutt er síðan U2 vann fimm Grammy-verðlaun, þar á meðal fyrir plötu ársins, How to Dismantle an Atomic Bomb sem kom út á þarsíðasta ári.

NÝR VALKOSTUR
FYRIR HEYRNARSKERTA
Heyrnartæki • Heyrnarmælingar • Sala, ráðgjöf, þjónusta



HEYRNARSTÖÐIN
3. hæð, Kringlunni • Sími 568 6811 • www.heyrnarstodin.is


Á HVAÐ ERT ÞÚ AÐ HLUSTA?
LAGIÐ 99 kr
Idolið!
...aðeins á tónlist.is
TONLIST.IS
Sæktu Idol hringitóna með Vodafone live!
símanum þínum eða á www.ogvodafone.is.
Þú getur sótt þér hringitón með öllum lögum
keppenda um leið og flutningi er lokið.
Vodafone live!
Hringitónar
Fréttir og Íþróttir
Leikir
Skemmtun

fjörið ... Fólk folk@frettabladid.is

## FULLKOMIN HELGI GUNNAR HANSSON LEIKARI

# Einn af ræningjum Matthíasar

„Við í Sigtinu erum allir að fara út að borða í kvöld í tilefni þess að þátturinn var frumsýndur í gær. Við ætlum að fá okkur einhvern góðan rétt og halda upp á tímamótin. Erum einmitt nýkomnir frá London þar sem við vorum að klára tökur en við höfum alls tekið upp átta þætti. Það kemur svo í ljós hvernig þetta gengur. Vonandi fer þetta vel í landann og þá gerum við fleiri þætti. Það kemur bara í ljós hvort fólk hefur sama húmor og við. Um helgina er ég svo að fara að leika í Ronju ræningjadóttur báða dagana. Ég leik þarna einn af Matthíasar-ræningjunum. Þetta er ofsalega falleg sýning og góður hópur, mér þykir það sérstaklega mikill heiður að fá að leika með Ladda sem ég hef litið upp til frá æsku. Ég er reyndar að fara að æfa nýtt leikrit með honum, Eggert Þorleifs og Helgu Brögu á morgun og það verður örugglega skemmtilegt. Ég ætla svo að njóta þess á kvöldin um helgina að vera í fríi og hafa það gott með kærustunni minni og börnunum mínum.

Gunnar Hansson leikari og þrír ómissandi hlutir fartölva golfsett og bíll





**SNORRI 900 9001 EÐA SMS Í 1918 IDOL 1** Lagið Fly Me to the Moon var samið árið 1954 af lagahöfundinum Bart Howard. Upphaflegur titill lagsins var reyndar „In Other Words" en varð fljótlega þekkt af upphafslínum sínum. Felicia Sanders flutti lagið fyrst en bláskjár sjálfur, Frank Sinatra, kom því á toppinn.



**RAGNHEIÐUR SARA 900 9002 EÐA SMS Í 1918 IDOL 2** Georgia (On My Mind) er einkennislag Georgiu-fylkis í Bandaríkjunum. Stuart Gorrell og Hoagy Carmichael eiga heiðurinn af laginu en það var samið handa dularfullum kvenkynsvini Gorrell sem gekk undir nafninu Georgia. Ray Charles tók lagið upp á sína arma og er flutningur hans hvað þekktastur.

# Sveiflubragur á Idol - stjörnuleitinni

Big Band, Frank Sinatra og París er meðal þess sem bryddað verður upp á í Vetrargarðinum þegar Idol - stjörnuleitin heldur áfram. Spennan magnast með hverju kvöldinu enda einungis sex keppendur sem geta orðið næsta Idol-stjarna Íslands.

Big Band-kvöldin hafa vakið mikla lukku undanfarin tvö ár enda hafa þátttakendurnir blómstrað á sviðinu. Snorri, Ragnheiður Sara, Ingó, Ína, Alexander og Bríet Sunna hafa öll valið sér þekkta standarda sem flestir geta raulað með og eiga eflaust eftir að vekja upp gamlar minningar hjá eldri kynslóðinni.

Níu meðlimir úr Stórsveit Reykjavíkur undir styrkri stjórn Samúels J. Samúelssonar „swingar" á sviðinu en hér eftir notast keppendur eingöngu við „lifandi" undirleik því hljómsveitin Ísafold hefur verið ráðin til að leggja keppendunum lið.

Sem fyrr eru Einar Bárðarson, Páll Óskar Hjálmtýsson, Sigríður Beinteinsdóttir og Bubbi Morthens í dómarasætunum en „skoðun þeirra þarf á engan hátt að endurspegla mat þjóðarinnar," eins og margoft kemur fram í útsendingu. Simmi og Jói sjá um að kynna en töluvert stór hluti þáttarins fer í sýningu á ferðasögu frá París þar sem sexmenningarnir dvöldust um síðustu helgi í góðu yfirlæti. **- fgg**



**INGÓ 900 9003 EÐA SMS Í 1918 IDOL 3** Sway var upphaflega samið á spænsku og hét þá „Quien Sera" en Pablo Beltran Ruiz á heiðurinn af því. Norman Gimbel snaraði því síðan yfir á ensku og tók stórstjarnan Dean Martin við því þar og gerði ódauðlegt. Martin afrekaði það seinna að vera með söluhærri plötu heldur en Bítlarnir sem þótti miklum tíðindum sæta.



**ALEXANDER 900 9005 EÐA SMS Í 1918 IDOL 5** Cole Porter samdi I've Got You Under My Skin en Frank Sinatra gerði það að sínu og kom því á topp tíu listann í Bandaríkjunum. Snemma á tíunda áratugnum tók írski söngvarinn Bono miklu ástfóstri við Sinatra og sungu þeir þetta lag saman. Dúettinn sló eftirminnilega í gegn en það merkilega er að þeir hittust aldrei meðan á upptökunum stóð.



**ÍNA 900 9004 EÐA SMS Í 1918 IDOL 4** Orange Colored Sky er þekkast í flutningi Nat King Cole sem heillaði heimsbyggðina upp úr skónum með sinni hljómþýðri röddu. Slátrarasonurinn lærði á píanó hjá móður sinni en hún var kirkjuorganisti eftir að faðir Cole tók við preststarfi í Chicago.



**BRÍET SUNNA 900 9006 EÐA SMS Í 1918 IDOL 6** John Davenport og Eddie Cooley settust niður og skrifuðu lagið Fever. Lagið kom fyrst út árið 1956 og var hugsað inn í þá rokk & ról bylgju sem reið yfir Bandaríkin. Little Willie John flutti það fyrst en Fever varð ekki frægt fyrir en Peggy Lee setti það í „swing"-búning og gaf út árið 1958.




OPIÐ HÚS Í WALDORF SKÓLANUM

LAUGARDAGINN 11 MARS FRÁ KL. 13-15

*Starfið byggir á uppeldisfræði Rudolfs Steiners með sköpunarkraft einstaklingsins að leiðarljósi. Listræna framsetningu og úrvinnslu námsefnis og heilbrigt félagslegt umhverfi.*

*„Sönn menntun verður að grundvallast á þekkingu á manninum. Án kærleika birtist ekki hin sanna mannþekking"*
***Rudolf Steiner***

***Waldorfskólinn Sólstafir er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-16 ára***

INNRITUN NEMENDA FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2006-2007 STENDUR YFIR

Sólstafir Waldorfskóli

HRAUNBERGI 12 • 111 REYKJAVÍK • SÍMI 577 1110

# Andlit Gianfranco Ferré

Julia Roberts hefur ekki verið mjög áberandi undanfarið ár eða svo og líklega er hún upptekin að dúllast með tvíburunum sínum. Nú virðist hún hins vegar ætla að koma aftur upp á yfirborðið eftir þessa pásu og hefur verið ráðin sem leiðandi andlit fyrir tískuhönnuðinn Gianfranco Ferré. Aðrar leikkonur sem hafa verið andlit stóru merkjanna eru til dæmis Nicole Kidman fyrir Chanel No. 5, Hilary Swank fyrir Guerlain og Gwyneth Paltrow fyrir Esteé Lauder. Sú síðastnefnda lét hafa það eftir sér að eina ástæðan fyrir því að hún lánaði andlit sitt í slíkar auglýsingar væru peningarnir. Hún hefur leyft sér að leika í þeim myndum sem vekja áhuga hennar í stað þess að láta launin ráða. Nú er spurning hvort sama sé uppi á teningnum hjá Juliu og hvort við munum þá sjá hana í einhverri lítilli „indie"-mynd á næstunni.



**JULIA ROBERTS** Hún hefur verið ráðin sem leiðandi andlit fyrir tískuhönnuðinn Gianfranco Ferré.

# Miðasala að hefjast

Miðasala á tónleika Rogers Waters, fyrrum forsprakka Pink Floyd, sem verða í Egilshöll 12. júní, hefst miðvikudaginn 15. mars.

Á fyrri hluta tónleikanna fá áheyrendur að hlýða á nýlega samantekt Waters af ýmsum lögum frá ferlinum, þar á meðal vel þekktra hljóma frá fyrstu árum Pink Floyd, hluta af The Wall, auk laga af plötunum Animals, Wish You Were Here og The Final Cut. Einnig mun hann spila lög frá sólóferli sínum af plötunum og Amused to Death og The Pros and Cons of Hitch Hiking.

Á síðari hluta tónleikanna er svo röðin komin að The Dark Side Of The Moon frá upphafi til enda en þetta verk má að sönnu kalla einn af hornsteinum rokktónlistarinnar. Auk tónlistarinnar sjálfrar fá áhorfendur að njóta vídeómynda á stórtjaldi, margvíslegra leikhústilbrigða og hljóma sem munu undirstrika þessa magnþrungnu tónlist sem berst að eyrum áhorfenda í gegnum 360° víðóma og krafmikið hljóðkerfi.

Miðasalan hefst klukkan 10.00 og fer fram á midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík og í BT á Akureyri og Selfossi. Miðaverð er 8.900 á svæði A og 7.900 á svæði B, auk miðagjalds.

Þess má geta að miðar á tónleika Roger Waters í Noregi seldust upp á aðeins 18 mínútum.



**ROGER WATERS** Fyrrverandi forsprakki Pink Floyd er á leiðinni til Íslands.



**DJ EQUAL** Hann spilar á Prikinu í kvöld og á Vegamótum á morgun.

# Heimshornaflakkari

Plötusnúðurinn DJ Equal er á leið til landsins en hann spilar einhvers konar blöndu af rokki og hipp hoppi og sér fyrir sér með því að ferðast um allan heim og spila. Hann hefur spilað með flinkum röppurum frá sautján ára aldri og hefur til dæmis deilt sviðinu með Hieroglyphics, Rob Swift, Antibalas og miklu fleiri. Equal hefur farið á tónlistarferðalag um Bandaríkin með Louis Logic og Toubab Krewe og komið fram á hinum goðsagnakennda djassstað Blue Note í New York.

DJ Equal spilar á Prikinu í kvöld ásamt DJ Kacoon og á Vegamótum á morgun ásamt DJ B-Ruff. ■



**GROOVERIDER** Plötusnúðurinn vinsæli þeytir skífum á Nasa í kvöld.

# Grooverider treður upp

Plötusnúðurinn Grooverider, sem spilaði í Laugardalshöll fyrir nokkrum árum með Björk og Goldie, þeytir skífum á Nasa í kvöld.

Grooverider er einn eftirsóttasti plötusnúður veraldar og spilar með reglulegu millibili á flottustu klúbbum London eins og Home. Hann er einnig þáttastjórnandi á BBC og er umfangsmikill plötuútgefandi.

Gestir á Nasa fá forsmekkinn af væntanlegri plötu kappans beint í æð í kvöld. Staðurinn opnar klukkan 11.00 og er miðaverð 1400 kr. auk miðagjalds. Forsala er á midi.is. ■







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4, 6 og 8 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 10 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 5.45 SÍÐUSTU SÝNINGAR |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 5.20 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |

SCREAMING QUEENS SÝND KL. 8

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 8 og 10.25 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 6 og 8 |
| PINK PANTHER | kl. 10 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Pete Doherty játaði enn og einu sinni ást sína á Kate Moss þegar hann yfirgaf réttarsalinn nýlega. „Ég elska Kate að eilífu," skrifaði hann með tússpenna innan á rúðuna á Jagúar-bíl sínum. Pete og Kate hættu saman í lok síðasta árs.



Robbie Williams vill að besti vinur hans, Jonathan Wilkes, syngi dúett með honum á tónleikaferðalagi hans um heiminn. „Robbie og Jonathan eru óaðskiljanlegir," sagði heimildarmaður The Sun. „Þeir eru mjög góðir vinir og gera allt saman. Jonathan er þjálfaður söngvari og hefur komið fram í söngleikjum."



Talsmenn Britney Spears hafa neitað sögusögnum um að stúlkan sé ófrísk á ný. Orðrómurinn komst á kreik um að Britney hefði sagt vinum sínum að hún væri ófrísk eftir að sást til hennar með óvenju mikla bumbu. Kannski er Britney á móti því að losna jafn fljótt við óléttufituna og aðrar skvísur í Hollywood hafa lagt sig fram um.



Óskarsverðlaunahafinn Emma Thompson þolir ekki hina hefðbundnu hugmynd um að gifta sig og eignast svo börn en Emma telur betra að hafa þetta öfugt. Hún giftist manni sínum árið 2003 og þá var fjögurra ára dóttir þeirra, Gaia, brúðarmær. „Gaia elskaði brúðkaupið. Þetta er stórkostlegt fyrir börn, því svona sjá þau að pabbi og mamma munu verða saman til æviloka. Stundum gengur það auðvitað ekki upp en mér finnst samt að fólk ætti að leyfa börnunum líka að njóta brúðkaupsdagsins."








**DIKTA** Rokksveitin Dikta gaf fyrir síðustu jól út plötuna Hunting for Happiness, sem hefur fengið góðar viðtökur.

# Frábærir tónleikar fyrir lítinn pening

Tónleikaferð hljómsveitanna Ampop, Dikta og Hermigervils hefst í Menntaskólanum á Egilsstöðum í kvöld.

Ferðinni lýkur síðan á Nasa þann 17. mars með beinni útsendingu á Rás 2. Þetta er í fyrsta sinn sem Rás 2 stendur fyrir tónleikaferð um landið, en áður hefur stöðin aðstoðað listamenn á borð við Jón Ólafsson, Jagúar, Bubba Morthens, Hörð Torfason og núna síðast Sign við að rokka hringinn og bera fagnaðarerindið út um allt land.

Auk þess mun Rás 2 bjóða einni efnilegri hljómsveit frá hverju sveitarfélagi sem verður heimsótt að stíga á stokk og hefja tónleikana í sínum heimabæ.

„Við vonum að fólk kunni að meta þetta og láti sjá sig. Við erum að minna á okkur og ætlum að bjóða upp á frábæra tónleika fyrir lítinn pening um allt land," segir Ólafur Páll Gunnarsson hjá Rás 2.

„Þetta er gömul hugmynd sem við ætluðum að kýla á fyrir tveimur árum. Hugmyndin var að Mugison, Brain Police og Hjálmar færu í svona ferð en við viljum meina að þessi bönd sem fara núna séu á svipuðum stað í dag og þær voru þá," segir hann. „Við lítum á þetta sem fyrstu tilraun af mörgum. Það er mikið um að hljómsveitir séu að koma hingað til Reykjavíkur frá útlöndum en það er minna um að hljómsveitir fari út á land," bætir Óli Palli við og minnir á að Rás 2 sé útvarp allra landsmanna.

- fb

**TÓNLEIKAFERÐIN:**

10. mars Menntaskólinn á Egilsstöðum (ásamt hljómsveitinni Miri).
11. mars Græni Hatturinn, Akureyri (ásamt Hvanndalsbræðrum).
12. mars Menntaskólinn á Ísafirði (ásamt Húsinu á sléttunni).
14. mars Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi (ásamt hljómsveitinni Motýl).
15. mars Ráin, Reykjanesbæ (ásamt hljómsveitinni Koju).
16. mars Bíóhöllin, Akranesi (ásamt hljómsveitinni Planc).
17. mars Nasa, Reykjavík (ásamt hljómsveitinni Vax).








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Mary Kate Olsen er byrjuð aftur með fyrrverandi kærasta sínum, David Katzenberg, og telja vinir hennar að þau muni líklega ekki hætta saman aftur. „David er brjálæðislega ástfanginn af Mary Kate og segist ekki ætla að leyfa henni að sleppa aftur,“ sagði heimildarmaður tímaritsins Star. „Hann segir hana vera ástina í lífi sínu og konuna sem hann vilji eyða ævinni með.“



Madonna segir leikferil sinn á enda. Hún hefur leikið í nokkrum myndum sem hafa ekki gengið svo vel eins og Shanghai Surprise, Swept Away og Body of Evidence. Hún er hrædd um að hennar hræðilega orðspor á þessu sviði muni eyðileggja hvaða mynd sem er. „Hvaða mynd getur lifað það af að vera dæmd til dauða frá byrjun?“ sagði Madonna. „Ég verð bara að hætta.“



Kylie Minogue hefur skrifað barnabók sem byggð er á leið hennar til frægðar og frama. Um er að ræða myndabók sem ætluð er aðdáendum hennar frá sex ára aldri. Ritstjóri bókarinnar, Jane Richardson, telur að bókin muni höfða til lítilla prinsessa um allan heim sem hafa gaman af því að klæða sig í fína kjóla og hafa gaman. Einnig inniheldur bókin jákvæð skilaboð eins og að trúa á sjálfa sig og mikilvægi vinskaps og samvinnu.



Leikarinn Daniel Craig segist aldrei hafa langað neitt sérstaklega að leika James Bond. „Ekki misskilja mig, ég vil endilega gera stórar myndir og vinna mér inn eins mikla peninga og ég mögulega get. En mig hefur aldrei langað til að leika James Bond,“ sagði Craig, sem óttast að fá skellinn ef Casino Royale verður léleg.

# Ward í fiðlutímum

Fyrirsætan Gemma Ward hefur fundið nýja leið til að slaka á og er byrjuð í fiðlutímum. Ward er nýkomin úr ferðalagi því hún sýndi á alls 55 sýningum á tískuvikunum í New York, London, Mílanó og París.

„Tónlist er frábær leið til að losa spennu úr líkamanum og gleyma sér í einhverju,“ segir hún en auk þess að sækja fiðlutíma ætlar unga fyrirsætan að prufukeyra leiklistarheiminn svolítið. Hún hefur nú þegar komið fram í stuttmynd sem er leikstýrt af hinni áströlsku Elissa Down en sú mynd kallast Pink Pyjamas.

Einnig hefur Gemma látið hafa það eftir sér að hún muni koma fram í ástralskri „indie“-mynd en tökur á henni hefjast í september.



GEMMA WARD



**HELLO NORBERT** Hljómsveitin Hello Norbert varð í öðru sæti Músíktilrauna í fyrra.

# Skráningu lokið

Skráningu er lokið í Músíktilraunir 2006. Fimmtíu sveitir hafa skráð sig til leiks og koma þær víða að, allt frá Akranesi til Reyðarfjarðar og Hvammstanga til Hafnar í Hornafirði. Á meðal hljómsveita sem taka þátt eru Bárujárn, Rökkurró, Le poulet de romance og Ministry of Foreign Affairs.

Keppnin verður haldin í Loftkastalanum í ár og því verður meira sætaframboð en áður á undankvöldunum. Yfirmaður dómnefndar er Árni Matthíasson blaðamaður.











## Erlingur snýr heim

Erlingur Þór Guðmundsson er mjög óvænt kominn aftur í Þrótt eftir skamma viðdvöl í ÍR. Heyrst hefur að ástæðan sé sú að ÍR gat ekki staðið við samninginn. Það er einnig að frétta af Þrótti að von er á tveim Króötum til reynslu. Annar er varnarmaður og hinn er miðjumaður.

**sport**
sport@frettabladid.is

EVRÓPUKEPPNIN Í HANDBOLTA: VALUR MÆTIR SVISSNESKA LIÐINU LC BRÜHL

# *Mjög erfitt verkefni framundan*

Valsstúlkur mæta um helgina svissneska liðinu LC Brühl í átta liða úrslitum Áskorendakeppni Evrópu. Fyrri leikurinn fer fram í kvöld klukkan 19.15 en hinn á morgun klukkan 14.00. Báðir fara þeir fram í Laugardalshöll.

„Ég er búinn að skoða spólu með liðinu og það virðist vera mjög sterkt, þær spila framliggjandi vörn og leggja mikið upp úr hraðaupphlaupum. Það er ljóst að við erum að fara í mjög erfitt verkefni,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, í gær.



„Við verðum að spila okkar besta leik, ná upp toppvörn og fá þannig markvörsluna í gang. Sóknarleikurinn verður að smella og tæknifeilana verðum við að halda í lágmarki,“ sagði Ágúst en svissneska liðið er fullt af landsliðsmönnum og er í toppbaráttunni í heimalandi sínu.

Valsliðið er á toppi DHL-deildar kvenna og Ágúst er bjartsýnn fyrir einvígið. „Við eigum góða möguleika á að komast áfram í fjögurra liða úrslitin. Það væri stórkostlegur árangur og liðið er fullt af sjálfstrausti og í góðu standi. Við ætlum okkur áfram en það er mjög mikilvægt að fá stuðning áhorfenda og við vonumst til þess að fylla Höllina í báðum leikjunum,“ sagði Ágúst sem telur að heimavöllurinn muni vega þungt.



„Það er sterkt að hafa náð að kaupa heimaleikinn þeirra og reyndar finnst mér það mjög skrítið þegar komið er svona langt í keppnina. Kannski eru þær of sigurvissar, ég veit það ekki en það kemur í ljós,“ sagði Ágúst sem býst við tveimur skemmtilegum og spennandi leikjum. „Þetta verður gott og skemmtilegt einvígi og ég skora á fólk að koma og sjá úrvalshandbolta um helgina,“ sagði Ágúst að lokum.

## > Gunnar Þór hrífur Berg

Hennig Berg, þjálfari Lyn í Noregi og fyrrverandi leikmaður Manchester United, er ánægður með Gunnar Þór Gunnarsson sem er á reynslu hjá félaginu. „Gunnar er ungur og efnilegur leikmaður. Hann hefur sýnt góða takta en við höfum ekki enn tekið ákvörðun um það hvort við semjum við hann,“ sagði Berg við Fréttablaðið í gær. Gunnar Þór er samningsbundinn Fram en hann hefur verið við æfingar hjá Lyn í þessari viku.





**OLGA FÆRSETH** Náði ekki að setja mark sitt á leikinn.

Vináttulandsleikur kvenna:

## England sigraði Ísland

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætti því enska í Norwich í gær. Íslenska kvennaliðinu hafði aldrei tekist að leggja það enska og engin breyting varð þar á í kvöld. England vann 1-0, en þetta var í þriðja sinn í röð sem liðið vinnur með þessari markatölu.

**Byrjunarlið Íslands**: Þóra B. Helgadóttir, Guðlaug Jónsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Ólína Guðrún Viðarsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Edda Garðarsdóttir, Olga Færseth, Dóra María Lárusdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir.

- hbg

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

2 3 4 **5** 6 7 8

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 19.15 **Valur** og **LC Brühl** mætast í 8-liða úrslitum Áskorendakeppni Evrópu.
- 20.00 **HK** og **ÍR** mætast DHL-deild karla í handbolta í Digranesi.

**SJÓNVARP**

- 12.50 **HM í frjálsum** á Rúv. Bein útsending frá Moskvu.
- 19.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur.
- 20.00 **Motorworld** á Sýn.
- 20.30 **Súperkross** á Sýn.
- 21.30 **HM í póker** á Sýn.

# Ótrúlegir yfirburðir

**Keflvíkingar eru deildarmeistarar í körfubolta eftir öruggan sigur á Njarðvík, 89-73, í hreinum úrslitaleik um titilinn. AJ Moye var maðurinn á bak við sigur Keflavíkur í leiknum en hann fór hreint á kostum.**

**KÖRFUBOLTI** Það blés ekki byrlega fyrir Íslandsmeisturunum í byrjun því Njarðvíkingar komu vel stemmdir til leiks og komust í 9-0. Gestirnir höfðu svo undirtökin í fyrsta leikhluta og höfðu yfir 19-15 eftir hann en hvað gerðist áður en annar leikhluti hófst veit líklega enginn.

Keflvíkingar fóru í allt annan ham og röðuðu niður körfunum á meðan mótlætið fór í skapið á gestunum sem skoruðu aðeins tíu stig í leikhlutanum. Keflvíkingar, með Moye fremstan í flokki, náðu góðu forskoti sem þeir voru aldrei líklegir til að láta af hendi. Njarðvíkingar slökuðu alltof mikið á og lykilmenn á borð við Jeb Ivey og Friðrik Stefánsson fundu sig engan veginn í leiknum sem leit út fyrir að vera búinn í hálfleik.

Keflvíkingar héldu uppi sömu stemningu í þriðja leikhluta og juku jafnt og þétt forskot sitt. Stemningin í húsinu var mögnuð, bæði innan sem utan vallar. Keflvíkingar voru kátir en það lýsir leiknum vel að Halldór Karlsson, fyrirliði Njarðvíkinga, var rekinn út úr húsi fyrir kjaftbrúk við litla hrifningu gestanna sem voru æfir yfir dómnum.

Staðan að loknum þriðja leikhluta var 74-38 Keflvíkingum í vil en frábær endasprettur Njarðvíkinga bjargaði andliti þeirra svo um munaði en ljóst er að liðið þarf að bæta sig verulega fyrir úrslitakeppnina.

Trommusveit Keflvíkinga var í essinu sínu og stóð dyggilega við bakið á sínum mönnum. Heimamenn þrifust áfram á stuðningnum en Njarðvíkingar fjölmenntu einnig og studdu við sitt lið. Keflvíkingar höfðu þó greinilega betur í baráttu stuðningsmannanna og voru sjötti maður heimamanna í gær.



**SJÓÐHEITUR Í SLÁTURHÚSINU** AJ Moye fór á kostum í gær og leikur hér Friðrik Stefánsson grátt einu sinni sem oftar í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Maður verður aldrei leiður á þessu. Það gekk hreinlega allt upp hjá okkur, við spiluðum frábæra vörn og liðsheildin skóp þennan sigur,“ sagði kampakátur Gunnar Einarsson, fyrirliði Keflavíkur, eftir leikinn en hann skoraði fimm stig í leiknum.

„Þetta var alveg skelfilegt. Við komum ákveðnir til leiks en svo hrynur leikur okkar bara eins og spilaborg og þetta fjaraði á endanum bara út. Úrslitin sýna það og sanna að við vorum yfirspilaðir í þessum leik. Við þurfum að taka okkur verulega á og einbeita okkur bara að næsta verkefni,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkinga, eftir leikinn en hann var mjög ósáttur við leik sinna manna.

„Þegar stemningin í húsinu er svona, þá töpum við ekkert,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflvíkinga, eftir leikinn. „Það var talað um í vetur að við værum ekki jafn sterkir og á síðasta tímabili og að Njarðvík væri með besta liðið en við vildum leiðrétta það. Rétt skal vera rétt,“ sagði Sigurður brosmildur að lokum.

**hjalti@frettabladid.is**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Iceland-Express deild karla:*

KEFLAVÍK-NJARÐVÍK 89-73

**Stig Keflavíkur:** AJ Moye 37, Magnús Gunnarsson 18, Arnar Jónsson 8, Vlad Boer 7, Jón Nordal 6, Gunnar Einarsson 5, Halldór Halldórsson 3, Þröstur Jóhannsson 2, Sverrir Þór Sverrisson 2, Elentínus Margeirsson 1.

**Stig Njarðvíkur:** Friðrik Stefánsson 18, Jeb Ivey 15, Brenton Birmingham 14, Jóhann Ólafsson 8, Halldór Karlsson 7, Ragnar Ragnarsson 6, Guðmundur Jónsson 3, Egill Jónasson 2.

FJÖLNIR-SKALLAGRÍMUR 75-84

GRINDAVÍK-KR 74-71

**Stig Grindavíkur:** Jeremiah Johnson 24, Páll Axel Vilbergsson 15, Helgi Jónas Guðfinnsson 14, Nedsad Biberovic 8, Þorleifur Ólafsson 8, Guðlaugur Eyjólfsson 3, Björn Brynjólfsson 2.

**Stig KR:** Níels Dungal 20, Ljubodrag Bogovac 14, Brynjar Þór Björnsson 12, Melvin Scott 10, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 6, Darri Hilmarsson 5, Steinar Kaldal 4.

SNÆFELL-ÞÓR 101-85

**Stig Snæfells:** Nate Brown 26, Magni Hafsteinsson 22, Igor Beljanski 15, Jón Jónsson 11, Slobodan Subasic 10, Helgi Guðmundsson 7, Sveinn Davíðsson 3, Gunnlaugur Smárason 2, Atli Hreinsson 1.

**Stig Þórs:** Hrafn Jóhannesson 30, Mario Myles 24, Helgi Margeirsson 13, Þorsteinn Húnfjörð 11, Jón Kristjánsson 4, Guðmundur Oddson 3.

ÍR-HAMAR/SELFOSS 95-87

**Stig ÍR:** Theo Dixon 26, Sveinbjörn Claessen 21, Fannar Helgason 12, Ásgeir Bachmann 11, Ómar Sævarsson 9, Elvar Guðmundsson 7, Ólafur Sigurðsson 7, Davíð Fritzson 2.

**Stig Hamar/Selfoss:** Clifton Cook 28, Svavar Pálsson 18, Friðrik Hreinsson 16, Hallgrímur Brynjólfsson 9, Friðrik Hreinsson 8, Bragi Bjarnason 6, Magnús Sigurðsson 2.

HÖTTUR-HAUKAR 61-98

**LOKASTAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | 22 | 18 | 4 | 2019:1815 | 36 |
| UMFN | 22 | 17 | 5 | 1968:1650 | 34 |
| KR | 22 | 15 | 7 | 1843:1696 | 30 |
| SKALLAGR. | 22 | 15 | 7 | 1956:1762 | 30 |
| GRINDAVÍK | 22 | 14 | 8 | 2118:1908 | 28 |
| SNÆFELL | 22 | 14 | 8 | 1842:1745 | 28 |
| ÍR | 22 | 11 | 11 | 1870:1910 | 22 |
| FJÖLNIR | 22 | 8 | 14 | 1975:2036 | 16 |
| HAMAR/SEL. | 22 | 7 | 15 | 1737:1987 | 14 |
| HAUKAR | 22 | 5 | 17 | 1810:1906 | 10 |
| ÞÓR A. | 22 | 5 | 17 | 1753:1936 | 10 |
| HÖTTUR | 22 | 3 | 19 | 1654:2194 | 6 |

## ÚR SPORTINU

Stólpakjafturinn Robbie Savage hefur nú rofið þögnina og gagnrýnt John Toschak, þjálfara velska landsliðsins, á ný. Savage, sem lýsti því yfir í september að hann myndi ekki spila aftur fyrir þjóð sína á meðan hún væri undir stjórn Toschak, segir að frammistaða hans með Blackburn sanni að hann verðskuldi sæti í landsliðinu. „Það er mjög einfalt. Sumir hafa kallað mig svikara en ég hætti vegna þess að Toschak sagði að ég væri ekki nógu góður.“

Bruce Buck, stjórnarmaður Chelsea, segir að Jose Mourinho sé yndisleg persóna og segir að sú ímynd sem hann hafi náð að skapa sér upp á síðkastið með vægðarlausum ummælum lýsi alls ekki hans innri manni. Almenningsálitið á Mourinho hefur farið hrakandi upp á síðkastið og vilja margir meina að hrokafyllri stjóri sé ekki til. En Buck segir Mourinho einfaldlega hafa sinn stíl.

Eigendur, stjórnarmenn og leikmenn liða í NFL-deildinni í Bandaríkjunum hafa komist að samkomulagi um að hækka launaþak deildarinnar. Sameiginlega launaþakið mun fara úr 94,5 milljónum dollara í 102 milljónir fyrir næsta tímabil og síðan í 109 milljónir dollara fyrir tímabilið 2007.




Meistaradeild Evrópu:

## Dregið í átta liða úrslit í dag

**FÓTBOLTI** Í hádeginu í dag verður dregið í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar en níu lið frá sex löndum verða í pottinum. Í næstu viku ræðst það hvort Inter Milan eða Ajax fylgja í fótspor hinna sjö liðanna sem tryggðu sér þátttökurétt í átta liða úrslitunum.

Nýir Evrópumeistarar verða krýndir þann 17. maí eftir að Benfica sló Liverpool úr keppninni á miðvikudaginn en á morgun verður einnig kynntur nýr bikar sem verður verðlaunagripur Meistaradeildarinnar næstu árin. Liverpool varð Evrópumeistari í fimmta sinn í fyrra og fékk bikarinn því til eignar.

„Það skiptir engu máli hvaða liði við mætum. Það getur allt gerst í Meistaradeildinni og öll liðin sem eru eftir eru sterk. Ég vil kannski helst forðast Inter Milan. Það er skemmtilegra að mæta erlendum liðum,“ sagði Carlo Ancelotti þjálfari AC Milan.



**NÝR BIKAR** Nýr bikar verður kynntur til sögunnar í dag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**LIÐIN Í POTTINUM:**

**AC MILAN (ÍTALÍA)**
AJAX/INTER (HOLLAND/ÍTALÍA)
**ARSENAL (ENGLAND)**
BARCELONA (SPÁNN)
**BENFICA (PORTÚGAL)**
JUVENTUS (ÍTALÍA)
**LYON (FRAKKLAND)**
VILLAREAL (SPÁNN)

Varnarmaðurinn Pétur Marteinsson í ítarlegu viðtali við Aftonbladet í Svíþjóð:

# „Pétur hinn stóri“ er snúinn aftur



**PÉTUR MARTEINSSON** Hefur vakið mikla athygli í Svíþjóð þar sem hann hefur leikið við góðan orðstýr. Pétur kom til Hammarby frá Stoke sumarið 2003.

**FÓTBOLTI** Stórt viðtal við Pétur Marteinsson birtist í sænska dagblaðinu Aftonbladet í gær í tilefni af endurkomu hans í lið Hammarby eftir rúmlega hálfs árs legu á hliðarlínunni vegna meiðsla sem hann hlaut í landsleik gegn Ungverjum í sumar. Pétri er hrósað í hástert í viðtalinu og uppnefndur „Pétur hinn stóri“ af blaðamanninum. „Keisarinn í vörn Hammarby er loksins snúinn aftur,“ segir meðal annars í upphafsorðum viðtalsins.

Í viðtalinu segir Pétur meðal annars frá því hvernig Hammarby sé það félag sem hann beri sterkustu tilfinningarnar til af öllum þeim sem hann hefur leikið með á ferlinum. Hann kveðst hafa verið staðráðinn því að koma sterkari til baka eftir ökklabrotið sem hann varð fyrir síðasta sumar og ýmsir sögðu að myndu hugsanlega binda enda á feril hans.

„Ég byrjaði strax í endurhæfingu og náði að jafna mig á mettíma. Ég hef aldrei æft jafnmikið og á síðustu mánuðum,“ segir Pétur, sem kom fyrst til Hammarby frá Fram árið 1996. Þaðan fór hann til Stabæk í Noregi og síðar Stoke í Englandi áður en hann sneri aftur til Hammarby fyrir tveimur árum. „Félagið hefur alltaf skipað sérstakan sess í hjarta mínu,“ segir Pétur í viðtalinu. „Áður en ég kom fyrst til félagsins vissi ég lítið um það og hringdi því til Arnórs Guðjohnsen og Rúnars Kristinssonar sem höfðu spilað í Svíþjóð. Þeir sögðu mér að Hammarby væri gott félag og ég sló til. Og ég sé ekki eftir því,“ segir hann.

Pétur hefur um árabil verið talinn í hópi bestu varnarmanna sænsku úrvalsdeildarinnar og sýnir viðtalið í Aftonbladet glögglega í hversu miklum metum hann er í Svíþjóð.

- vig


NÚ GETUR ÞÚ UNNIÐ
MAGNAÐAR MINNINGAR




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

TIPPAÐU Á ENSKA BOLTANN UM HELGINA OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FERÐ FYRIR TVO Á LEIK BARCELONA OG REAL MADRID 2. APRÍL NK.*

1X2 WWW.1X2.IS

Kauptu miða á netinu eða á næsta sölustað fyrir kl. 14 á laugardag – aðeins10 krónur röðin og mundu að geyma miðann!

Við tippum!

Nafn vinningshafa eða raðnúmer á sölukvittun verður birt á 1x2.is

*Innifalið er flug og gisting í Barcelona 3 nætur og að sjálfsögðu miðar á leikinn.



Fínir bílar




**RENAULT MEGANE ST Dísel**
Nýskr. 01.2005,
5 dyra, bsk., ekinn 27 þ.
Eldsneytisnotkun 5,2 l/100km




**LAND ROVER RANGE ROVER**
Nýskr. 09.1999, 4600cc.HSE
5 dyra, sjsk., ekinn 114 þ.




**HYUNDAI TUCSON dísel**
Nýskr. 10.2004, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 15 þ.




**TOYOTA LEXUS RX300**
Nýskr. 10.2002, 3000cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 69 þ.




**REXTON Dísel**
Nýskr. 08.2004, 2700cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 18 þ.




**TOYOTA RAV4**
Nýskr. 06.2004, 1800 cc.
5 dyra, bsk., ekinn 25 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Um, waiter, there's a bug in my snot.“**

**Svar:** Darlene Davis úr kvikmyndinni Brokedown Palace árið 1999.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON ER DÁLÍTIÐ LENGI AÐ TAKA VIÐ SÉR

# *Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa*

Vinkona mín flutti til Þýskalands síðasta haust. Þegar hún kom aftur heim í jólafrí hafði átt sér stað lítil bylting í íslenskum fjölmiðlum: Nýja fréttastofan – NFS – var komin til sögunnar. „Hvað er þetta NFS?“ spurði hún mig. „NFS er ný og metnaðarfull sjónvarpsstöð sem mér skilst að leggi áherslu á að flytja fréttatengt efni allan daginn og leitast við að dýpka umræðuna og bregða ljósi á allar hliðar málsins. Ekki bara ítarlegt, heldur líka djúpt,“ svaraði ég að bragði.

Þetta hljómaði vel í eyrum vinkonu minnar, enda er hún afskaplega meðvituð um sitt nánasta umhverfi. Oft hafði hún sótbölvað því hversu grunn íslensk þjóðfélagsumræða gat verið og haldið langar ræður um hvað fjölmiðlar gætu gert til að kippa þessum málum í liðinn. Ef þeir gerðu bara eins og í útlöndum. Nú var lag!

„Eigum við ekki bara að kveikja á tækinu og sjá,“ sagði ég – allt að því hróðugur, eins og ég ætti einhvern þátt í því að framsýnir og metnaðarfullir menn settu heila fréttastöð á laggirnar. Ég ýtti á takkann og bjóst við að vera færður heim í sanninn um kvótakerfið, olíusamráðið eða málverkafölsunarmálið. Nú myndi hrikta í stoðum samfélagsins. Í staðinn birtist Ingvi Hrafn Jónsson á skjánum og var í óðaönn við að herma eftir Agnesi Bragadóttur. „Já, þetta er ábyggilega bara svona innfyllling,“ sagði ég hálf skömmustulegur við vinkonu mína – eins og það væri einhvern veginn mér að kenna að Ingvi Hrafn Jónsson væri að herma eftir Agnesi Bragadóttir á NFS. „Það kemur eitthvað svakalegt á eftir,“ lofaði ég.



**HRAFNAÞING** Ég og vinkona mín vorum dálítið skeptísk í fyrstu.

Næst þegar ég kveikti birtust tveir skeggjaðir karlar sem voru að tala um Kalíningrad og hálku. „Bhhö...ah...hérna...sko...“ stundi ég ráðþrota, áður en augu mín opnuðust og sannleikurinn rann upp fyrir mér: Þetta er nefnilega frábært sjónvarp!



▶ **20.10** *Börn*

LATIBÆR



▶ **20.30** *Keppni*

IDOL – STJÖRNULEIT



▶ **22.00** *Raunveruleiki*

IDOL EXTRA LIVE



▶ **20.00** *Drama*

ONE TREE HILL



▶ **20.00** *Bílar*

MOTORWORLD

## SJÓNVARPIÐ

**12.50** HM í frjálsum íþróttum innanhúss **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (25:26) **18.25** Dalabræður (7:12)

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn.
**20.40 Disneymyndin – Símaat** (Stuck in the Suburbs) Bandarísk gamanmynd frá 2004 um tvær unglingsstelpur sem gera poppstjörnu lífið leitt með hrekkjum.
**22.00 Safnarinn** (Kiss the Girls) Lögreglumaðurinn Alex Cross leitar að raðmorðingja og fær hjálp frá einu konunni sem hefur sloppið lifandi úr klóm þrjótsins. Stranglega bönnuð börnum.

**23.55** Charlotte Grey (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** The Comeback **13.55** Joey **14.15** Curb Your Enthusiasm **14.45** The Only Way To Go **15.35** Night Court **16.00** Kringlukast **16.25** Skrímslaspilið **16.45** Scooby Doo **17.10** Litlu vélmennin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Simpsons (9:21)** (Simpson-fjölskyldan) (Pranksta Rap)
▶ **20.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 7) Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni. Sex keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr hverjir komast áfram með símakosningu.
**22.00 Punk'd (14:16)** (Gómaður) Ashton Kutcher hrekkir þau Adrien Brody, Milu Kunis og Lisu Leslie í kvöld.
**22.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 7 – atkvæðagreiðsla) Úrslit símakosningar.

**23.00** Listen Up **23.25** Point of Origin (Str. b. börnum) **0.50** Last Run (Str. b. börnum) **2.25** All Over the Guy (Str. b. börnum) **4.00** Punk'd **4.25** Simpsons **4.50** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Sirkus RVK (e)**
**20.30 Kallarnir (e)**
**21.00 Splash TV 2006 (e)**
**21.30 Idol extra 2005/2006 (e)** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
▶ **22.00 Idol extra Live** Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svavar Örn fer með okkur á bakvið tjöldin á meðan þjóðin kýs sitt uppáhald.
**22.30 Supernatural (4:22) (e)** (Phantom Traveler) Dean fær hringingu frá vini sínum þegar flugvél hrapar á dularfullan hátt. Dean og Sam ákveða að kíkja nánar á málið. Bönnuð börnum.

**23.15** X-Files (e) **0.00** Laguna Beach (12:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**14.50** Ripley's Believe it or not! (e) **15.35** Game tíví (e) **16.05** Dr. 90210 (e) **16.35** Upphitun **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Everybody loves Raymond (e)**
▶ **20.00 One Tree Hill – Ný þáttaröð!** Ungstirnið Chad Michael Murray fer með aðalhlutverk í þessum dramatísku unglinga- og fjölskylduþáttum. Þættirnir gefa trúverðuga mynd af lífi og samskiptum nokkurra ungmenna í bænum One Tree Hill, þar sem stormasamt samband hálfbræðranna og fjandvinanna Nathans og Lucasar er rauður þráður.
**20.50 Stargate SG-1**
**21.40 Ripley's Believe it or not!**
**22.30 Worst Case Scenario** Frábærir þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum.

**23.15** Celebrities Uncensored **0.00** Sigtið (e) **0.30** Strange (e) **1.30** Law & Order: Trial by Jury (e) **2.15** The Bachelor VI (e) **3.00** Sex Inspectors (e) **3.35** Tvöfaldur Jay Leno (e) **5.05** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

besta sætið

**16.20** UEFA Champions League (Middlesbrough – Roma) **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 US PGA 2005 – Inside the PGA T**
**19.00 Gillette World Sport 2006** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**19.30 UEFA Champions League**
▶ **20.00 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**20.25 Súpersport 2006** Supersport er ferskur þáttur sem sýnir jaðarsportið og háska frá öðrumsjónarhornum en vant er.
**20.30 World Supercross GP 2005-06** (RCA Dome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**21.30 World Poker** (Heimsmeistarakeppnin í Póker)(World Poker Tour 3)
**23.00** Intersport-deildin (Snæfell – Keflavík)

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Sounder **8.00** Marine Life **10.00** Loch Ness **12.00** The Fourth Angel (Stranglega bönnuð börnum) **14.00** Sounder **16.00** Marine Life **18.00** Loch Ness **20.00 The Fourth Angel** Blaðamaðurinn Jack Elginer er drifinn áfram af hefndarþorsta. Stranglega bönnuð börnum. **22.00 Freaky Friday** Stórskemmtileg endurgerð á sígildri Disney-mynd með unglingastjörnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki. **0.00** Charlie's Angels: Full Throttle (B. börnum) **2.00** Identity (Str. b. börnum) **4.00** Freaky Friday

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Most Awesome Moments in... **15.00** 101 Most Awesome Moments in... **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** 101 Most Awesome Moments in... **18.00** Gastineau Girls **18.30** Gastineau Girls **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** Awards Fashion Police **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Supermodels Gone Bad **2.00** Awards Fashion Police

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Newcastle – Bolton frá 04.03 **16.00** Aston Villa – Portsmouth frá 04.03 **18.00** WBA – Chelsea frá 04.03

**20.00 Upphitun**

**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.30 Tottenham – Blackburn frá 04.03**

**23.30** Upphitun (e) **0.00** Man. City – Sunderland frá 04.03 **2.00** Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

og vodafone
Heyrumst!

Idol

Coke gefur tóninn

18 MANNA STÓRSVEIT LEIKUR Á SVIÐINU Í VETRARGARÐINUM

HVER FER HEIM Í KVÖLD?

Idol-Stjörnuleit í beinni útsendingu – í kvöld kl. 20:30



# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

## Idol - stjörnuleit **Stöð 2**, kl. 20.30

### *Sveiflan tekur völdin í Idol - stjörnuleit*

Klassísk sveiflulög verða í aðalhlutverki í sjöunda úrslitaþætti Idol - stjörnuleitar – Big Band-þættinum – sem sýndur verður í beinni útsendingu frá Smáralind á Stöð 2 í kvöld kl. 20.30. Sambærilegur úrslitaþáttur sló rækilega í gegn í síðustu Idol - stjörnuleit og var það ekki hvað síst að þakka stórsveitinni sem lék undir. Má fastlega gera ráð fyrir að sama verði upp á teningnum í kvöld þegar nítján félagar úr Stórsveit Reykjavíkur munu leika af sinni alkunnu snilld undir flutningi hinna sex Idol-keppenda sem eftir eru á klassískum sveiflulögum. Óhætt er að álykta að hér muni fyrst fyrir alvöru reyna á fjölhæfni keppenda enda sannarlega ekki á færi allra að syngja svona stór og mikil lög – svo vel sé. Sú samstarfshæfni mun einmitt vega þungt í þáttunum sem eftir eru því búið er að ráða hljómsveitina Ísafold til að leika undir í þeim þáttum sem eftir eru – að undanskildum Big Band-þættinum.

*Alexander, Ína, Ingó, Ragnheiður Sara, Bríet og Snorri. Hver dettur út í kvöld?*



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | | | | |
| | 7 | 2 | | 6 | | 1 | 4 | |
| | 1 | 8 | | 9 | | | | |
| 5 | | 4 | 8 | | | | | |
| | 9 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 9 | 5 | | 6 |
| | | | | 1 | | 9 | 5 | |
| | 3 | 7 | | 8 | | 4 | 6 | |
| | | | | 7 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 8 | 4 | 9 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 7 | 4 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 2 |



**11.00**
*Fréttir*

FRÉTTAVIKAN

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.00** Fréttavikan

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(Murder In The Hamptons) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

**19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sögumenn: Ég fann lyktina af kaffinu **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying





MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



## HRÓSIÐ

*...fær Sigurpáll Jóhannesson einkaþjálfari fyrir að píska fólk áfram á nýjum Extreme-námskeiðum í World Class.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR ÆTLAR AÐ FLÝTA SÉR Í FJÖRIÐ!

# *Með heilsuna að leiðarljósi*

Ég fór að velta því fyrir mér um daginn hvað fólk er orðið svakalega meðvitað og upptekið af heilsunni. Þó þannig að það er aðallega upptekið af því að hreyfa sig frekar en að hugsa um hvað það setur ofan í sig. Fólk virðist vera alveg jafn duglegt að djamma og vinna eins og brjálæðingar en einhvern veginn hafa allir tíma til að skreppa í ræktina eftir vinnu. Þegar ég fór að hrósa vinkonum mínum fyrir dugnaðinn í ræktinni og spyrjast fyrir um hvað hafi eiginlega valdið þessari róttæku breytingu þeirra á lífsmynstri og þessum skyndilega áhuga á hreyfingu, fékk ég ansi fyndin svör. Þær sögðu mér hvað málið snerist um. Það var ekki spurningin um að þær hefðu fengið hugljómun eða vildu halda púlsinum á góðu róli heldur var þetta spurning um að hitta menn. Einhvern veginn snýst alltaf allt um að hitta menn. Það er sorglegt en lífsnauðsynlegt, það er að segja þegar maður er einhleypur.

Eftir því sem þessar stúlkur segja mér þá er aðal málið þessa dagana að skreppa í ræktina eftir vinnu, þá nefna þær flestar Laugar í þessu samhengi, til að kíkja á liðið. Þá er það víst þannig að þær smella sér í sexý spandex-galla, halda gæðum andlitsmálningarinnar í toppi og henda sér á „stairmasterinn". Tryllitækið er þó sett á lægsta hraða til að þær roðni örugglega ekki í framan og að ekki spretti fram á ennið einn einasti svitadropi. Svo inn á milli stökkva þær að vatnskælinum til að fá sér vatnsdreytil og hressa sig við og spjalla við strákana sem eru líka að fá sér sopa. Á leiðinni til baka gjóa þær svo augunum að gæjunum sem eru að pumpa og tékka hvað þeir taka í bekkpressu. Að sjálfsögðu nýta strákarnir sér að sama skapi tækifærið og kíkja á bossana á stelpunum á stigavélunum.

Að því er virðist, virkar þessi félagsmiðstöð sem alhliða deitmiðstöð fyrir einhleypingana. Ég hef allavega heyrt af fjölmörgum stefnumótum sem áttu upphaf sitt við vatnskælinn þar sem fólk slökkti þorstann og vonaðist eftir að geta slökkt annars konar þorsta í framhaldinu.

Ég ætla reyndar að viðurkenna það að mér finnst þetta stórsniðugt. Flestum okkar finnst örlítið súrara að finna makann á djamminu heldur en t.d. í vinnunni eða í vinahópnum. Nú hefur bæst við enn önnur leiðin til að kynnast fólki á algerlega ósveittan hátt, já eða mjög sveittan, og mögulega finna eitt stykki förunaut í framhaldinu. Svo er líka tilvalið að bæta heilsuna í leiðinni! Með þessa nýju vitneskju í farteskinu ætla ég að bruna inn í Laugardal, kaupa mér kort í ræktinni og spandex-galla, setja á mig glossinn og skella mér svo á stigavélina!





**LÁRÉTT**
**2** atlaga **6** í röð **8** struns **9** spil **11** hætta **12** mest **14** slappi **16** tónlistarmaður **17** niður **18** rekkja **20** tveir eins **21** óska.

**LÓÐRÉTT**
**1** flagg **3** guð **4** aðgætinn **5** hallandi **7** bílskýli **10** hár **13** flan **15** sjá eftir **16** knæpa **19** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 árás, 6 áb, 8 ark, 9 níu, 11 vá, 12 allra, 14 slaki, 16 kk, 17 suð, 18 rúm, 20 rr, 21 árna.
**LÓÐRÉTT:** 1 fána, 3 ra, 4 árvakur, 5 ská, 7 bílskúr, 10 ull, 13 ras, 15 iðra, 16 krá, 19 mn.

## [ VEISTU SVARIÐ? ]

1 Borgarnesi
2 Á vefnum bakkafjörður.is
3 Barein

## SIGURGEIR SIGURJÓNSSON: ÆVINTÝRAFERÐ Í ARGENTÍNU

# Ætlar að sjá leik Boca og River Plate

Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndari hefur verið í Argentínu síðastliðna þrjá mánuði ásamt eiginkonu sinni, Helgu Gísladóttur, og Sæmundi Norðfjörð. Mörgum er eflaust í fersku minni kvikmyndin Mótorhjóladagbækurnar sem fjallaði um ferð Che Guevara og vinar hans, Alberto Granado, um Suður-Ameríku en í þeirri ferð varð Guevara ljóst að frelsa þyrfti álfuna undan misréttinu sem þjakaði íbúana og hóf í kjölfarið kommúníska byltingu. Hvort ljósmyndarinn Sigurgeir hafi slíkt í hyggju skal ósagt látið en myndavélin er auðvitað með í för. Fyrir fjórum árum gaf Sigurgeir út bókina Lost in Iceland sem er margföld metsölubók og þykir fanga náttúru Íslands á einstakan hátt en það er ljóst að myndefnið er ekkert síðra í Argentínu þó að Sigurgeir vilji ekki gefa mikið uppi um væntanlega útgáfu.



**NAUT REKIN Í ARGENTÍNU** Eitt af einkennum landsins eru nautin.

Þremenningarnir hafa verið á ferðalagi frá lok desember og ferðast um landið þvert og endilangt. Lokasprettuinn er framundan en Sigurgeir reiknaði með að þau kæmu aftur í haust. Ferðin hefur gengið mjög vel og hópurinn hefur ekki orðið fyrir neinum skakkaföllum. „Við erum á leiðinni til Patagoníu," segir Sigurgeir en þau hafa verið með svokallaðan „location manager" sem aðstoðar þau við að finna „réttu" staðina sem Sigurgeir telur nauðsynlegt þegar ferðast er um ókunnug lönd. „Hann gegndi svipaðri stöðu við gerð myndanna Mission og Seven Days in Tibet," bætir ljósmyndarinn við.

Argentína, sem margir tengja við nautakjöt, hesta og knattspyrnugoðið Maradona, er áttunda stærsta land heims, tæpir 6.000 km á lengdina. „Það sem heillaði fyrst við landið er að það eru svo miklar andstæður í bæði þjóðlífinu og landslagi," segir Sigurgeir og bætir við að það minni því um margt á Ísland hvað fjölbreytileika varðar.

Í dag kemst hópurinn í tæri við hin „trúarbrögð" landsins en þá fara þau á leik erkifjendanna Boca Juniors og River Plate. Liðin eru bæði með aðsetur í höfuðborginni Búenos Aíres og það má oft litlu muna að upp úr sjóði í þeim mikla bardaga. „Við erum með blaðamannapassa og getum því fangað stemninguna á vellinum," segir Sigurgeir. Þau eru væntanleg til landsins á næstu vikum og þá á ætti að skýrast hvort landsmenn geti fengið að sjá þessa mikla ferðasögu í náinni framtíð.

freyrgigja@frettabladid.is



**SIGURGEIR SIGURJÓNSSON** Hefur verið á þriggja mánaða ferðalagi um Argentínu með myndavélina sína og verður viðstaddur stærsta knattspyrnuleikinn þar í landi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

allt atvinna
Alla sunnudaga

SKÖTUSELUR
HUMAR
TÚNFISKUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Ný veðurfréttakona á NFS

Glöggir áhorfendur NFS og Stöð 2 hafa tekið eftir nýju andliti meðal veðurfréttamanna en það er Sigríður Ólafsdóttir. Hún var á vakt þegar Fréttablaðið náði tali af henni og var nokkuð hress enda veðrið með hreinum ágætum. Hún kláraði jarð- og landafræði og leggur stund á meistaranám í umhverfisfræðum. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún komið víða við, verið menntaskólakennari, flugfreyja og leiðsögumaður. Þá er hún nýkomin heim úr tveggja vikna skútusiglingu um Karíbahafið með kærasta sínum og barni. „Aldur er afstæður," segir Sigríður og hlær.

Aðspurð af hverju veðurfréttir segist hún alla tíð hafa verið samræðuhæf um veður og námið sé nátengt þessu aðaláhugamáli Íslendinga. „Ég er reyndar „bara" veðurfréttakona en gæti bætt veðurfræðinni við seinna meir," segir Sigríður, glöð í bragði. Mörgum er það hulin ráðgáta hvernig veðurfréttamenn geta þulið upp úr sér spár langt fram í tímann en Sigríður segir starfið ekki vera ólíkt leikarastarfinu. „Við leggjum mikið á minnið og þurfum að vera góð að lesa í veðrið," segir hún og bætir við að hún sé enn að venjast því að standa fyrir framan myndavélarnar án landakorts og texta.

Veðrið skiptir Íslendinga miklu máli og þeir hefja varla samræður án þess að veðrið beri á góma. Sigríður segir landa sína þó enn ekki vera farna að stoppa hana úti á götu og kvarta yfir slagviðri eða roki. „Í góðu veðri erum við óskaplega glöð en þegar leiðindin í janúar og febrúar eru sem mest leggst það þungt á þjóðarsálina," segir Sigríður og hlær. „Ábyrgðin er því mikil að flytja veðurfréttir; gefa fólki von en samt ekki of miklar væntingar," segir Sigríður.

- fgg



**SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR** Nýi veðurfréttamaðurinn á NFS og Stöð 2 hefur slegið í gegn á skjánum en hún hefur komið víða við þrátt fyrir ungan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN




ENNEMM / SÍA / NM20390

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000







BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

# *Ó guð vors lands*

Í Atómstöðinni eftir Halldór Laxness lofar forsætisráðherrann þrisvar af svölum Alþingishússins að selja ekki landið. Svo fer hann á fyllerí og segir meðal annars: Afhverju ég vil selja landið? Af því samviska mín býður mér það. Hvað er Ísland fyrir íslendinga? Ekkert. Smáríki - skítur... Ég vil selja mitt land, alt fyrir þetta eina. Þeir mega draga mig á hárinu um allan bæinn... Þó þeir fleingi mig opinberlega á Austurvelli og fleygi mér til andskotans útúr ríkisstjórninni þá skal ég samt selja mitt land.

**LOFORÐ** og svik ráðherrans snúast um það hvort leyfa eigi herstöð á Íslandi. Ugla horfir á ósköpin og þegar ráðherrann hefur velt við glösum, staðið upp og sperrt sig, segir hún að maðurinn sé í raun og veru svo drukkinn að ekkert sé eftir af honum nema innsta eðlið.

**SVO** kom herinn til Íslands, bæði í sögunni og í raunveruleikanum. Tyllti sér á Reykjanesið og opnaði þar sína sjoppu með tilheyrandi útgjöldum sem komu sér til góða fyrir ríkiskassann. Í dag er herstöðin á Miðnesheiði fjárhagslegur baggi á bandarískum stjórnvöldum. Þau vilja út. En þá bregður svo við að íslenskt æðstaráð gengur ítrekað á fund sendiherra, utanríkisráðherra og forseta þess ríkis eins og betlikerling og grátbiður það vera.

**ÞETTA** sama æðstaráð þarf ekki einu sinni að vera drukkið til að selja landið ef því sýnist. Innsta eðlið svo nakið. Það kom sér í ríkisstjórn til að losa okkur við landið, þetta smáríki - skít. Forsætisráðherra okkar tíma segir í sjónvarpsviðtali að álvaldið í útlöndum, sem þegar hefur hreiðrað um sig hér, segist fara ef það fái ekki meira land, en það sé ekki hótun. Hvað á maðurinn að segja? Ekki vill hann að þjóðin sjái að raunverulega valdið liggur ekki lengur hjá honum. En þjóðin sér það nú samt. Sér þar fyrstu merki þess að íslenskt æðstaráð þurfi nú að slípa betlistafinn vel til að ganga á fund áltröllanna í framtíðinni. Það verður auðvitað vandi þeirra sem landið erfa, vandi þeirrar framtíðar sem mun ekki skilja bofs í þeirri fegurð landsins sem skáldin okkar hafa keppst um að lofa. Sú fegurð mun virka eins og hver önnur skynvilla, blekking.

**OG** nú er Árni litli hættur að vera ráðherra af persónulegum ástæðum og farinn til Íslandsbanka. Það ætla ég að vona að Guð vors lands gefi að hann lendi ekki í því að sjá um boxið sem útdeilir peningum til stóriðjuframkvæmda. Bara svona af þeim persónulegu ástæðum að hann á ung börn. Hvað er persónulegra en það?


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


